

# **Menningarminjar í Grindavíkurkaupstað**

Svæðisskráning

*Orrí Vésteinsson*




**Fornleifastofnun Íslands**

**FS157-01191**

**Reykjavík**

**2001**



© *Fornleifastofnun Íslands*  
*Bárugötu 3*  
*101 Reykjavík*

*Sími: 551 1033*  
*Fax: 551 1047*  
*Netfang: fsi@instarch.is*

## *Efnisyfirlit*

1. Inngangur	4
1.1. Um fornleifaskráningu	4
1.2. Um svæðisskráningu	6
1.3. Fornleifakönnun í Grindavík	9
2. Fornleifaskrá Grindavíkurkaupstaðar	11
Krýsuvík	11
Ísólfsskáli	22
Hraun	26
Þorkötlustaðahverfi	32
Hóp	37
Járngerðarstaðahverfi	40
Húsatóftir	49
Staðarhverfi	56
3. Niðurstöður	65
3.1. Helstu tegundir menningarminja og ástand þeirra	65
3.2. Verndun og kynning minja í Grindavíkurkaupstað	67
4. Heimildaskrá	70

## 1. Inngangur

Í nóvember 2001 var gerð svæðisskráningu fornleifa fyrir Grindavíkurkaupstað. Unnið er að gerð aðalskipulags fyrir Grindavíkurkaupstað og var ákveðið að gera heimildakönnun um fornleifar innan marka sveitarfélagsins sem hægt væri að styðjast við við lokagerð skipulagstillögunnar. Alls voru skráðar upplýsingar um 311 fornleifastaði í Grindavíkurkaupstað. Skráningin er gerð að ósk Grindavíkurkaupstaðar. Valdís Bjarnadóttir arkitekt og Gunnar Ingi Ragnarsson verkfræðingur á vinnustofunni Þverá eru ráðgjafar við skipulagsgerðina og létu í téð kort sem stuðst var við við svæðisskráninguna.

Svæðisskráningin var gerð af Guðrúnu Öldu Gunnarsdóttur og Orra Vésteinssyni fornleifafraeðingi á Fornleifastofnun Íslands.

*1.1. Um fornleifaskráningu.* Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenska fornleifafélags, einkum og sér í lagi staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrir en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum síðan eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning. Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmiskonar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna. Slík heimildakönnun er nauðsynlegur undirbúningur undir vettvangsathuganir en hún getur líka skilað sjálfstæðum niðurstöðum. Nægilegar heimildir eru til, til að gefa grófa mynd af fjölda, eðli og ástandi minja á ákveðnum svæðum og skipuleg heimildaúttekt í því skyni getur komið að gagni við skipulagsgerð jafnt sem minjavernd og rannsóknir. Af þessum ástæðum hefur Fornleifastofnun Íslands á undanförunum árum unnið að þróun aðferða við fornleifaskráningu sem fela í sér að skráningunni er skipt þrjú afmörkuð stig og eru þar höfð til viðmiðunar hin þrjú stig skipulagsvinnu. Svæðisskráning er gerð fyrir svæðisskipulagsgerð, aðalskráning fyrir aðalskipulagsgerð og deiliskráning fyrir deiliskipulagsgerð. Svæðisskráning felst í öflun

heimilda um fornleifar á viðkomandi skipulagssvæði og söfnun gagna sem gefa margvíslegar vísbendingar um menningarminjar. Markmið svæðisskráningar er að gefa heildaryfirlit um ástand og eðli menningarminja á skipulagssvæðinu, finna og skilgreina svæði og staði sem eru sérstaklega athyglisverðir eða í sérstakri hættu og vera undirbúningur undir aðalskráningu fornleifa. Aðalskráning felst í vettvangsvinnu og miðar að því að staðsetja og kortleggja einstaka minjastaði og lýsa þeim á skipulagðan hátt. Deiliskráning er síðan nákvæmari úttekt á litlu svæði og er unnin samhliða áætlanagerð um endanlega ráðstöfun jarðnaðis.

Að auki má minna á að mat á því hvað teljast markverðar fornleifar hefur lengst af tekið mið af sögu lands og þjóðar í heild. Minni gaumur hefur verið gefinn að sérkennum ákveðinna svæða og fornleifum sem eru markverðar í samhengi héraðssögu. Af þessum ástæðum er eðlilegt að fornleifaskráning sé unnin í nánú samstarfi við sveitarstjórnir og stofnanir þeirra, með hliðsjón af þörfum þeirra.

Hér á eftir verður gerð rein fyrir þeirri aðferðafræði sem liggur að baki svæðisskráningu fornleifa. Hér er þó greint stuttlega frá þeim skilgreiningum sem lagðar eru til grundvallar við fornleifaskráningu. Í 9. grein þjóðminjalaga er þessi skilgreining:

Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum og öskuhaugum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum;
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;
- i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar,

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð

eða álagablettir. Þessari víðu skilgreiningu hefur verið fylgt við gerð fornleifaskrárinnar og í anda hennar eru einnig skráðir staðir eins og orrustustaðir, skilgreinanlegir staðir þar sem atburðir, sem tengjast sögu og bókmenntum Íslands, hafa átt sér stað og staðir þar sem draugar eiga að hafa búið. Dæmi um staði sem eru ekki skráðir eru eyktamörk sem eru ekki manngerð og drangar sem kallaðir eru nátttröll, en það heiti virðist oftast vera tegundargreining á náttúrumyndunum frekar en að sagnir séu um að tröll hafi dagað uppi. Þar sem slíkar sagnir eru, eru þær auðvitað skráðar. Á hinn bóginn eru öll grettistöskráð og er þetta vitanlega umdeilanlegt og byggir fyrst og fremst á því að fyrirsjáanlegt sé að gagn megi hafa af upplýsingunum. Annarskonar upplýsingar sem átt gætu heima í menningarsögulegum gagnagrunni eru t.d. um staðsetningu engja og bithaga, nytjaskóga og veiðistaða. Söfnun slíkra upplýsinga krefst hinsvegar annarskonar gagna og öðruvísi aðferðafræði en skráning eiginlegra fornleifa og er mun viðráðanlegri á stigi aðalskráningar. Þar sem til eru upplýsingar um gróðurfar og búskaparskilyrði fyrir einstakar jarðir (t.d. í sóknarlýsingum og héraðssöguritum) er slíkum upplýsingum safnað á stigi svæðisskráningar.

Samkvæmt lögnum eru öll mannvirki eldri en 100 ára skilgreind sem fornleifar en við skráninguna er notuð aðeins víðari skilgreining. Allar byggingar úr torfi og grjóti eru skráðar sem og önnur mannvirki sem eru vitni um horfið verklag eða tækni. Þar með geta talist elstu steypubyggingar, byggingar úr blönduðu efni (torf, grjót, timbur, steypa, bárujárn) og mannvirki eins og heimarafstöðvar, sundlaugar, upphlaðnir vegir frá því fyrir jarðýtuöld, fiskplön, áveituskurðir og hverskyns minjar aðrar sem tengjast umbreytingum í atvinnuvegum og lífsafkomu á fyrri hluta 20. aldar. Minjar sem tengjast seinni heimstyrjöldinni, veru setuliðsins og framkvæmdum á vegum þess (vegir, flugvellir, braggahverfi, skotgrafir o.s.fr.v) eru einnig skráðar. Þær heimildir sem stuðst er við í svæðisskráningu geyma yfirleitt mjög lítið af upplýsingum um nútímaminjar og er því ekki að vænta heildstæðs yfirlit um þær fyrr en á stigi aðalskráningar. Helst er að upplýsingar um gamlar sundlaugar komi fram við svæðisskráningu.

1.2 *Um svæðisskráningu.* Við hefðbundna fornleifaskráningu hefur fyrst og fremst verið leitast við að finna og staðsetja einstakar rústir sem sýnilegar eru á yfirborði. Ekki var reynt að grennslast fyrir um hvar fornleifar gætu leynst þó þær séu ekki sýnilegar á yfirborði, en ætla má að meginþorri minja á Íslandi sé hulinn sjónum. Til að ráða bót á þessu hefur Fornleifastofnun Íslands þróað aðferðir til að áætla staðsetningu menningarminja en það er mikilvægt bæði frá vísindalegu sjónarmiði og nauðsynlegt ef forðast á röskun minja við

framkvæmdir. Annarsvegar er um að ræða leit að vísbendingum um staðsetningu einstakra menningarminja, einkum með stuðningi gamalla túnakorta og örnefnaskráa. Hinsvegar eru óbeinar vísbendingar um byggð og búsetu en með því að fá yfirlit um hvar byggð hefur verið má gera sér allgóða hugmynd um umfang og eðli menningarminja sem þeirri byggð hafa fylgt jafnvel þótt þeirra sjái ekki stað lengur. Við upphaf svæðisskráningar fornleifa er gert yfirlit um sögu byggðar, skilgreindar jarðir og takmörk þeirra og gert yfirlitskort um staði sem vitað er að búið var á. Helstu heimildir eru jarðabækur frá ýmsum tímum, sölubréf og landamerkjalyásingar. Þá er farið skipulega yfir vísbendingar um menningarminjar á hverjum stað, þ.e. túnakort og örnefnaskrár. Að því loknu er leitað í beinum heimildum um fornleifar þ.e. eiginlegum fornleifaskýrslum.

Notagildi svæðisskráningar eru ákveðin takmörk sett og hún getur aldrei komið í staðin fyrir vettvangskönnun (aðalskráningu). Í fyrsta lagi takmarkast svæðisskráning við þá flokka heimilda sem eru aðgengilegastir og gefa heildstæðasta mynd af menningarminjum á viðkomandi svæði. Er þar um að ræða jarðabækur, fornleifaskýrslur, örnefnaskrár og túnakort. Aðrar heimildir eins og t.d. ævisögur eða ferðasögur, sem oft geyma nákvæmar upplýsingar um húsaskipan og staðsetningu mannvirkja á 19. öld, eru ekki rannsakaðar skipulega á stigi svæðisskráningar þar sem nákvæmni og fjöldi slíkra upplýsinga er tilviljanakenndur og erfitt að hafa upp á þeim þegar stór svæði eru könnuð. Heimildir af þessu tagi eru hinsvegar kannaðar á stigi aðalskráningar. Í öðru lagi getur svæðisskráning ekki gefið nákvæmar upplýsingar um staðsetningu allra minjastaða og í þriðja lagi er ekki hægt að segja til um ástand eða afdrif allra minjastaða á grunni svæðisskráningar. Nákvæmra upplýsinga um þessi atriði er ekki hægt að afla nema með vettvangsathugun, en á grunni svæðisskráningar má hinsvegar gefa grófa mynd af dreifingu og ástandi fornleifa á skráningarsvæðinu.

Helstu flokkar heimilda sem við er stuðst við svæðisskráningu fornleifa eru jarðabækur, túnakort, örnefnaskrár og fornleifaskýrslur. *Jarðabækur*. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns er helsta og ítarlegasta verk sinnar tegundar og grundvallarheimildarrit um sögu byggðar á Íslandi og var hún tekin saman árið 1703 í Grindavíkurbænum. Þar að auki má nefna sóknarlýsingar frá um 1840, Jarðatal Johnsens frá 1847 og manntöl frá 19. öld en saman gefa þessar heimildir allgóða mynd um dreifingu byggðar á skráningarsvæðinu. Með því að bera jarðabækurnar saman við jarða- og landamerkjaskjöl fæst einnig gróf mynd af þróun byggðar, skiptingu jarða og breytingum á eignarhaldsfyrirkomulagi. Þessar heimildir geta að jafnaði ekki um einstaka minjastaði, aðra en bæjarstæði og stöku sinnum selstöður, en heildstæðar upplýsingar um dreifingu byggðar

eru grundvöllur fyrir túlkun flestra annarra minja, þ.e. þeirra sem orðið hafa til í sambandi við landbúnað, en það er þorri allra fornleifa. *Túnakort*. Um 1920 voru gerðir uppdrættir í mælikvarðanum 1:2000 af túnnum svo til allra jarða á Íslandi. Kortin eru allmisjöfn að gerð enda eftir mismunandi mælingamenn. Öll sýna þau þó mörk túnanna og langoftast er staðsetning bæjarhúsa og útihúsa innan þeirra sýnd, en yfirleitt engin hús utan túns. Einnig er ritað á kortin hversu stór túnin voru í fermetrum og/eða dagsláttum, hversu stór hluti þeirra var þýfður þegar mælt var og hversu stórir matjurtagarðar voru. Öll kortin á skráningarsvæðinu voru gerð árið 1918 og eru þau venju fremur ítarleg. Auk húsa og garða eru skýringar á kortunum um staðhætti utan við túnin. *Örnefnaskrár*. Söfnun og skráning örnefna hófst á seinni hluta 19. aldar og þá fyrst og fremst í samhengi við skýringar fornrita. Það var hinsvegar ekki fyrr en eftir 1920 að skipuleg skráning allra örnefna á einstökum jörðum hófst að marki. Örnefnaskráning varð síðan eitt af aðalverkefnum Þjóðminjasafnsins en örnefnasafnið er nú í umsjá Örnefnastofnunar Íslands. Örnefnalýsingar fyrir Grindavíkurkaupstað eru mjög góðar. Til eru skrár fyrir allar jarðirnar og fleiri en ein fyrir flestar. Skráning örnefna á svæðinu hefur átt sér stað smátt og smátt, meira og minna unnin af heimamönnum. Allmisjafnt er hversu nákvæmlega er getið um rústir í örnefnaskrá en sjaldgæft er að höfundar skrána láti alveg hjá líða að minnast á mannvirkjaleifar. Þar kemur auðvitað aðallega til að margar rústir bera nöfn og eru auk þess fastir punktar í landslaginu sem hægt er að miða við í lýsingum á landinu. Örnefnaskrár eru stærsta og heildstæðasta safn upplýsinga um fornminjar sem völ er á en helstu gallar þeirra eru, að það er ekki hægt að treysta því að fullt samræmi sé á milli skráa, þar sem þær eru samdar af ólíku fólki á ólíkum tímum og höfundar þeirra eru oft of staðkunnugir þannig að lýsingar á landslagi verið illskiljanlegar þeim sem ekki þekkja til. Sjaldgæft er að fornleifum sé lýst að marki í örnefnaskrá, heldur er langoftast aðeins getið um þær í framhjáhlaupi eða til skýringar. *Fornleifaskýrslur*. Í lok 19. aldar var gert mikið átak á vegum Hins íslenska fornleifafélags í að kanna íslenska fornleifastaði, og voru það einkum staðir sem tengdust frásögnum fornrita sem þóttu athyglisverðir. Til eru nokkrar skýrslur og greinar um fornleifar í Grindavík og verður gerð frekari grein fyrir þeim hér að neðan.

Það má því segja að jarðabækur, og skyldar heimildir gefi rammann utan um skráningu menningarminja, en þorri upplýsinga um einstaka staði kemur úr örnefnaskrá og af túnakortum. Á svæðum þar sem aðalskráning (vettvangsathugun) hefur ekki farið fram eru fornleifaskýrslur aðeins til um örfáa staði, og yfirleitt um staði sem á einhvern hátt hafa þótt sérstakir. Mjög sjaldgæft er að til séu nákvæmar lýsingar á minjum um landbúnaðarstörf og daglegt líf seinni alda.



1.3 *Fornleifakönnun í Grindavík.* Frægastar allra fornleifa í hinum forna Grindavíkurbreppum eru án efa bæjarrústir í Húshólma í Ögmundarhrauni. Þeirra er getið fyrst í Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar en þeir félagar voru þar á ferð 1755. Rústum í Húshólma er einnig lýst í svari sr. Jóns Vestmanns til konunglegrar nefndar til varðveislu fornminja 1817 og aftur í svari hans til Bókmenntafélagsins 1840 en þá getur hann einnig um rústir í Óbrennishólma. Þorvaldur Thoroddsen rannsakaði Húshólma 1883 og Brynjúlfur Jónsson lýsti rústum þar 1902, en yngsta lýsingin er frá Bjarna Einarssyni sem þar skoðaði fornleifar vegna fyrirhugaðrar lagningar Suðurstrandarveggar árið 2000. Rústirnar í Húshólma hafa vakið svo mikla athygli vegna þess að Ögmundarhraun hefur runnið yfir þær og haf amenn því mikið velt fyrir sér aldri hraunsins og þar með byggðaleifanna sem undir því eru. Á 9. áratug 20. aldar var úr því skorið en þá gerðu Haukur Jóhannesson og Sigmundur Einarsson skurð í túngarð í Húshólma. Niðurstaða þeirra var sú að garðurinn væri hlaðinn rétt áður en svokölluð landnámsgjóska féll – en nú er vitað að það var árið 871 ( $\pm 2$  ár) – en hraunið telja þeir hafa runnið árið 1151. Af þessu er ljóst að byggðin í Húshólma er ein sú al-elsta sem þekktist á Íslandi – aðeins á einum öðrum stað hafa fundist mannvirkjaleifar undir landnámsgjóskuni – og að undir hrauninu eru leifar bæjar frá fyrstu öldum Íslandsbyggðar.

Rannsóknarsaga Húshólma lýsir vel helstu áföngum í fornleifarannsóknum í Grindavík. Framan af var Krýsuvík helsta aðdráttarafi landkönnuða og fræðimanna. Þar kom árið 1775 Ole nokkur Henschel sem sendur var af dönskum stjórnvöldum að gera úttekt á brennisteinsnámum og gefur hann ítarlega lýsingu af námunum í Krýsuvík en vinnslu í þeim var þá hætt fyrir skemmstu. Sveinn Pálsson var þar einnig á ferð í lok 18. aldar og segir hann m.a. frá Ögmundarleiði og þjóðsögunni um vegarlagningu um Ögmundarhraun. Sr. Jón Vestmann getur einnig sömu sögu í svörum sínum 1817 og 1840, en í seinna svarinu lýsir hann einnig svokölluðum Kerlingum, þremur dysjum við veginn undir Geitahlíð. Starfsbróðir hans í Staðarsókn, sr. Benedikt Ingimundarson, virðist hinsvegar ekki hafa haft mikinn áhuga á fornleifum því í svari sínu til nefndarinnar um varðveislu fornleifa segir hann að engar fornleifar sé að finna í sinni sókn. Sr. Geir Bachmann sem svaraði fyrir Staðarsókn til Bókmenntafélagsins 1840 taldi einnig að ekki væru neinar fornleifar í sókninni, en í ítarlegri lýsingu hans er þó mikið af mikilvægum upplýsingum um verslun og búsetu í Grindavík á seinni öldum.

Þorvaldur Thoroddsen ferðaðist um Reykjanes 1883 og lýsti þá m.a. fornleifum í Húshólma og einnig nýlega fundnum grjótblöggjum í Sundvörðuhrauni í landi Húsatófta. Fyrsta eiginlega fornleifarannsóknarferðin um svæðið var ferð Brynjúlfs Jónssonar árið 1902.

Hann kom í Húshólma og Óbrennishólma og gerði uppdrætti af minjum þar. Hann fjallar einnig um minjar um einokunarverslun við Staðarsund, lýsir festarboltum og ummerkjum um kaupmannshús á Húsatóttum. Hann skoðaði einnig byrgin í Sundvörðuhrauni sem hann taldi vera útilegumannabæli, Járngerðarleiði hjá Hrafshúsum í Járngerðarstaðahverfi, svokölluðu Goðahúsi á hlaðinu á Hópi, og byggingaleifum sem komið höfðu í ljós djúpt í jörðu á Þorkötlustöðum fyrr á sama ári. Að síðustu lýsir hann rúst í Kapellulág í landi Hrauns. Á grundvelli þessarar könnunar friðlýsti Matthías Þórðarson mannvirkjaleifar í Húshólma og Óbrennishólma, goðahúsið á Hópi, rústina í Kapellulág, byrgin í Sundvörðuhrauni og festarstólpan á Staðarsundi árið 1930.

Um og eftir 1950 kannaði Ólafur Briem leifar um útilegumenn á Reykjanesi og birtir ítarlega lýsingu með uppdrætti af byrgjunum í Sundvörðuhrauni í bók sinni um Útilegumenn og auðar tóttir frá 1959. Árið 1954 gróf Kristján Eldjárn upp rústina í Kapellulág og taldi þá að hún hefði ekki verið bænhús heldur ef til vill smíðahús frá tímum enskra kaupmanna í Grindavík á fyrri hluta 16. aldar. Seinna skipti hann þó um skoðun í ljósi heimilda sem geta kapellunnar og hallaðist að því að rústin væri eftir litla vegakapellu. Rannsókn Kristjáns á kapellunni er eini fornleifauppgröfturinn sem gerður hefur verið í Grindavík. Árið 1964 friðlýsti Kristján allar mannvirkjaleifar í verstöðinni á Selatöngum og Kerlingar, dysjarnar þrjár við Geitahlíð.

Þegar er getið rannsóknar Hauks Jóhannessonar og Sigmundar Einarssonar í Húshólma á 9. áratug 20. aldar. Um 1990 kannaði Guðrún Gísladóttir sýnilegar minjar í Reykjanesfólkvangi, en stærsti hluti hans er land Krýsuvíkur. Hún gerði uppdrætti af minjum á Selatöngum, Vigdísarvöllum, Selvöllum, Hraunsseli og í Sogsseli.

Árið 1998 gerðu Hildur Gestsdóttir og Orri Vésteinsson fornleifakönnun vegna fyrirhugaðrar jarðvarmavirkjunar á Reykjanesi og skráðu þá nokkra staði vestast í landi Staðar. Sama ár var gerð svæðiskráning fornleifa í Hafnarfjarðarkaupstað og voru þá skráðar upplýsingar um nokkra staði á þeim hlutum jarðarinnar Krýsuvík sem tilheyra Grindavíkurkaupstað. 1999 gerði Agnes Stefánsdóttir fornleifakönnun vegna fyrirhugaðrar stækkunnar kirkjugarðsins á Stað. Árið 2000 gerði Bjarni Einarsson fornleifakönnun vegna fyrirhugaðrar lagningar Suðurstrandarvegar og skráði allmargar fornleifar á þeirri leið. Að síðustu gerði Agnes Stefánsdóttir fornleifakönnun vegna fyrirhugaðrar vegarlagningar um hið forna Járngerðarstaðatún sumarið 2001.

## 2. Fornleifaskrá Grindavíkurkaupstaðar

Hér að neðan er birt skrá um fornleifar í Grindavíkurkaupstað. Í skránni eru allir þekktir minjastaðir í sveitarfélaginu en líklegt er að fleiri muni bætast við þegar fornleifar verða kannaðar á vettvangi. Einnig er líklegt að sumir staðir séu tvískráðir.

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti og hver jörð hefur númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Þá er hverjum minjastað gefin kennitala sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: GK-008:001). Í Grindavíkurhreppi fengu þær hjáleigur sem voru í byggð um 1845 sérstakt jarðarnúmer í jarðatalinu, en hjáleigur sem þá voru í eyði eða byggðust síðar fá númer undir þeirri jörð sem þær byggðust frá. Þannig er Móakot GK-029 en Bergskot – sem var önnur hjáleiga Staðar - hefur kennitöluna GK-028:010 því að Staður er GK-028.

Upplýsingar um hvern stað eru settar fram á staðlaðan hátt: fyrst kemur kennitala staðarins í gagnagrunni Fornleifastofnunar, staðarheiti, tegund fornleifar og hlutverk wf það er þekkt. Þar næst kemur tilvitnun í heimild, lýsing á staðsetningu, aðstæðum og að lokum aðrar upplýsingar og heimildatilvísanir. Úr skammstöfum heimildatilvísunum er leyst í Heimildaskrá aftast í skýrslu þessari.

### GK-001 Krýsuvík

Kirkjustaður. Samkvæmt Landnámu nam Þórir haustmyrkr Selvog og Krýsuvík. ÍF I, 392-393. 1275; Krýsuvík og Skálholt eiga hálfan allan reka undir fuglabergi í landi Strandakirkju í Selvogi. 1284: Stadur j videy aa fiordvng j hvalreka j [krýss[v]ik] ok skal sa sem býr j kryssvik senda mann til videyar þegar hvalvr kemvr adur þridia sol sie af himne ok lata skiera hval ok abyrgizt sem seigr j logbok." DI II, 124 sbr. DI III, 212. DI II, 246, sbr. 247, 248 og DI III, 749. 1356 var staðurinn 71 hndr og átti kirkjan allt heimalandið. DI III, 222. 1397: Þá á Krýsuvík fjöru í Keflavík til helminga við Kaldaðaneskirkju. Kaldaðaneskirkjra á "Saudahofn j krysevyk oc hvzrum manne ad geyma þar sauðda. fa kietil oc elldivid oc tvo menn til safna a vorid med þeim er sauda giæter." DI IV, 54. 1479: lýste hvn þat. at einginn jtok væri j greinda jord vatzleysv. nema kirkian j kryssvik ætti þar j Xc." DI VI, 185-186.1524 eru þau kaup gerð að Viðeyjarkalustur eignast part Krýsuvíkurkirkju í Vatnsleysulandi og greiða fyrir fjögur hundruð til prests en kirkjunni áttæring. DI IX, 289. 1496 lét Stefán Jónsson Skálholtsbiskup meta byggingarnar á Krýsuvíkurstað, kirkjuna, "og staðinn aalan með hjáleiguhúsum innan garða." - DI VII, 324. 1563: "Jtem hefe eg fullt vmmbod gefid mijnumm firrgreinndumm Radsmanne ad byggia Krysewijk fyrst sira Birne ef hann vill med þeirre landskilld sem hann kann af stad ad koma og med þeim leigukugilldumm sem þar kunna til ad setiast svo og med þeim skilmála vmm rekann og allt annat sem addur stendur vmm Griindavijk." DI XIV, 201. Kirkjustaður, eign Skálholtsstaðar, og var jarðardýrleiki óviss 1703. Sama ár eru hjáleigur jarðarinnar Nýibær, Litli Nýibær, Norðurhjáleiga, Suðurhjáleiga, Austur hús og Vestur hús ásamt eyðijörðinni Gestsstöðum. 1847: 31 1/3 hndr, hjáleigur Suðurlot, Norðurlot, Stóri-Nýibær, Litli-Nýibær, Vigðísarvellir, Bali og Lækur. Árið 1918 eru tvö býli í Krýsuvík en jörðinni ekki skipt á milli þeirra. "Krýsuvík. Svo í Ln (Hauksbók og Sturlubók), og því réttara en Krýsuvík (í F og víðar)." Árbók 1923, 30. Þórkötlustaðir áttu selför á Vigðísarvelli en Krýsuvík skipsstöðu í Þórkötlustaðanesi - Saga Grindavíkur I, 145. Ummál Krýsuvíkurlands er á milli 60-70 km og á 300 ferkílómetra að flatarmáli. Gengið var frá afsali vegna kaupa Hafnarfjarðarkaupstaðar á Krýsuvík og Stóra-Nýjabæ 1941. ÁG: Saga Hafnarfjarðar 1908-1983 I, 107. Austasti hluti Krýsuvíkurlands (Krýsuvíkurhraun) og sá vestasti (Ögmundarhraun og Vigðísarvellir) heyra þó undir Grindavíkurkaupstað. 1703: "Túninu er hætt fyrir skriðum og fje fyrir hrakningi um vetur, ef ekki er vel gætt." JÁM III, 7. 1840: "Í

hverfi þessu eru landkostir, hagaganga og heyskapur í meðallagi; ókostir, sérlegir óperrar og snjókyngi, samt sérlegur uppblástur á öllum högum." SSA, 219. 1918: Tún 5,4, garðar 420 m<sup>2</sup>. Svæðið milli Kleifarvatns og Grænavatns er engja svæði. "Tún heimajarðarinnar liggur sunnan undir og upp í Bæjarfelli, en bæjarhús, kirkjan og kirkjugarðurinn standa á hól eða hygg, sunnarlega á túninu." Ólafur Þorvaldsson: Árbók 1943-48, 87.

*GK-001:001 til GK-001:031 eru staðir á þeim hluta Krýsuvíkurlands sem tilheyir Hafnarfjarðarkaupstað.*

**GK-001:032** *Sýslusteinn* náttúrumin landamerki

1840: "Takmark Strandarsóknar til vesturs ... Þaðan stefnu fram í Sýslusteini við alfaraveg." segir í sóknarlýsingu. 1842: "Sá syðsti punktur takmarkanna millum Árness- og Gullbringusýslu eru þeir svonefndu sýsl[ul]steinar undir Gietahlíð ..." segir í sýslulýsingu. "Ca. 35 m N af malarvegi og ca. 7 m A af nýlegum vegarslóða upp á fjallið. Sýslumörkin (girðing) liggja um steininn. Í hrauni." segir í skýrslu um fornleifar við Suðurstrandarveg. Þaar er staðsetning gefin 63°51.37 N 021°54.59 W.

Í lýsingu Ölfushrepps frá 1703 er ekki getið um Sýslusteini heldur eru merkin sögð vera um "Hvítskeggshvamm, fyrir sunnan Geitahlíð, milli Herdísarvíkur og Krýsuvíkur." Bjarni Einarsson lýsir steininum svo: "3,5 x 7,5 m stór (VNV - ASA) og 3,5 m hár. Steinninn er í laginu eins og hryggur á hval. Efst á steininum er járnteinn rekinn niður og hæðarpunktur (VG 96-318). Ca. 40 m suður af steininum er varða sem varðar gömlu leiðina frá Herdísarvík til Krýsuvíkur. Má þar einnig sjá sjálfa götuna."

**Heimildir:** SSÁ, 18, 211 sbr. 250; Suðurstrandarvegur nr. 8717:29.

**GK-001:033** *Gamlivegur* heimild um leið

"Slakkinn, sem verður þarna milli hrauna [úr Eldborg og austan Geitahlíðar] er meir en að hálfu í Krýsuvíkurlandi og heitir Gamlivegur. Þar beygði hestagatan frá hlíðinni, þegar komið var frá Krýsuvík, og lá niður undir Seljabót og svo áfram austur neðan við eystra hraunið. Þetta var alfaravegur til Suðurnesja með skreiðarlestir, enda sést gatan í klöppnum, allt að tveggja tommu djúpar."

Grindavík

**Heimildir:** Ö-Krýsuvík aths+viðb, 2-3

**GK-001:034** *Gvendarhellir* hellir fjárskýli

"Í Krýsuvíkurhrauni eru gróðurblettir, góðir sauðhagar, þar sem heitir Eystri-Klofningar upp að Seljabót, en Vestri-Klofningar eru upp af Keflavík ... Í Klofningum eru tveir hellar. Annar er Gvendarhellir, sem ber nafn Guðmundur nokkurs Bjarnasonar, er bjó þar einn á vetrum með suðafé sitt um 1840. Hellir þessi er víðáttumikill og lágur."

"Vestan undir Krýsuvíkurhrauni er stór hellir og besta hagaland í kring, í og með hrauninu, samt víðar út um heiðina, so alltið má beita fé undir vind, af hvörri átt sem hann er. Hellir þessi er langt frá bæjum. Er því erfitt að nota hann í vetrarharðindum. Fyrir hér um bil 100 árum eður máske nokkuð meir, var bóndi í Krýsuvík, að nafni Arngrímur, mig minnir Jónsson. Hann tíundaði jafnan 50 hndr. Hann hafði fé sitt við hellir þenna. Hann skyldi hafa átt 99 ær grákollóttar. Sysitir hans átti eina á eins lita, og hætti hann ei fyrr að fala hana af systur sinni en hún yfirlét hönum ána sárnauðug. Sama veturinn seint gjörði áhlaupsbyl, sem stóð 6 dægur. Hrakti þá allt hans fé fram af Krýsuvíkurbergi hér og þar til dauðs og algjörlegs taps, því sjórinntók við fyrir neðan bergið, en vindurinn rak til hafs. Í hengisfönninni framan í bergbrúninni stóð Grákolla alein, er hann fékk hjá systur sinni. Þegar hann eftir bylenn fór að leita að fénu, tekur hann ána þá og reynir í 3-gang að kasta henni fram af berginu, en gat aldrei kastað henni svo langt, að hún færi niður fyrir, en jafnótt og hún losnaði í hvört sinn við hendur hans, brólti hún upp að hnjam hönum. Loksins gaf hann frá sér og skal hafa sagt löngu seinna, að út af á þessari hefði hann eignast 100 fjár. Þetta hefi eg af sögusögn og gef það ei út sem áreiðnalegan sannleik. Ævilok Arngríms urðu þau, að steinn datt á hann úr Krýsuvíkurbergi og murði hann í sundur og 2 manneskjur aðrar. Þetta er víst. / Árið 1827 kom gamall bóndi til Krýsuvíkursóknar, Guðmundur Bjarnason, byggði nýbýlið Læk aldeilis að stofni, átti margt fé, hélt því við áður nefndan hellir, en þar hönum þótti langt að hirða það þar, byggði hann þar annan bæ, dásnotran sem hinn, með glergluggum, sængurhúsi af- og alþiljuðu með 2r rúmum, í hinum karminum geymsluhús. Byggði hann hús þetta framan við hellisdyrnar og rak féð gegnum göngin út úr og inn í hellirinn, hlóð af honum með þvervegg, bjó til lambastíu með öðrum, gaf þeim þar, þá henta þókti, bjó til étur úr tilgengnum hellum allt í kring í stærri parti hellirsins, gaf þar fullorðna fénu í innistöðum (sem verið mun hafa allt að 200um eftir ágetskun manna), fluti þangað talsvert hey og smiðju sína og mun hafa starfað þetta að mestu eða öllu leyti, aleinn á einu ári. Þarna var hann 10 vetur samfelld yfir kindum sínum aleinn, en á sumrum heima. Loks gafst hann upp yfir 7tugt og sagðist hafa verið smali, síðan hann hafði 6 ár á baki." segir Jón Vestmann í sóknarlýsingu frá 1840.

**Heimildir:** Ö-Krýsuvík, 3; SSÁ, 214-15.

**GK-001:035** *vegur* leið

"Norður af því [Krýsuvíkurbrauninu] uppi við veg, sitt hvoru megin hans, er svo Litla-Eldborg og Stóra-Eldborg. ... Beint upp af Stóru-Eldborg og austur af bæ er allhátt fell, sem heitir Geitahlíð. Milli Eldborgar og Geitahlíðar er Eldborgarskarð, en litlu austar er Deildarháls; um hann lá vegurinn áður." segir í örnefnalýsingu. "A við dys [036], undir fjallshlíð í jaðri hrauns. Leiðin liggur frá Sýslusteini að Krýsuvík (og áfram til Grindavíkur)." segir í skýrslu um fornleifar við Suðurstrandarveg.

"Leiðin er 0,5 - 1,5 m breið þar sem hún var könnuð við Krýs og Herdís undir Geitahlíðinni. Mótar fyrir henni í klöppinni á mörgum stöðum. Leiðin var ekki könnuð frá Krýs og Herdís að Krýsuvík (að mestu leyti horfin á þeim kafla). Leiðin er framhald leiðarinnar frá Herdísarvík ..." segir í skýrslu um fornleifar við Suðurstrandarveg.

**Heimildir:** Ö-Krýsuvík, 3; Suðurstrandarvegur nr. 2300:2

### **GK-001:036** *Herdís* dys

"Norður af því [Krýsuvíkurbrauninu] uppi við veg, sitt hvoru megin hans, er svo Litla-Eldborg og Stóra-Eldborg. ... Beint upp af Stóru-Eldborg og austur af bæ er allhátt fell, sem heitir Geitahlíð. Milli Eldborgar og Geitahlíðar er Eldborgarskarð, en litlu austar er Deildarháls; um hann lá vegurinn áður. Beint upp af Stóru-Eldborg er hvammur, sem Krýsuvíkinger kalla Hvítskeggshvam ... Austan við hvamminn og hálsinn eru þrjú dys, austust er Herdís, svo er Krýs og loks smalinn. Er hann ofan götunnar, en þær neðan ..." segir í örnefnalýsingu. "80 m norðan við malbikaðan veg, SV undir hlíðum Geitahlíðar. Við jaðar hrauns og vestan við þjóðleið [035]." segir í skýrslu um fornleifar við Suðurstrandarveg. Þar hafa dysjarnar 036 og 37 hnitíð 65°51.26 N 021°58.55.

FRIDLÝSTAR MINJAR. "Dysjar tvær eða vörður ("Krýs og Herdís") austan Kerlingardals, um hálf tíma gang fyrir vestan Sýslustein." Friðlýst (í Hafnarfriði) 30.04.1964, þinglýst 05.05.1964. - Fornleifaskrá, 12. 1840: "Forntíðarkonur 2, Krýs og Herdís, nafnkenndar af bæjum sínum, Krýsu- og Herdísarvíkum, áttu lönd saman, sem enn liggja þau. Vildi Herdís næstum eiga alla Geitahlíð af hennar landi, en hún vildi ei gefa eftir. Fundust þær á Deildarhálsi. Kom so hart í með þeim, að Herdís drap smala Krýsar, sem með henni var, en Krýs vildi hefna, og lauk svo með þeim, að hvör drap aðra. Eru þar 3 dys, þeirra beggja sunnan við götuna, en smalans uppi brekku fyrir norðan hana. Síðan heitir hálsinn Deildarháls." segir Jón Vestmann í sóknarlýsingu frá 1840. "... sögn um tvær konur, Krýs og Herdís, sem deildu um beit og drápu hvor aðra. Enn eru sýndar rétt við veginn yfir hálsinn dysjar Krýsar og smalamanna, sem voru einnig drepnir." Kálund I, 29. 1950: "Spölkorn austan Eldborgarskarðs, þar sem hin forna leið liggur þétt við rætur hlíðarinnar, eru tvær fornar steindysjar. Báðar eru þær sunnan vegar, með mjög skömmu á milli. Dysjar þessar heita Kerlingar, og segja fornar sagnir um uppruna þeirra á þessa leið: / Krýs og Herdís, konurnar, sem sagan segir að fyrstar hafi búið á jörðunum Krýsuvík og Herdísarvík og jarðirnar síðan við þær kenndar, voru lengi búnar að eiga í deilum um landamerki jarðanna, eða komu sér ekki saman um hvar vera skyldu. Voru smalar þeirra oft búnir að elda grátt silfur sín á milli, út af fjárbeit, og vörðu oft spildur úr beitolandinu hvor fyrir öðrum og töldu, að með því rækju þeir erindi húsmæðra sinna. Erjur þessar leiddu til fjandskapar, ekki einasta hvað smalana snerti, heldur og millum þeirra Krýsar og Herdísar, sem báðar þóttust ofbeldi beittar. Þegar þóf þetta hafði farið fram um hríð, og óvild og ágengni færzt mjög í aukana, varð það þó að samkomulagi millum þeirra Krýsar og Herdísar, að endir skyldi bundinn á deilu þessa á þann hátt, að báðar skyldu þær fara, þar tilsettan dag, að heiman á sólarupprás og mörk ákveðin millum jarðanna þar sem þær mættust. Á tilteknum degi fara svo konurnar hvor heiman frá sér, Krýs frá Krýsuvík og Herdís frá Herdísarvík. Smala sína höfðu þær mð í för þessari. Ekki segir frá ferðum þeirra, fyrr en þær mættust á hálsi þeim, sem liggur austan Eldborgarskarðs. Umsvifalaust ganga þær til málanna, og sakaði Krýs Herdís um að hafa brotið samkomulag það, sem þær höfðu áður gert, þar sem hún væri komin svona utarlega í landið, og hefði hún því hlotið að fara fyrr að heiman en tilsett var. Þetta vildi Herdís ekki viðurkenna og stóð fast á sínum rétti, sem hún taldi vera, en líklega hefur Herdís verið eitthvað minni fyrir sér. Um þetta deildu þær langa stund, og á meðan sú deila stóð gekk Krýs svo fast að Herdís, að hún varð að láta undan síga, austur af hálsinum og yfir dal þann, sem austur af honum er. Með hverju skrefi, sem Krýs gekk fram, en Herdís aftur, hitnaði skap þeirra, svo að heitingum varð. Tóku þær þá að biðja hvor annarri óbæna, ásamt jörðum þeirra. Herdís lagði það á Krýsuvíkina, að allur silungur í Kleifarvatni skyldi verða að loðsilungi og öfugugga, en báðar þessar fisktegundir taldar baneitraðar. Krýs lagði það á Herdísarvíkina, að ein eða fleiri skipshafni skyldu drukna í Herdísarvíkurtjörn, sem er smátjörn, fyrir túni Herdísarvíkur, innan við sjávarkambinn. / Þegar hér var komið sögu, var Krýs búin að hrekja Herdís á eystri brún dals þess, sem áður er nefndur. Þar sprungu þær báðar af heift og mæði. Smalarnir, sem fram að þessu höfðu aðeins verið áhorfendur að því, sem fram fór millum húsmæðra þeirra, hugðu nú til hefnda. Ekki segir frá viðuregin þeirra annað en það, að þær féll Herdísarvíkursmalinn, en hinn fór heim og kunnir frá tíðindum að segja. Staður sá, þar sem konur sögunnar mættust, heiti síðan Deildarháls, og dalurinn þar austur af Kerlingadalur. Þar, sem úrslitabátturinn í þessari landamerkiáreið fór fram, sjást enn hinar fornu grjótdysjar, sem ... sagt er að séu kuml þeirra Krýsar og Herdísar. Fram á síðustu áratugi mátti sjá votta fyrir dys smalans, sem þarna féll, og var það neðst í hlíðinni ofan vegar, en er nú að fullu horfið undir skriðuhlaup. Dys Herdísar er talin sú eystri, Krýsar hin vestari. Heryzt hefur, að til forna hafi sýslumörk verið um Kerlingar, en svo er staður þessi ávallt nefndur, og hefur þá línann sennilega verið milli dysjanna, þannig að hvor kona lægi í sínu landi." Harðsporar, 109-111. Bjarni Einarsson

lýsir dysinni svo: "Úr hraungrjóti, ca. 5 m í þvermál og 1 m há. Dysin er talsvert mosavaxin og í henni miðri er friðlýsingarhæll (laus). 2 m vestur af [henni] er [Krýs 037] ... Gamla þjóðleiðin [035] liggur austan við dys [036] og austan við leiðina, gegnt dysunum, er vörðubrot á kletti. ... Ljósleiðari hefur verið lagður býsna nærri dysunum, þó ekki nær en 20 m."

**Heimildir:** Ö-Krýsuvík, 3-4; Suðurstrandarvegur nr. 2300:1; SSÁ, 231; Kålund I, 29; Harðsporar, 109-11.

#### **GK-001:037** Krýs dys

"Norður af því [Krýsuvíkurbrauninu] uppi við veg, sött hvrtu megin hans, er svo Litla-Eldborg og Stóra-Eldborg. ... Beint upp af Stóru-Eldborg og austur af bæ er allhátt fell, sem heitri Geitahlíð. Milli Eldborgar og Geitahlíðar er Eldborgarskarð, en litlu austar er Deildarháls; um hann lá vegurinn áður. Beint upp af Stóru-Eldborg er hvammur, sem Krýsuvíkingar kalla Hvítskeggshvam ... Austan við hvamminn og hálsinn eru þrjú dys, austust er Herdís, svo er Krýs og loks samalinn. En hann ofan götunnar, en þær neðan ..." segir í örnefnalýsingu. "80 m norðan við malbikaðan veg, SV undir hlíðum Geitahlíðar. Við jaðar hrauns og vestan við þjóðleið [035]." segir í skýrslu um fornleifar við Suðurstrandarveg. Þar hafa dysjarnar 036 og 37 hnitíð 65°51.26 N 021°58.55.

FRÍÐLÝSTAR MINJAR. "Dysjar tvær eða vörður ("Krýs og Herdís") austan Kerlingardals, um hálf tíma gang fyrir vestan Sýslustein." Friðlýst (í Hafnarfriði) 30.04.1964, þinglýst 05.05.1964. - Fornleifaskrá, 12. 1840: "Fornlíðarkonur 2, Krýs og Herdís, nafnkenndar af bæjum sínum, Krýsu- og Herdísarvíkum, áttu lönd saman, sem enn liggja þau. Vildi Herdís næstum eiga alla Geitahlíð af hennar landi, en hún vildi ei gefa eftir. Fundust þær á Deildarhálsi. Kom so hart í með þeim, að Herdís drap smala Krýsar, sem með henni var, en Krýs vildi hefna, og lauk svo með þeim, að hvör drap aðra. Eru þar 3 dys, þeirra beggja sunnan við götuna, en smalan uppí brekku fyrir norðan hana. Síðan heitir hálsinn Deildarháls." segir Jón Vestmann í sóknarlýsingu frá 1840. "... sögn um tvær konur, Krýs og Herdís, sem deildu um beit og drápu hvor aðra. Enn eru sýndar rétt við veginn yfir hálsinn dysjar Krýsar og smalamanna, sem voru einnig drepnir." Kålund I, 29. "Spölkorn austan Eldborgarskarðs, þar sem hin forna leið liggur þétt við rætur hlíðarinnar, eru tvær fornar steindysjar. Báðar eru þær sunnan vegar, með mjög skömmu á milli. Dysjar þessar heita Kerlingar, og segja fornar sagnir um uppruna þeirra á þessa leið: / Krýs og Herdís, konurnar, sem sagan segir að fyrstar hafi búið á jörðunum Krýsuvík og Herdísarvík og jarðirnar síðan við þær kenndar, voru lengi búnar að eiga í deilum um landamerki jarðanna, eða komu sér ekki saman um hvar vera skyldu. Voru smalar þeirra oft búnir að elda grátt silfur sín á milli, út af fjárbeit, og vörðu oft spildur úr beitolandinu hvor fyrir öðrum og töldu, að með því rækju þeir erindi húsmæðra sinna. Erjur þessar leiddu til fjandskapar, ekki einasta hvað smalana snerti, heldur og millum þeirra Krýsar og Herdísar, sem báðar þóttust ofbeldi beittar. Þegar þóf þetta hafði farið fram um hríð, og óvild og ágengni færzt mjög í aukana, varð það þó að samkomulagi millum þeirra Krýsar og Herdísar, að endir skyldi bundinn á deilu þessa á þann hátt, að báðar skyldu þær fara, þar tilsettan dag, að heiman á sólarupprás og mörk ákveðin millum jarðanna þar sem þær mættust. Á tilteknum degi fara svo konurnar hvor heiman frá sér, Krýs frá Krýsuvík og Herdís frá Herdísarvík. Smala sína höfðu þær mð í för þessari. Ekki segir frá ferðum þeirra, fyrr en þær mættust á hálsi þeim, sem liggur austan Eldborgarskarðs. Umsvifalaust ganga þær til málanna, og sakaði Krýs Herdís um að hafa brotið samkomulag það, sem þær höfðu áður gert, þar sem hún væri komin svona utarlega í landið, og hefði hún því hlotið að fara fyrr að heiman en tilsett var. Þetta vildi Herdís ekki viðurkenna og stóð fast á sínum rétti, sem hún taldi vera, en líklega hefur Herdís verið eitthvað minni fyrir sér. Um þetta deildu þær langa stund, og á meðan sú deila stóð gekk Krýs svo fast að Herdís, að hún varð að láta undan síga, austur af hálsinum og yfir dal þann, sem austur af honum er. Með hverju skrefi, sem Krýs gekk fram, en Herdís aftur, hitnaði skap þeirra, svo að heitingum varð. Tóku þær þá að biðja hvor annarri óbæna, ásamt jörðum þeirra. Herdís lagði það á Krýsuvíkina, að allur silungur í Kleifarvatni skyldi verða að loðsilungi og öfugugga, en báðar þessar fisktegundir taldar baneitraðar. Krýs lagði það á Herdísarvíkina, að ein eða fleiri skipshafni skyldu drukkna í Herdísarvíkurtjörn, sem er smátjörn, fyrir túni Herdísarvíkur, innan við sjávarkambinn. / Þegar hér var komið sögu, var Krýs búin að hrekja Herdís á eystri brún dals þess, sem áður er nefndur. Þar sprungu þær báðar af heift og mæði. Smalarnir, sem fram að þessu höfðu aðeins verið áhorfendur að því, sem fram fór millum húsmæðra þeirra, hugðu nú til hefnda. Ekki segir frá viðuregin þeirra annað en það, að þar féll Herdísarvíkursmalinn, en hinn fór heim og kunni frá tíðindum að segja. Staður sá, þar sem konur sögunnar mættust, heiti síðan Deildarháls, og dalurinn þar austur af Kerlingadalur. Þar, sem úrslitabátturinn í þessari landamerkiáreið fór fram, sjást enn hinar fornu grjótdysjar, sem ... sagt er að séu kuml þeirra Krýsar og Herdísar. Fram á síðustu áratugi mátti sjá votta fyrir dys smalan, sem þarna féll, og var það neðst í hlíðinni ofan vegar, en er nú að fullu horfið undir skriðuhlaup. Dys Herdísar er talin sú eystri, Krýsar hin vestari. Heryzt hefur, að til forna hafi sýslumörk verið um Kerlingar, en svo er staður þessi ávallt nefndur, og hefur þá línan sennilega verið milli dysjanna, þannig að hvor kona lægi í sínu landi." Harðsporar, 109-111. Bjarni Einarsson lýsir dysinni svo: "2 m vestur af [Herdís 036] er [Krýs 037] Úr hraungrjóti, ca. 3,5 m í þvermál og 1,2 m há. Nokkuð mosavaxin ... Gamla þjóðleiðin [035] liggur austan við dys [036] og austan við leiðina, gegnt dysunum, er vörðubrot á kletti. ... Ljósleiðari hefur verið lagður býsna nærri dysunum, þó ekki nær en 20 m."

**Heimildir:** Ö-Krýsuvík, 3-4; Suðurstrandarvegur nr. 2300:1; SSÁ, 231; Kålund I, 29; Harðsporar, 109-11.

**GK-001:038** *Smalinn* dys

"Norður af því [Krýsuvíkurlhrauninu] uppi við veg, sott hvrtu megin hans, er svo Litla-Eldborg og Stóra-Eldborg. ... Beint upp af Stóru-Eldborg og austur af bæ er allhátt fell, sem heitri Geitahlíð. Milli Eldborgar og Geitahlíðar er Eldborgarskarð, en litlu austar er Deildarháls; um hann lá vegurinn áður. Beint upp af Stóru-Eldborg er hvammur, sem Krýsuvíkingar kalla Hvítkeggshvam ... Austan við hvamminn og hálsinn eru þrjú dys, austust er Herdís, svo er Krýs og loks samalinn. En hann ofan götunnar, en þær neðan ..."

1840: "Forntíðarkonur 2, Krýs og Herdís, nafnkenndar af bæjum sínum, Krýsu- og Herdísarvíkum, áttu lönd saman, sem enn liggja þau. Vildi Herdís næstum eiga alla Geitahlíð af hennar landi, en hún vildi ei gefa eftir. Fundust þær á Deildarhálsi. Kom so hart í með þeim, að Herdís drap smala Krýsar, sem með henni var, en Krýs vildi hefna, og lauk svo með þeim, að hvör drap aðra. Eru þar 3 dys, þeirra beggja sunnan við götuna, en smalans uppi brekku fyrir norðan hana. Síðan heitir hálsinn Deildarháls." segir Jón Vestmann í sóknarlýsingu frá 1840. "... sögn um tvær konur, Krýs og Herdís, sem deildu um beit og drápu hvor aðra. Enn eru sýndar rétt við veginn yfir hálsinn dysjar Krýsar og smalamanna, sem voru einnig drepnir." Kálund I, 29. "Spölkorn austan Eldborgarskarðs, þar sem hin forna leið liggur þétt við rætur hlíðarinnar, eru tvær fornar steindysjar. Báðar eru þær sunnan vegar, með mjög skömmu á milli. Dysjar þessar heita Kerlingar, og segja fornar sagnir um uppruna þeirra á þessa leið: / Krýs og Herdís, konurnar, sem sagan segir að fyrstar hafi búið á jörðunum Krýsuvík og Herdísarvík og jarðirnar síðan við þær kenndar, voru lengi búnar að eiga í deilum um landamerki jarðanna, eða komu sér ekki saman um hvar vera skyldu. Voru smalar þeirra oft búnir að elda grátt silfur sín á milli, út af fjárbeit, og vörðu oft spildur úr beitolandinu hvor fyrir öðrum og töldu, að með því rækju þeir erindi húsmæðra sinna. Erjur þessar leiddu til fjandskapar, ekki einasta hvað smalana snerti, heldur og millum þeirra Krýsar og Herdísar, sem báðar þóttust ofbeldi beittar. Þegar þóf þetta hafði farið fram um hríð, og óvild og ágengni færzt mjög í aukana, varð það þó að samkomulagi millum þeirra Krýsar og Herdísar, að endir skyldi bundinn á deilu þessa á þann hátt, að báðar skyldu þær fara, þar tilsettan dag, að heiman á sólarupprás og mörk ákveðin millum jarðanna þar sem þær mættust. Á tilteknum degi fara svo konurnar hvor heiman frá sér, Krýs frá Krýsuvík og Herdís frá Herdísarvík. Smala sína höfðu þær mð í för þessari. Ekki segir frá ferðum þeirra, fyrr en þær mættust á hálsi þeim, sem liggur austan Eldborgarskarðs. Umsvifalaust ganga þær til málanna, og sakaði Krýs Herdís um að hafa brotið samkomulag það, sem þær höfðu áður gert, þar sem hún væri komin svona utarlega í landið, og hefði hún því hlotið að fara fyrr að heiman en tilsett var. Þetta vildi Herdís ekki viðurkenna og stóð fast á sínum rétti, sem hún taldi vera, en líklega hefur Herdís verið eitthvað minni fyrir sér. Um þetta deildu þær langa stund, og á meðan sú deila stóð gekk Krýs svo fast að Herdís, að hún varð að láta undan síga, austur af hálsinum og yfir dal þann, sem austur af honum er. Með hverju skrefi, sem Krýs gekk fram, en Herdís aftur, hitnaði skap þeirra, svo að heitingum varð. Tóku þær þá að biðja hvor annarri óbæna, ásamt jörðum þeirra. Herdís lagði það á Krýsuvíkina, að allur silungur í Kleifarvatni skyldi verða að loðsilungi og öfugugga, en báðar þessar fisktegundir taldar baneitraðar. Krýs lagði það á Herdísarvíkina, að ein eða fleiri skipshafni skyldu drukkna í Herdísarvíkurtjörn, sem er smátjörn, fyrir túni Herdísarvíkur, innan við sjávarkambinn. / Þegar hér var komið sögu, var Krýs búin að hrekja Herdís á eystri brún dals þess, sem áður er nefndur. Þar sprungu þær báðar af heift og mæði. Smalarnir, sem fram að þessu höfðu aðeins verið áhorfendur að því, sem fram fór millum húsmæðra þeirra, hugðu nú til hefnda. Ekki segir frá viðuregin þeirra annað en það, að þar féll Herdísarvíkursmalinn, en hinn fór heim og kunni frá tíðindum að segja. Staður sá, þar sem konur sögunnar mættust, heiti síðan Deildarháls, og dalurinn þar austur af Kerlingadalur. Þar, sem úrslitabátturinn í þessari landamerkiáreið fór fram, sjást enn hinar fornu grjótdysjar, sem ... sagt er að séu kuml þeirra Krýsar og Herdísar. Fram á síðustu áratugi mátti sjá votta fyrir dys smalans, sem þarna féll, og var það neðst í hlíðinni ofan vegar, en er nú að fullu horfið undir skriðuhlaup. Dys Herdísar er talin sú eystri, Krýsar hin vestari. Heryzt hefur, að til forna hafi sýslumörk verið um Kerlingar, en svo er staður þessi ávallt nefndur, og hefur þá línán sennilega verið milli dysjanna, þannig að hvor kona lægi í sínu landi." Harðsporar, 109-111.

**Heimildir:** Ö-Krýsuvík, 3-4; SSÁ, 231; Kálund I, 29; Harðsporar, 109-11.

**GK-001:039** heimild um rétt

Skammt sunnan við þjóðveginn sunnan við Stóru Eldborg er rétt

**Heimildir:** Guðrún Gísladóttir: Gróður, jarðvegur og mannvistarmnjar, 19

**GK-001:040** *Vörðufell* örnefni

"Við suðausturenda Kleifarvatns er allhár móbergshöfði, sem heitir Geithöfði. Ef við höldum svo með vatninu austanverðu, þá er þar hærra uppi hæðarbunga, sem heitir Gullbringa. Af henni er svo nafn sýslunnar dregið. Þar austur af er allhátt fell, sem heitir Vörðufell."

Grindavík

**Heimildir:** Ö-Krýsuvík, 11

**GK-001:041** *Brennisteinsfjall* heimild um brennisteinsnámu

"Framan við Seltúnið eru Brennisteinshúsarústir. Eru þær á Seltúnsbarði, sem er sunnan gilsins. Þar höfðu enskir menn brennisteinstöku á 19 öld. Voru þeir líka í Brennisteinsfjöllunum." segir í örnefnalýsingu. 1756: "Brennisteini hefir verið safnað hér til útflutnings, og hlutafélagið íslenska hefir nú um nokkur ár látið hreinsa hann þar á staðnum. Brennisteinninn hittist að vísu í kringum hverina á láglandinu, en langmest er þó af honum þar, sem eru langir ásar af lituðum leirtegundum. ... Hveralandinu er skipt í tvö svæði. ... Hitt svæðið liggur norðar, uppi í fjöllunum. Þar eru hverirnir flestir, og eru fjórir þeirra mestir." segir í ferðabók Eggerts og Bjarna og er þar nánari lýsing á þessum hverum. 1847: "Í Krýsuvík eru brennisteinsnámur, óyrktar." 1879: "Eftir margar misheppnaðar tilraunir til að nýta Krýsuvíkurnámurnar eru þær eins og sakir standa ónotaðar." Kálund I, 29.

1775: "Bóndinn í Krýsuvík vissi ekki neam af einum stað öðrum, þar sem brennisteinn fyndist. Er hann 2 1/2 mílu í norðaustur þaðan. Síðast meðan unnið var í Krýsuvík að brennisteinsnámi (þ.e. 1752-66] sótti hann þangað allan þann brennistein, sem þar var að fá, á 50 hesta, og hefur það þá verið nálægt 80 vættum. Ekki vissi hann, hvort brennisteinn hefði skapað þar síðan, og væri það vert athugunar." Skýrsla Ole Henschels. 1883: "Skóðaði ég fyrst brennisteinsnámurnar. Á dálitlum grasfleti við læk eru hús þau, er Englendingar byggðu, þegar þeir voru að taka þar brennisteinninn, en nokkru sunnar eru námurnar, undir austurhlíð Brennisteinsfjalla. Úr gígum í hlíðinni hafa runnið mikil hraun, og undir einu þeirra eru námurnar. Gufur koma þar sums staðar upp úr hrauninu eigi mjög heitar (um 26°), og brennisteinsblettir litlir eru utan við rönd þess. ... Handarvík er þó að komast að þessum brennisteini, því að víða þarf að brjóta tveggja mannhæða þykkt, beinhardt blágrýtishraun, til þess að komast að holunum, sem hann er í. Englendingarnir höfðu látið gera stórar skvompur niður í hraunið, en nú er brennisteinsnámið hætt, enda hefur það með engu móti svarað kostnaði, tilraunin líklega helzt gerð til málamyndar vegna hluthafa. Sá brennisteinn, sem þar fékkst, varð 10-12 sinnum dýrari en vanalegt markaðsverð." - ÞT Ferðabók I, 193.

**Heimildir:** Ö-Krýsuvík, 16; FEB II, 205-206; JJ 1847, 84; Kálund I, 29; ÓO II, 272,

#### **GK-001:042** *Húshólmi* bæjarstæði bústaður

"Neðst í hrauninu [Ögmundarhrauni], austast, er Húshólmi, og eru þar allmiklar rústir eftir bæ. Þessi hólmi er niðri við sjó skammt vestan við bergið ... Vestur úr útsuðrhorni Húshólma liggur hraunlæg milli tveggja hraungarða. Skiptist í hún í tvær lágur, er heita Kirkjulágar. Þar eru rústir. Álitid er, að gamli Krýsuvíkurbærinn hafi staðið í Húshólma, enda er illmögulegt að kenna hann við vík, þar sem hann stendur nú. Bæjarrústin þarna er því nefnd Gamla-Krýsuvík. Suður og suðvestur af bæjarrústum þessum verður lögð nokkur í hraunstrauminn, og telja sumir, að þar hafi víkin verið, rétt vestan við Húshólmafjöruna. Rétt hjá rústinni heitir Kirkjuflöt."

Grindavík

Örnefnið Húshólmi kemur fyrst fyrir í trjáreikningi frá 1609 (AM 66a 8vo, 55r-56v) (sbr. Sveinbjörn Rafnsson: Um aldur Ögmundarharuns, 420). 1755: "Eldflóðið féll í sjó niður og eyddi nokkrum bæjum á því svæði, sem nú heitir Ögmundarhraun. Meðal þeirra var kirkjustaður, sem Hólmastaður hét, og sjást þar enn minjar kirkjugarðsins og húsatóttanna." segir í hinni prentuðu Ferðabók Eggerst og Bjarna. Í dagbók þeirra fyrir 31. maí 1755 segir hinsvegar: "Om Effter middagen forloed vi Krisevigen med alle, og Reiste moed NV. först over et Nyt hraun, Ogmundarhraun Kaldet, dette Steenfloed Har for omtrent 200. aar siden, brændt og rundet Ned fra fieldene hen til Søen over 2. miile lang vey og Naar den er Kommen Ned til det Skionne flade land som her har været udvidet sig alleveigne vel over 3. miile langs med Stranden, taget bort Nogle bajer sem her til forne har Staaet, og der i bland Eet Kirke Stæd som heed Holma Stadur med Kirken og alting, dog Seer man endnu paa Een liden plet der er bleven til overs lidet Stykke af (som det meenes) Kirke gaarden og faae Stykker af Husevæggene." ÍB 8 fol, s. 107v-108r (prentað í Sveinbjörn Rafnsson: Um aldur Ögmundarharuns, 420). 1817: "Hús-Hólmi, nidur vid síóin í sama Hrauni; hefur þar verid mikil Bygd, ádur brann, sem sést af Húsa Tópta-Brotum, ad hvórium Hraunid géngid hefur, ad nordan -vestan-sunnan, - og næstum saman ad Austan-verdu; er þar 1t Tóptar-Form 12 Feta breidt, og 24 Feta Lángt, innan nidur fallina Veggia Rústa; Húsid hefur snúid líkt og Kyrkiur vorar, meinast gamalt Goda-Hof; fundid hafa Menn þar nockud smávegis af Eyrtægi; þar er tvisett Túngards form med 20 fadma Milli-bili, hvar nú er Ling Mói; enn Graslendi innan ynnri Gards, austanverdt vid Hraunid." [afmg. 2: Um Húshólma er einnig getið í þjóðsögum um Ögmund og Ö.hraun] - FF, 227. 1840: "Austan til við [Ögmundarhraun] er kallaður Húshólmi. Þar eru stórar húsatóftir niður sokknar, og ein þeirra snýr eins og kirkjur vanalaega. Hefur það verið vel stórt hús. Þó sjást ei tóftirnar allar, því hraunið hefur hlaupið yfir þær að vestanverðu, hvað mikið veit maður ekki, þó til að geta eftir sjón á því sjáanlega yfir fullan helfming, því þar hefur vafalaust verið stórbygging. Þar eru 2r túngarðshringir og hér um bil 20 faðma bil milli þeirra. Meina menn, að Krýsuvík hafi þar verið, ádur hraunið hljóp þar yfir, en við það tilfelli verið flutt upp í fjallavikið, sem þar er þó töluvert langt frá. Við sjóinn er og vík, sem bærinn gat nafn af tekið, nl. Hælsvík nú nefnd." Sóknarlýsing Jóns Vestmann. 1883: "Á aðalhólmanum eru glöggir garðar, einn þeirra 300 m á lengd; þar er kallaður Kirkjuflötur. Á dálitlum bletti úti í hrauninu, rétt fyrir vestan aðalhólmann, eru bæjarrústir. Hefir hraunið að nokkru leyti runnið yfir þær, en nokkuð hefir orðið eftir, og standa veggirnir út undan hraunröndunum. Lengsta tóttin er 16 m, breidd hennar sést þar eigi fyrir hrauninu, sem runnið hefir yfir báða hliðarveggina; önnur, við enda hinnar þveran, er 10 m á lengd og 7 m á breidd, og hin þriðja sérstök rétt við, 10



m á lengd og 8 á breidd. Utan um hana, frá aðalrústunum, er boginn garður, líkur húsagörðum, sem fyrr tíðkuðust á Íslandi. Auk þess sjást tveir aðrir garðspottar. Grjótið í tóttum þessum er dólerít, sams konar og það grjót, sem undir hrauninu liggur." - ÞT Ferðabók I, 189-90. "Hraunflóð það, sem á sínum stað er nefnt Ögmundarhraun, hefir eyðilagð hinn forna bæ. Sjást þess glögg merki. ... Þar undir hraunjaðrinum [við Húshólma] kemur forn túngarður, er liggur kringum allstórt svæði, en hverfur aftur í hraunið niður frá eigi langt frá vesturenda sjávarkambins, sem nú var getið. Annar garður kemur undan hraunjaðrinum nokkru neðar en hinn og stenfir í suðaustur. hann beygist suður á við og gengur gegnum hinn fyrra garð skamt fyrir ofan sjávarkambinn. Er þar hlið á hinum fyrra. Svo heldur þessi síðartaldi áfram að sjávarkambinum og hverfur þar. Er þar sem gata sé rudd gegnum kambinn, líklega sjávargata, er hér eigi allbrimsamt og mun hafa verið útræði. Fyrir neðan þennan síðartaldi garð verður afhallandi brekka ofan að neðri hraunjaðrinum. Liggur þriðji garður þar ofan frá neðra garðinum að neðra hraunjaðrinum og hverfur undir hann. Þannig sér hér á 4 aðskildar girðingar, er allar hverfa að meiru eða minna leyti undir hraun. Engin tóft sést í neinni þessari girðingu, svo að, ef sín girðing hefur tilheyrt hverju býli, þá eru tóftir þeirra býla hrauni byggðar. Vestur úr útsuður horni hólman gengur graslág milli tveggja hraunjaðra. Er hún eigi breiðari en svo, að eigi má ríða 2 hestum samsíða. Þegar samt er komið vestur í hraunið, kvíslast hún í tvær lágur. Þær heita Kirkjulágar. Þar eru rústir. Verður fyrst fyrir tóft, sem snýr frá austri til vesturs, nál. 4 fðm löng og 2 fðm. breið. Dyr eru á vesturenda, jafnvíðar og tóftin sjálf. Mun þar hafa verið þil fyrir. Norðanmegin við þessa tóft, tæplega 2 fðm. frá henni, er garður, sem beygist austur fyrir hana og hverfur þar undir hraunið, en að vestan endar hann í tóftarvegg. Er sú tóft fyrir dyrum hinnar, nálægt jafnstór henni og liggur frá norðri til suðurs. Dyr hennar hverfa undir hraunjaðarinn að sunnanverðu. Vestanvið hana dýpkar láginn að mun, en er þar ekki víðari en svari tóftarvídd. Sé það tóft, hefir þar líklega verið kjallari, en hleðslan hrunin. Frá norðausturhorni þvertóftarinnar gengur garður eftir norðurláginni, fyrst beint í norður nál. 12 fðm., svo beint í vestur nær eins langt og hverfur svo í hraunið. Utanmeð þessum garði er svo sem gangrúm hraunlaust, og er það norðurvísl Kirkjuláganna. Lítur út fyrir að hér hafi hraunið sigið að með hægd frá báðum hliðum. Svo sem 40 fðm norðar í hrauninu er auður vesturhluti rústar, sem auðsjáanlega er bæjarrúst. Hefir hún verið þrískift. Miðtóftin snýr frá norðri til suðurs og hefir dyr á suðurenda og aðrar á vesturveggnum, inn í vesturtóftina. Inn af miðtóftinni virðist og hús hafa verið, sem er hrauni hulið alt að kalla. Miðtóftin nál. 2 1/2 fðm. löng og 1 1/2 fðm víð. Vesturtóftin er jafnvíð og hin er löng, nfl. 2 1/2 fðm., ennál. 5 fðm á lengd. Hún er merkileg að því, að með báðum veggjum, eftir henni endilangri, eru 1 al. breið set eða rúmstæði og markar glögg fyrir veggjum þar utanvið. Austasta tóftin er nær öll hrauni hulin. Þó sýnist sem útidyr hafi verið á henni fyrir austan útidyr miðtóftarinnar. Hvergi er hraunlaus blettur kring um þessa rúst, og ekki verið komið að henni nema á hrauni. Nafnið Kirkjulágar bendir á, að hér hafi kirkjustaðurinn Krýsuvík verið. Getur vel verið, að sú tóftin í syðri láginni, sem fyrst var talin, sé einmitt kirkjutóftin. Hefir heimabærinn þá víst verið þar líka. Rúsin uppi í hrauninu er þó ekki eftir smákot. Hygg ég að heimabær hafi verið tveir, Efríbær og Fremribær, og kirkjan verið hjá Fremri-bænum. Eftir afstöðu að dæma hafa girðingarnar, sem fyr getur, eigi verið tún þessara bæja, heldur annara afbýla, sem þá eru hrauni hulin." Bjarni Einarsson skráði fornleifar í Húshólma sumarið 2000. Hann getur þess að fjórar samsíða línur sem Brynjúlfur Jónsson sýnir þvert yfir hólmann ofanverðan séu "sennilega gamlar reiðgötur sem ekki sjást í dag." Á svipuðum slóðum skráir hann rúst (nr. 2300:4.4) "Ca. 35 m NNV af hæl 17 250, í blánum móa. ... Nánast hringlaga, 8-9 m í þvermál. Veggir ógreinilegir, en úr torfi og grjóti, ca. 1,5 m breiðir og 0,1 - 0,5 m háir. Talsvert rof er í kringum rústina og sjá má líklega hleðslusteina. Engar dyr sjást. Gólf er grasi og lyngi vaxið. Rofabaráð við rústina var kannað og kom í ljós að rústin er eldri en 1226." Rúst þessi hefur hnitíð 63°50.22 N 022°09.52 W. Önnur rúst í Húshólma er "Sunnan við jaðar hrauns í móa. ... 6 x 11 m (A - V). Veggir úr grjóti ca. 0,5 - 1 m breiðir og 0,2 - 0,8 m háir. Tvö hólfa eru á rústinni (A og B). Dyr eru á hólfa A til suðurs. Hólf B er ógreinilegt og dyr ekki sjáanlegar. Veggir á hólfa A eru mosavaxnir en á hólfa B eru þeir grasi- og mosavaxnir. Gólf er grasi gróið. Í norðurhluta hólf A er einskonar skúti í veggnum. Er hann hlaðinn úr mun stærra grjóti en veggirnir." Rúst þessi hefur hnitíð 63°50.26 N 022°09.34 W. Enn önnur rúst er "Ca. 4 m vestur af jaðri hrauns, í móa. ... 2,5 x 3 m (A - V). Veggir úr grjóti, 0,3 - 0,5 m breiðir og 0,2 - 0,5 m háir. Dyr snúa til austurs eða norðausturs. Gólfíð er vaxið lyngi." Þessi rúst hefur hnitíð 63°50.25 N 022°09.44. Ennfremur gerinir Bjarni frá túnagrði í Húshólma: "Við austur jaðar Ögmundarhrauns í Húshólma. Í móa. Garðurinn er úr torfi, 1,5 - 2 m breiður og 0,2 - 0,6 m hár. Garðurinn gengur ca. 50-60 m út undan hrauninu í dálitlum boga. Beygir hann síðan til suðurs og er þar mjög ógreinilegur. Þessi hluti liggur rétt vestan við mikið rofabaráð. Að endingu gegnur hann inn í annan garð (ca. 60 m sunnar) sem einnig gengur út úr hrauninu. ... Grafið var í rof á garðinum skammt austur af þeim stað þar sem hann kemur undan hrauninu og því haldið fram að hann væri eldri en landnámsgjóskan frá 871-72. Landnámsgjóskan lá í þællunni, en ekki garðinum sjálfum." Garðurinn hefur hnitíð 63°50.12 N 022°09.54 W.

**Heimildir:** Ö-Krýsuvík, 13-14; FEB II, 298-99; Sveinbjörn Rafnsson: Um aldur Ögmundarhrauns, 420; SSÁ, 213-24; ÞT Ferðabók I, 189-90; Árbók 1903, 48-49; FF, 227.; Suðurstrandarvegur nr. 2300:4.

**GK-001:043** *Óbrennishólmi* heimild um fjárskýli

"Þá er þar vestar og ofar [en Húshólmi] niður undan Latsfjalli annar grashólmi í hrauninu, Óbrennishólmi." segir

í örnefnalýsingu. "Í [Ögmundahrauni] spölkorn hér frá [þ.e. Húshólma] er og óbrunninn hólmi og ófært hraun allt í kring nema einn lítill stígur, sem síðan hefur verið ruddur. Hólmi þessi nefnist Öbrennishólmi. Þar er sagt smalinn hafi verið með heimilisféð, meðan hraunið hljóp yfir heila plátsið (þar eru og 2 misstórar fjárborgarústir), og að hann hafi ei getað komist undan því annað en á hól þennan, sem hraunið umkringdi." segir Jón Vestmann í sóknarlýsingu frá 1840. "Í Öbrennishólma sjást engar rústir, utan aflagur hringur, vel 5 fðm. í þvermál á hól einum, og er það án efa fjárborg." segir Brynjúlfur Jónsson í skýrslu frá 1903. "Þessi rúst er enn greinileg. Hún er á hól syðst í hólmanum." segir Jón Jónsson í grein um Ögmundarhraun frá 1983.

Guðmundur Ólafsson skoðaði staðinn 23.7.1980, mældi hann og ljósmyndaði.

**Heimildir:** Ö-Krýsuvík, 13; SSÁ; 214. Árbók 1903, 49; Jón Jónsson: Um Ögmundarhraun, 193.

**GK-001:044** heimild

"Í Öbrennishólma sjást engar rústir, utan aflagur hringur, vel 5 fðm. í þvermál á hól einum, og er það án efa fjárborg. Og þar litlu vestar liggur langur og digur garður þvert uppeftir. Slitin er hann sundur sumstaðar nú, en eigi mun svo hafa verið í fyrstu. Á einum stað t.d. hverfur hann undir hraunnef, en kemur undan því aftur hinumegin. Efst hverfur hann undir hraunnef. Tilgangur garðs þessa er mér óljós, nema hann hafi verið landamerkjagarður milli Krýsivíkur og næstu jarðar fyrir vestan."

Grindavík

**Heimildir:** Árbók 1903, 49-50

**GK-001:045** heimild

8.8.1979: "Efst og austst í hólmanum rakst ég þá á hleðslu úr grjóti, sem hverfur inn undir hraunið. Við nánari athugun kom í ljós að þarna hefur verið - sennilega - fjárbyrgi eða rétt, sem hraunið hefur runnið inn í og yfir. Það hefur runnið í lækjum yfir hleðsluna og jafnvel smogið inn milli steinanna." segir Jónsson í grein um Ögmundarhraun frá 1983.

Guðmundur Ólafsson skoðaði staðinn 23.7.1980, mældi hann og ljósmyndaði.

**Heimildir:** Jón Jónsson: Um Ögmundarhaun, 193-94.

**GK-001:046** heimild um leið

"Einkum er mjó hraunkvísl, Ögmundarhraun, andstyggileg. Yfir hana hefur verið ruddur þröngur og djúpur troðningur, og gerði það einn maður að sögn, er Ögmundur hét. Skyldi hann hafa ákveðið gjald af hverjum þeim, er um veginn færi, fyrir fyrirhöfn sína. Launin urðu þau, að hann var myrtur austan við einstigið (þar sem hann hefur ef til vill haft tollbúð sína), og sést þar enn steindys, sem á að vera leiði hans." segir Sveinn Pálsson í skýrslu um Reykjanesför 1796. "Ögmundar-Hraun,...tekur Nafn af Fornmanni nockrum, sem ruddi Veg yfir það, 480 Fadma; og féck til launa, Loford fyrir Dóttur Bóndans á Ísólfss-Skála; enn var af hönunum drepinn sofandi, þá Prautin var unnin. Leiði hans er í Hraunbrúninni austanverðt, aldeilis ómarkverðt Dys. Er hér síðan alfara vegur, miklu skémmri, sem adur lá norður i Fjóllum nærri Hrauns upptókum." FF,227. [svipað hjá BJ Tillag til... 1953,101-2, sbr. Jón Árna. IV, 1956, 133-4. Annars k. saga er hjá Sveini Pálssyni Ferðabók Rv. 1945,661] "Úr því að ég minnst á Ögmundarhraun, sem liggur skammt vestur af Krýsuvík, milli Mælifells og Latfjalls, og gengur í sjó fram vestan Krýsuvíkurbergs, afar illt yfirferðar, nema um einstígi það, sem í það hefur verið rutt endur fyrir löngu, þá get ég hér þeirrar sagnar, sem um þá vegarbót er sögd. Bóndinn í Krýsuvík átti þræl þann, er Ögmundur hét, og lagði sá hug á dóttur bónda, sem ekki hefur bóndi kært sig um þær mægðir; samt gaf hann Ögmundi kost konunnar, en nokkuð skyldi hann til vinna, sem sé það að ryðja veg gengum hraun það er fyrr getur. Tók þrællinn tilboði bónda, en ekki hef og lauk verkinu á tilsettum tíma, en launin urðu þau sömu sem þeir bræður Halli og Leiknir hrepptu, eftri að hafa rutt veg um hið illfæra Berserkjahraun, - dauðinn; hann var veginn að undirlagi bónda, og er dys hans við austurbrún hraunsins við Mælifell, og heitir hraunið síðan Ögmundarhraun."

1840: "Ögmundarhraun. Áður en það var rutt, varð að fara vestur yfir hálsa fyrir endann á hraunsuppkomunni, þegar fara þurfti til Njarð- eða Keflavíkur. Bóndinn í Krýsuvík, að nafni Gissur, átti dóttur. Hennar bað lausingi nokkur, tröllumenni að stærð og kröftum. Bóndi vildi ei gifta dóttur sína fúlmanni þessu, en treystist ei að standa í móti hönunum, tekur því það ráð að lofa hönunum stúlku þessari, ef hann vilji vinna það til hennar að gjöra færan veg yfir hraunið, þar sem beinn yrðu vegur til Suðurnesja. Þetta verk tókst hinn á hendur og framkvæmdi það duglega, en lagðist til svefns að loknu verki austan til við hraunbrúnina, en bóndi lá í leynd í hraungjótu, ætlaði hinum stundir að sofna vært og drap hann sofandi. Þar er dys hans, sem drepinn var og hraunið síðan við hann kennt." segir Jón Vestmann í sóknarlýsingu frá 1840. "Frá Borgarhólum heldur leiðin í áttina að Ísólfsskála og áfram til Grindavíkur. Liggur hún þar bæði yfir blásna móa og úfið hraun. Í hinu úfna hrauni er leiðin yfirleitt rudd, ca. 3 m breið. Fornleiðin er vörðud nær alla leiðina frá Krýsuvík að Ísólfsskála. Alla vegi á einum stað er vísir að brú (veghleðsla) þar sem leiðin fellur ofan af stalli niður á hraun skammt vestur af Litlahálsi ... Núverandi vegur hefur verið lagður ofan í gömlu leiðina frá Skalla og vestur að Ísólfsskála. Sömu leiðis hefur núverandi vegur legið yfir leiðina á stöku stað vestur af Ísólfsskála." segir í skýrslu um fornleifar við

Suðurstrandarveg.

**Heimildir:** FSP, 661; FF, 227-9; Ólafur Þorvaldsson: Árbók 1943-48, 83; SSÁ, 231-32; Suðurstrandarvegur nr. 2300:2.

**GK-001:047** *Ögmundarleiði* heimild um legstað

"Einkum er mjó hraunkvísl, Ögmundarhraun, andstyggileg. Yfir hana hefur verið ruddur þröngur og djúpur troðningur, og gerði það einn maður að sögn, er Ögmundur hét. Skyldi hann hafa ákveðið gjald af hverjum þeim, er um veginn færi, fyrir fyrirhöfn sína. Launin urðu þau, að hann var myrtur austan við einstigið (þar sem hann hefur ef til vill haft tollbúð sína), og sést þar enn steindys, sem á að vera leiði hans." segir Sveinn Pálsson í skýrslu um Reykjanesför 1796. "Ögmundar-Hraun,...tekur Nafn af Fornmanni nockrum, sem ruddi Veg yfir það, 480 Fadma; og féck til launa, Loford fyrir Dóttur Bóndans á Ísólf-Skála; enn var af hónum drepinn sofandi, þá Prautin var unnin. Leiði hans er í Hraunbrúninni austanverdt, aldeilis ómarkverdt Dys. Er hér sídan alfara vegur, miklu skémmri, sem adur lá norður í Fjöllum nærri Hrauns upptökum." FF,227. [svipað hjá BJ Tillag til... 1953,101-2, sbr. Jón Árna. IV, 1956, 133-4. Annars k. saga er hjá Sveini Pálssyni Ferðabók Rv. 1945,661]. "Úr því að ég minnst á Ögmundarhraun, sem liggur skammt vestur af Krísvík, milli Mælifells og Latfjalls, og gengur í sjó fram vestan Krísvíkurbergs, afar illt yfirferðar, nema um einstígi það, sem í það hefur verið rutt endur fyrir löngu, þá get ég hér þeirrar sagnar, sem um þá vegarbót er sögð. Bóndinn í Krísvík átti þræl þann, er Ögmundur hét, og lagði sá hug á dóttur bónda, sem ekki hefur bóndi kært sig um þær mægðir; samt gaf hann Ögmundi kost konunnar, en nokkuð skyldi hann til vinna, sem sé það að ryðja veg gengum hraun það er fyrr getur. Tók þrællinn tilboði bónda, en ekki hef og lauk verkinu á tilsettum tíma, en launin urðu þau sömu sem þeir bræður Halli og Leiknir hrepptu, eftir að hafa rutt veg um hið illfæra Berserkjahraun, - dauðinn; hann var veginn að undirlagi bónda, og er dys hans við austurbrún hraunsins við Mælifell, og heitri hraunið síðan Ögmundarhraun." "Austan við hraunið [Ögmundarhraun] í rótum Mælifells er Ögmundarleiðið, þar sem Ögmundur sá, sem hraunið er við kennt, á að vera grafinn. ... Ögmundardysið eða leiðið er vestan undir Krísvíkur-Mælifelli ..."

1840: "Ögmundarhraun. Áður en það var rutt, varð að fara vestur yfir hálsa fyrir endann á hraunsuppkomunni, þegar fara þurfti til Njarð- eða Keflavíkur. Bóndinn í Krísvík, að nafni Gissur, átti dóttur. Hennar bað lausingi nokkur, tröllumenni að stærð og kröftum. Bóndi vildi ei gifta dóttur sína fúlmanni þessu, en treystist ei að standa í móti hönum, tekur því það ráð að lofa hönum stúlku þessari, ef hann vilji vinna það til hennar að gjöra færan veg yfir hraunið, þar sem beinn yrðu vegur til Suðurnesja. Þetta verk tókst hinn á hendur og framkvæmdi það duglega, en lagðist til svefns að loknu verki austan til við hraunbrúnina, en bóndi lá í leynd í hraungjótu, ætlaði hinum stundir að sofna vært og drap hann sofandi. Þar er dys hans, sem drepinn var og hraunið síðan við hann kennt." segir Jón Vestmann í sóknarlýsingu frá 1840.

**Heimildir:** FSP, 661; FF, 227-9; Ólafur Þorvaldsson: Árbók 1943-48, 83; Ö-Krísvík, 14; SSÁ, 231-32.

**GK-001:048** heimild um leið

"Leiðin liggur frá A-jaðri Ögmundarhrauns í átt að Húshólma, yfir úfið hraun. ... Ca. 600 m löng (A-V) þar sem hún liggur yfir hraunið að Húshólma. Leiðin er rudd, 2 - 2,5 m braið og 0,3 - 0,6 m djúp. Við V - enda er varða semvirðist nýleg. Önnur varða er þar sem leiðin liggur niður í Húshólma og beygir til suðurs. Þar er einnig garður sem liggur þvert á leiðina í jaðri hraunsins. Er garðinn ca. 60 m langur úr hraungrjóti. Leiðin liggur svo áfram niður (suður) Húshólmann. Er hún víða ógreinileg á þessum kafla ... Mun leiðin liggja áfram að Selatöngum." segir í skýrslu um fornleifar við Suðurstrandarveg.

Leiðin hefur hnitíð 63°50.33 N 022°08 W við austurendann þar sem leiðin kemur niður í Húshólma.

**Heimildir:** Suðurstrandarvegur 2300:4.1

**GK-001:049** *Hettuvegur* heimild um leið

"[Drumbsdalavegur liggur yfir Sveifluháls milli Krísvíkur og Vígðísarvalla] Þar norður frá er hóll, sem heitir Bleikshóll, og þar niðrundan í norðurhlíðum hálsins er dalur, sem heitir Bleikingsdalur. Þá er vegur sem heitir Hettuvegur eða Móhálsavegur. Ekki kann ég að staðsetja veg þennan."

1883: "Síðan fórum við frá Vígðísarvöllum yfir Sveifluháls að Krísvík um Hettuveg (285 m), sem heitir eftir háu fjalli rétt sunnan við námurnar. Vegur þessi er allbrattur og eru hálsarnir báðir örmjóir að ofan, sagyddir og klungróttir, allir úr móbergi." - ÞT Ferðabók I, 184.

**Heimildir:** Ö-Krísvík, 15; ÞT Ferðabók I, 184

**GK-001:050** *Ketilstígur* heimild um leið

1755: "Hverirnir í Krísvík liggja í dalverpi undir háum fjöllum á eldbrunnu landsvæði. Gatan niður af fjallinu í dal þenna heitir Ketilstígur. Hann er stuttur, en allbrattur." segir í ferðabók Eggerts og Bjarna. "Arnarvatn er í lægð á hálsinum, og í gegnum þá lægð liggur vegur, sem nefndur er Ketilstígur. Ef komið er norðan frá yfir hálsinn, liggur hann fyrst upp bratt klettahögg, og þegar upp á það er komið, blasir Ketillinn við, en það er

kringlóttur djúpur dalur eða skál niður í fjallið ... Framan við Ketilstíg er Bleiksflöt. Sunnan við Ketilstíg niðri heitir Fagraflöt."

Henry Holland lýsir leiðinni milli Hafnarfjarðar og Krýsuvíkur 1811 - Dagbók í Íslandsferð 1811, 80-82. William Hooker lýsir Ketilsstíg 1809 - Ferð um Ísland 1809, 141-42. 1840: "Þegar komið er hér um bil í miðjan [Móhalsadal] liggur leiðin suðaustur til fjalla, yfir esytri Móhrygginn, og er þar fast hjá gígur einn í hálsinum, skammt ofan við dalbotninn. Þessi gamli gígur hefur nú að nokkru fyllst upp og gróið, hann er kringlóttur og var eitt sinn mjög djúpur; heitir hann Ketill og tekur vegurinn nafn sitt af honum og kallst Ketilsstígur. Þar er hálsinn nokkuð hár en ekki breiður og þegar kemur yfir hann eru nyrstu brennisteinsnámarnir í Krýsivík rétt við fætur manns." Jónas Hallgrímsson, Ritverk III, 366. 1840: "Frá Krýsuvík liggur annar vegur til [Hafnarfjarðar], nefndur Ketilsstígur, 3 partar úr þingmannaleið að lengd, grýttur og brattur sem hinn ... Litli-Nýibær í Krýsuvík er næst við Ketilsstíg ... Ás í Garðasókn á Álftanesi er næsti bær við Ketilstíg að vestan." SSÁ, 222. 1879: "Stuttur fjallvegur, en brattur liggur yfir hálsinn til Hafnarfjarðar og Reykjavíkur. Er af honum fagurt útsýni yfir fjörðinn til fjallanna fyrir norðan. Einnig er leiðin sem liggur af hálsinum niður að bænum í Krýsuvík talin mjög eftirtektarverð, því að hún bugðast að nokkru milli sjálfra námanna, og verður að gæta vel að sér að stíga ekki niður úr leirskorpunni, sem er laus og brothætt, en oft leynist undir sjóðandi leðja." Kálund I, 29.

**Heimildir:** FEB II, 205; Ö-Krýsuvík, 16; Jónas Hallgrímsson, Ritverk III, 366; SSÁ, 222.

**GK-001:051** *Hofmannaf্লöt* heimild

"Norðvestan við Miðdegishnúk, vestan Sveifluháls, er Hofmannaf্লöt."

**Heimildir:** Ö-Krýsuvík, 16

**GK-001:052** *Sogasel* heimild um sel

"Norðan við Grænavatnseggjar [hæð vestan Djúpavatns og er smávatnið Grænavatn á henni.], Engjaháls og Djúpavatn er lægð gegnum fjöllin, sem heitir Sog. ... Vestan í Sogunum er sel, sem heitir Sogasel." segir í örnefnalýsingu Krýsuvíkur. Selsvellir ná inn að Grænavatnseggjum er svo nefnist brúin á hálsinum, þar sem Grænavatn er austur af...Grænavatnseggjar ná inn í Sog. Sogin eru gilskorningur í Vesturhálsinum. Sogaseldalur er grasigróinn gýgur vestast í Sogunum og þar var sel frá Flekkuvík.", segir í örnefnaskrá fyrir Vesturháls.

Guðrún Gísladóttir getur Sogasels í skýrslu frá 1993 og birtir af því uppdrátt: "Seljarústirnar eru þrjár. Sú austasta er í bestu ásigkomulagi. Þarna var haft í seli um 1703 frá Kálfatjörn í Vatnsleysustrandarhreppi, en síðar einnig frá Bakka."

**Heimildir:** Ö-Krýsuvík, 18-19; Ö-Vesturháls, 1; Guðrún Gísladóttir: Gróður, jarðvegur og mannvistarmnjar, 28.

**GK-001:053** *Búðarvatnsstæði* örnefni

"Norður frá Mávahlíðum rís upp Mávahlíðarhnúkur. Héðan til norðausturs liggur leiðin um hraun að Búðarvatnsstæði og norðaustan þess er hár grjóthóll, sem heitir Markhelluhóll."

**GK-001:054** *Selatangar* heimild um verbúð

1703: "Jörðin á í sínu landi, en þó allfjarri, skipsuppsátur og brúkar heimabóndinn það um vertíð fyrir sig og hjáleigumenn sína. Öngvar eru þar verbúðir aðrar. Og er þó lending merkilega slæm, heitir plátsið á Selatöngum." segir í jarðabók Árna og Páls. 1756: "Selatangi við Krýsuvík er lítill, en vel fallinn til sjósóknar, en ströndin er klettótt og lending ill sakir brima." segir í Ferðabók Eggerts og Bjarna. "Þegar kemur vestur fyrir Miðrekana og landinu fer að sveigja til norðurs, taka við Seltangar. ... Á Seltöngum var fyrrum mikil útróðrarstöð og verstöð. Er þar enn allmikið af búðarústum og fiskigörðum til herzlu á fiski. Hér er mikið af hraunhellum, þótt flestir séu þeir litlir, voru þeir notaðir til ýmissa hluta og hlutu nöfn af. Nokkru eftir 1880 lagðist útræði hér niður að fullu og öllu." segir í örnefnalýsingu Krýsuvíkur. "Austan við Hraunnef [þar sem leiðin er hálfnuð út í Selatanga er]...Veiðbjöllunef...Austan við Veiðbjöllunef kemur Mölvík...þar upp af Mölvík austan til heitir Katlahraun...Austast í Katlahrauni er Nótárhellir og gengur í sjó fram...Fyrir austan Nótárhelli er sandfjara og síðan taka við Selatangar.", segir í örnefnaskrá Ísólfsskála. "Nokkuð austan við bæinn á Ísólfsskála, sem svarar klukkutíma gang, gengur tangi fram í sjóinn. Hann heitir Selatangar.", segir í örnefnaskrá AG um Ísólfsskála.

FRÍÐLÝSTAR MINJAR. "Verbúðatóftir, fiskbyrgi, fiskigarðar og önnur gömul ammnvirki í hinni fornu verstöð á Sealtöngum." Friðlýst (í landi Ísólfssstaða) 01.09.1966, þinglýst 05.09.1966. - Fornleifaskrá, 13. "Á Selatöngum var aldrei föst búseta, heldur einungis útver með nokkrum verbúðum. Þaðan var einkum útræði Krýsuvíkurmanna, en Krýsuvík fylgdu lengi nokkrar hjáleigur. Til er gömul þula sem telur 73 menn við róðra í Krýsuvík. Ástæðan fyrir þeim kveðskap er sögð vera sú, að strákur einn hafi orðið mótustuttur í verinu. Buðust þá hásetar á skipum þeim sem þar reru að gefa honum mötu til vertíðarloka, ef hann kæmi nöfnum þeirra allra í eina þulu: Tuttugu og þrjá Jóna telja má, / tvo Árna, Þorkel, Svein./Guðmunda fimm og Þorstein, þá/ Þorvald,

Gunnlaug, Freysteinn. / Einara tvo, Ingimund, Rafn, / Eyvind, tvo Þórða þar. / Vilhjálmur Gestir verður jafn / Vernharður, tveir Bjarnar / Gissura tvo, Gísli, Runólf, / Grím, Ketil, Stíg, Egil. / Erlenda þrjá, Bernharð, Brynjólf, / Björn og Hildibrand til. / Magnúsar tveir og Markús snar / með þeim hannes, tveir Sigurðar. / Loftur, Hallvarður, Hálfán, senn / þar sezt hann Narfa hjá. / Á Selatöngum sjóróðramenn / sjálfur Guð annist þá. - Þótt aldrei væri stórt útver á Selatöngum eru þar þó talsverðar verminjar. Þaðan var seinast róið 1884." Íslenskir sjávarhættir II, 37-38. Guðrún Gísladóttir lýsir rústinum svo í skýrslu frá 1993: "Þarna eru nú minjar um verbúðir, fiskbyrgi og garðhleðslur sem eru að mestu horfnar. Rústirnar eru margar og er hægt að telja þær upp undir 20, auk garðhleðslanna sem eru á hraunnefum og eru nú að mestu horfnar. Á vestustu hraunnibbunni er verbúð og rústir auk garðhleðsla (rúst A á 4. mynd). Á næstu nibbu austan við eru rústir sömu leiðis en hraunnibban er aðgreind frá þeirri vestari af sandi. Hinar rústirnar eru svo á þriðju nibbunni sem myndar samfelldara og stærra svæði en hinar og þar eru líka felstar rústirnar. Austast á þessu svæði er önnur verbúðatóft og byrgi í líkingu við það sem er vestast (rúst B á 4. mynd). Utan í hraunflákanum að austan eru fyrirhleðslur við skúta sem virðast hafa verið notaðir af fé. Margar hleðslurnar hafa farið verulega illa í flóðum undanfarin ár. Verbúðartóftin vestari er undir hraunbrúninni og er mjög fallin, þó má greina húsaskípan. Rústin er hlaðin úr grjóti og torfi en hraungrjót er meginbyggjngarefnið, enda hefur skort torf í hraunhafinu sem umlykur Selatanga að sjó. Við rústina að norðan- og sunnanverðu eru byrgi sem þarf að varðveita. Allt í nágrenninu eru svo hlaðnar rústir sem þarf að huga að. Nokkur byrgi eru uppstandandi og vel farin og slaga þau uppí að vera mannhæðarhá. ... Stórflóðin á undanförunum árum hafa farið illa með rústirnar. Rústirnar eru á hraunnibbum sem skaga út frá Ögmundarhauni og utan í þeim." "Á Selatöngum var allmikil útgerð frá Skálholti í eina tíð, en lagðist fyrst niður um tíma eftir Básendaflóðið 1799 og svo að fullu og öllu milli 1880 og 1890. Þarna eru byrgi og búðatættur, sem eru nú friðlýstar. Dágon var klettur á kámpinum suður af vestustu sjóbúðinni á Selatöngum er er nú hruninn...Skiptivöllur er smáhæð fyrir austan Dágon, grasivaxin að ofan. Sjóbúðirnar standa austan undir Skiptivelli á hraunefi.", segir í örnefnaskrá Ísólfskála. "Á Selatöngum sjást byrgi og búðatættur, eldhús og önnur mannvirki, enda var þarna allmikil útgerð fyrir eina tíð...", segir í örnefnaskrá AG um Ísólfskála. **Heimildir:** JÁM III, 7; FEB II, 259; Ö-Krýsuvík, 13; Ö-Ísólfskáli, 2; Ö-Ísólfskáli AG, 1; Ólafur E. Einarsson: Höfuðbólið Krýsuvík og fjórtán hjáleigur þess", 5; ÁÓG, Fornleifaskrá, 13.

**GK-001:055** *Tangadraugur* heimild um draug

"Á Seltöngum [045] hafðist við um eitt skeið hinn nafnkunni Tangadraugur (Tanga Tumi), sem talinn var hversdagslegur fremur meilíftill, en þá er á hann rann jötunmóður, gat hann orðið svo fyrirferðarmikill, að hann "fyllti út í fjallaskörðin" að því er Beinteinn gamli í Arnarfelli sagðist frá."

Grindavík

**Heimildir:** Ólafur E. Einarsson: Höfuðbólið Krýsuvík og fjórtán hjáleigur þess", 5

**GK-001:056** tóft fjárskýli

"Ca. 40 m suður af malarvegi, NA í klettum er heita Litliháls." segir í skýrslu um fornleifar við Suðurstrandarveg.

"Ca. 10,5 m í þvermál. Veggir úr grjóti, ca. 1,5 m breiðir og 0,8-1,3 m háir. Dyr snúa mót vestri. Út úr borginni suðvestanverðri gegnur garður, 4 m langur, 0,5 - 1 m breiður og 0,1 - 0,6 m hár. Við norðvesturhorn fjárborgarinnar er hólfi. Veggir þess eru úr grjóti, 1 - 1,5 m breiðir og 0,1 - 1 m háir. Dyr gætu hafa verið á hólfinu til NNV. Út úr þessu hólfi gengur garður, 10 m langur, 0,3 - 0,8 m breiður og 0,1 - 0,4 m hár. Beygir hann dálítið til suðurs. Garðurinn er mjög ógreinilegur eftir því sem utar (vestar) dregur." segir í skýrslu um fornleifar við Suðurstrandarveg.

**Heimildir:** Suðurstrandarvegur 2300:3

**GK-001:057** heimild

"Við austur jaðar Ögmundarhrauns. Ca. 10 m vestur af vegaslóða. Í blásnum móa. Gerði (náthagi?). Ca. 20 m í þvermál. Veggir úr grjóti, 1-3 m breiðir og 0,5 - 1,2 m háir. Dyr eru til suðurs og botn vel gróinn. Vesturhlutinn afmarkast af hrauninu, en þó er lítilfjörægur veggur á hraunkantinum. Hugsanlega er kró í suðvestur hluta." segir í skýrslu um fornleifar við Suðurstrandarveg.

Rústin hefur hnitíð 63°51.10 N 022°08.39 W.

**Heimildir:** Suðurstrandarvegur nr. 2300:5.

**GK-001:058** varða

"Á litlum hól, ca. 20 m austur af vegaslóða. Ca. 50 m NNV af hæl 177800. Í móa. Varða. Úr hraungrjóti, ca. 2 m í þvermál við rót og 1,2 m há. Varðan er ekki vel hlaðin þar sem hún stendur á klettinum. Hugsanlega vísar varðan á gerðið (náthagann?) [057]?" segir í skýrslu um fornleifar við Suðurstrandarveg.

**Heimildir:** Suðurstrandarvegur nr. 2300:6.

**GK-001:059** *Jónsvörður* örnefni  
"Þá er hér óstaðsett .... Jónsvörður."  
Grindavík  
**Heimildir:** Ö-Krýsuvík, 19

## **GK-006 Vigdísarvellir**

1703: Hjáleiga Krýsuvíkur en nýtt sem selstaða frá Þorkötlustöðum. "Selstöðu brúkar jörðin [Þorkötlustaðir] og hefur lengi brúkað í Krýsuvíkurlandi, þar sem heitir á Vigdísarvöllum, segja menn að selstaðan sje ljeð frá Krýsuvík, en Krísuvík aftur ljeð skipstaða fyrir Þorkötlustaðalandi." JÁM III, 14. Býlið var vestan við Sveifluháls en undir Núpshlíðarhálsi segir í örnefnalýsingu Krýsuvíkur. 1840: Vigdísarvellir eru nýbýli frá 1830 en voru áður selstaða - SSÁ, 220, 221. Var í eyði um 1880 en byggðist á ný fram yfir aldamótin 1900 - Saga Grindavíkur II, 86-87.

"Vigdísarvellir og Bali höfðu sínar eigin engjar og nærtækar, er og um nokkuð langan veg og einkar torsóttan að sækja þaðan á Krýsuvíkurengjar." Ólafur E Einarsson: Höfuðbólið Krýsuvík og fjórtán hjáleigur þess", 5

**GK-006:001** *Vigdísarvellir* bæjarstæði bústaður

"Undir Núpshlíðarhálsi norðan hrauns tekur við hraunlaust graslendi, sem heitir Vigdísarvellir. Þarna voru tvær hjáleigurnar, Vigdísarvellir, ... og Bali."

"... 1879 féll sterk baðstofa á Vigdísarvöllum, en ... (í) jarðskjálftunum 28. og 29. janúar 1905 ... hrundu eða stórskemmdust öll hús á Vigdísarvöllum og á Litla-Nýjabæ." - ÞT Ferðabók I, 184.

**Heimildir:** Ö-Krýsuvík, 15, 18; ÞT Ferðabók I, 184.

**GK-006:002** *Fell* heimild um býli

"Um miðjan 6. áratug 19. aldar var svo þriðja býlið byggt á þessum slóðum. Það nefndist Fell." segir í Sögu Grindavíkur II. Þar er aðeins getið búsetu í manntali frá 1855 og gæti verið um framhlað byggðar í Bala að ræða.

**Heimildir:** Saga Grindavíkur II, 86-87

## **GK-007 Bali**

Hjáleiga Krýsuvíkur, ekki nefnd í jarðatali 1703. Býlið var vestan við Sveifluháls en undir Núpshlíðarhálsi segir í örnefnalýsingu Krýsuvíkur. Þar er fyst getið búsetu árið 1840 og síðast 1850 - Saga Grindavíkur II, 87.

"Vigdísarvellir og Bali höfðu sínar eigin engjar og nærtækar, er og um nokkuð langan veg og einkar torsóttan að sækja þaðan á Krýsuvíkurengjar." Ólafur E Einarsson: Höfuðbólið Krýsuvík og fjórtán hjáleigur þess", 5

**GK-007:001** *Bali* bæjarstæði bústaður

"Undir Núpshlíðarhálsi norðan hrauns tekur við hraunlaust graslendi, sem heitir Vigdísarvellir. Þarna voru tvær hjáleigurnar, Vigdísarvellir, ... og Bali."

**Heimildir:** Ö-Krýsuvík, 18

## **GK-009 Ísólfskáli**

16 hdr. 1840, óviss 1703. Eign Skálholtsstaðar. JÁM III, 8. Aðrar orðmyndir nafnsins eru Ísuskáli og Ísiskáli. Saga Grindavíkur I, 142.

1703: "Við til húsabótar hefur ábúandinn af reka þegar hann heppnast...Tún sendið mjög og liggur undir skriðum. Engjar öngvar. Útigangur mjög lakur...Grasa og sölvatekja er í fjörunni að nokkru gagni. Selveiði hefur áður nokkur verið og kynni enn að vera, ef ágreiningslaust væri við Krýsuvíkur ábúendur. En hjer eru misgreiningar nokkrar um landamerki og vita menn óglögt, hvör þessi hlunnindi má með rjettu brúka...Heimræði er af jörðunni vetur og sumar, en lending bág og brimasöm...Torftekja til húsaþaks og heytors sendin, og mjög bæði gagnslítill og erfið. Vatnsból er erfitt bæði til nautnar fyrir menn og pening sumar og vetur..." JÁM III, 8-9. 1840: "Slétt tún eru á Ísuskála, en lítill rækt er í þeim; litlir eru hagar þar og fremur graslitið pláss, því fellin þar um kring að norðanverðu eru ber og graslitið eins og líka hraunið þar strax fyrir sunnan, sem nær allt til og þó langt austur fyrir Selatanga. Er þar líka vatnsskortur mikill nema fjöruvötn, sem bæði eru brúkuð til neyzlu og handa fénaði." segir í sóknarlýsingu, Landnám Ingólfs III, 141.

**GK-009:001** *Ísólfskáli* bæjarhóll bústaður

"Gamli Ísólfsskáli var upp af Skálabót undir Bjallanum vestast. Þar eru nú húsatættur.", segir í örnefnaskrá.

"Á Ísólfsskála féll eldhús [í jarðskjálftum 28. og 29. janúar 1905]." - ÞT Ferðabók I, 184. Athugasemd á túnakorti: "Bærinn fluttur frá sjó, bygður að stofni og kálgarðar árið 1916. Jörðin hafði þá verið í eyði 3 ár."

**Heimildir:** Ö-Ísólfsskáli, 1; ÞT Ferðabók I, 184; Túnakort 1918.

**GK-009:002** heimild um útihús

Útihúsasamstæða og sambyggð rétt austast í túni - kálgarðar sambyggðir réttinni að norðan.

**GK-009:003** *Gvendarvör* heimild um lendingu

"Austast í Skálabót [gamli Ísólfsskáli 001, var upp af Skálabót] eru klapparflúðir, sem heita Vötnin. Þar kemur ósalt vatn um fjöru. Skammt austur af Vötnunum eru sléttar klappir, Gvendarklöpp, og beint suður af henni er Gvendarsker. Þar heitir lendingin Gvendarvör.", segir í örnefnaskrá. " ... var þar aðallending Ísólfsskálabænda." segir í Sögu Grindavíkur I.

"Heimræði er af jörðunni vetur og sumar, en lending bág og brimasöm..."JÁM III. "Þar var lent, þegar gott var í sjó. Miðið í vörina er, að austurhorn Gvendarskers á að jaðra við Nótarhól þar til vörin opnast inn og hægt er að slá undan.", segir í örnefnaskrá.

**Heimildir:** Ö-Ísólfsskáli, 1; Saga Grindavíkur I, 50; JÁM III, 8-9

**GK-009:004** *Hestagerði* heimild um rétt

"Nótarhóll er hóll upp af Gvendarvör [003]...Norðvestur af Nótarhól er smágerði, sem kallað er Hestagerði.", segir í örnefnaskrá.

Etv sama og 002

**Heimildir:** Ö-Ísólfsskáli, 2

**GK-009:005** heimild um leið

Leið milli Ísólfsskála og Selatanga, u.þ.b. klukkustundar ganga og talin hálfnuð við Hraunes: "Í fjörunni austur af Nótarhól [sem er upp af Gvendarvör 003] eru tveir svartir klettur, sem heita Svörtuklettur. Suður af þeim er skerjagarður, sem brýtur á um flóð. Þar heita Trantar. Austan Tranta er Hattvík, smá malarvík. Rangagjögur er lón inn í landið og fellur sjórinn um rifna klöpp. Þar austur af er klettur upp á kámpinum með grastó í toppinn, sem heitir Hattur. Þar austur af er smábás, sem heitir Skálábás. Þar austur af er hraunnef í sjó fram og austur af því Kvennagöngubásar. Heimastibás er vestasti básinn. Hraunnes skagar í sjó fram þar fyrir austan. Þar er talin hálfnuð leið frá Ísólfsskála að Selatöngum, en þessi leið er talin um það bil klukkustundar gangur.", segir í örnefnaskrá.

"Lá þar sem nú er vegaslóði niður að Selatöngum. Í hrauni. Fornleið. Horfin." segir í skýrslu um fornleifar við Suðurstrandarveg.

**Heimildir:** Ö-Ísólfsskáli, 2; Suðurstrandarvegur 2300:7

**GK-009:006** heimild um smiðju

"Austan undir hraunnefinu [þar sem sjóbúðirnar 006, standa] eru fjórir hellar og var einn þerra smíðahellir og sést þar enn steinskál, sem notuð var til kælingar.", segir í örnefnaskrá.

**Heimildir:** Ö-Ísólfsskáli, 3

**GK-009:007** *Brunnar* örnefni brunnur

"Fyrir norðaustan Dágon eru smátjarnir, kallaðir Brunnar.", segir í örnefnaskrá.

**Heimildir:** Ö-Ísólfsskáli, 3

**GK-009:008** *Borgin* heimild um rétt

"Ef farið er vestast í landareignina þá eru Móklettur [002] vestast (norðaustan í Festi)...Suður frá Móklettum er Lyngfell og austur úr því er Litliháls. Þar austur af er Litla-Borgarhraun og þar í er hlaðin hringmynduð fjárborg, sem kölluð er Borgin.", segir í örnefnaskrá.

**Heimildir:** Ö-Ísólfsskáli, 3

**GK-009:009** *Hattur* heimild

"Bjallinn heitir klettastallur og nær frá Hjálmarbjalla og inn í Ból, sem er undir fellinu Slögu vestast. Hæðarbunga vestan undir Slögu heitir Slögubringur. Stór klettur er þar, sem Hattur heitir en er skráður á kort sem Grettistak.", segir í örnefnaskrá.

**Heimildir:** Ö-Ísólfsskáli, 3

**GK-009:010** *Méltunnuklif* heimild um leið

"Méltunnuklif er norð-norðaustan í Skálamælifelli. Þar er gamli vegurinn í nokkuð brattri og þröngri brekku...", segir í örnefnaskrá.

"...og segir sagan að þar hafi farið mjöltunna af hesti og niður fyrir.", segir í örnefnaskrá. Á þesari leið er varða sem Bjarni Einarsson skráði suamrið 2000: "Á hól, ca. 50-60 m suður af malarvegi. Í hrauni. Varða. úr hraungrjóti, 1 x 1,3 m (N - S) við rótina og 1,8 m há. Varðan er vel hlaðin. Ca. 50 m SV af vörðunni er ung varða (ekki skráð sérstaklega). Varðan hefur varðaðgömlu þjóðleiðina frá Krýsuvík að Ísólfskála. ... 5 m suður af vörðunni er járnsteinn, trépinni og hæðarpunktur VG 95 503." Varðan hefur hnitíð 63°51.12 N 022°16.47 W.  
**Heimildir:** Ö-Ísólfskáli, 4; Suðurstrandarvegur nr. 2300:8

**GK-009:011** heimild um leið

"Austan við mitt Sandfell er götuslóði yfir hraunið austur í Hraunssel fremst [013].", segir í örnefnaskrá.

**Heimildir:** Ö-Ísólfskáli, 5

**GK-009:012** *Selsvellir* heimild um sel

"...Hraunsseli, sem eru tættur sels frá Hrauni í Grindavík. Þrengslin eru þar innar með hálsinum þar sem hraunið gengur næst hálsinum að vestan. Síðan taka við Selsvellir og þar upp af Selsvallafjall. Selsvellir ná inn að Grænavatnseggjum er svo nefnist brúin á hálsinum, þar sem Grænavatn er austur af...Grænavatnseggjum ná inn í Sog. Sogin eru gilskorningur í Vesturhálsinum. Sogaseldalur er grasigróinn gýgur vestast í Sogunum og þar var sel frá Flekkuvík.", segir í örnefnaskrá Vesturháls.

Staður í Grindavík átti selstöðuna á Selsvöllum, sbr. 1703: "Selstaða góð til haga, en langt og erfitt að sækja, hefur þó hjeðan frá staðnum brúkuð verið lxxx ár á Selsvöllum." - JÁM III, 22. 1840: "Eftir jarðabókinni 1760 á Staður selstöðu á Selsvöllum, þó það nú sýnist orðið almennings selstaða úr allri Grindavík." segir í sóknarlýsingu og ennfremur: "Selsvellir eru héðan í landnorður upp í fellum, og er Keilir, þegar í sel þetta er komið, rétt í útnorður. Stendur selið í Strandarmannalandi eður fyrir norðan Grindavíkur landamerki. Þar er allgrösugt, en bízt fljótt upp, því allir bæir í sókninni nema Hraun hafa þar í seli, og þó að engu goldið Staðarprestinum. Vilja menn hér, gjöra þessa selstöðu almennings, og þyrfti þó ei að vera. ... Sú mun og orsök, að allir hafa þyrpt á Selsvelli, því þar er dálítill rennandi lækur rétt við selið." Landnám Ingólfs III, 134. 1844: " ... í bréfi sr. geirs Bachmanns til biskups árið 1844 ... segir hann ... að hann hafi notað sér selstöðuna á Selsvöllum ásamt tveimur hjáleigubændum. Það hafi forverar sínir líka gert þegar þeir hafi verið það fénaðarmargir, að þeim hafi fundizt það borga sig. Þegar prestur notaði sér ekki selið, fóru sóknarbændur að fara með fénað sinn á Selsvelli, í fyrstu með leyfi sóknarprests og keyptu þá af honum selhúsin. - Í tíð sr. Geirs var svo komið, að ásamt honum höfðu 6 bændur í seli á Selsvöllum. Áttu þeir allir selhús þar og var fénaður þeirra um 500 fjár, ungt og gamalt, og um 30 nautgripir. Kvartar prestur yfir því, hve lítil not honum séu að selinu þegar slíkur skepnugrúti gangi á Selsvöllum. Þetta valdi því líka, að reka verði allan selfénaðinn horaðan og nytlausan heim að bæjum einatt í 17. viku sumars (fyrir miðjan ágúst). Þessir bændur töldu sig eiga jafnan rétt til selstöðu eins og Staðarprestur, sumir jafnvel meiri. Var nú svo komið, að í stað þess, að Staðarprestur hefði átt að hafa talsverðan arð af selstöðu þessari hafði hann, að dómi sr. Geirs, af henni óbætánlegan skaða vegna þess hve nytlítill og rýr peningur hans verður meðan slíkur fjöldi fjár er á Selsvöllum og fyrr er lýst. Þannig var selstaða prestssetursins "leyfis- og borgunarlaust brúkuð eins og almennings eða allra selstaða væri þeirra hér í sókn, sem hana nýta vildu". Ef þessu héldi fram, yrði selstaðan ekki einungis arðlaus fyrir Stað heldur ónýt með öllu fyrir "óhemju átroðning og yfirgang". GB Mannlíf, 43-44. 1883: "Selvellir eru stórar grassléttur norður með hálsinum norðanverðum, allt norður fyrir Trölladyngju. Er þar ágætt haglendi og vatn nóg, lækur, sem fellur úr hálsinum niður undir hraunið. Þar hefir áður verið sel frá Stað í Grinavík, en er nú af tekið. Sjást þar enn tvennar eða þrennar seltóttir. Nú hafa menn þar nokkurs konar afrétt og reka þangað fé og hesta, enda er þar fríðara land og byggilegra en víða þar, sem mikil byggð er. Væri það nóg land fyrir 2-3 bæi, því bæði eru slægjur nógar á völlum og ágæt beit á hálsinum." ÞT Ferðabók I, 180. Guðrún Gísladóttir lýsir tóftum á Selsvöllu í skýrslu frá 1993: "Á Selsvöllum eru rústirnar mjög fallnar en má þó vel greina þær enn. ... Þarna eru rústir í hraunjaðrinum sem liggur vestan Selsvalla og uppi undir hlíðinni. Haft var í seli á Selsvöllum þegar á 17. öld og jafnvel fyrr. Selstaðan tilheyrði prestsetrinu á Stað í Grindavík. Um miðja 19. öldina var gróður og jarðvegseyðing þó orðin svo alvarleg að bændur í Grindavík höfðu nánast allir í seli á Selsvöllum við fátæklegar undirtektir Staðarprestsins." - Árið 1703 hföfðust útilegubjófar við í helli við Selsvelli og í helli hjá Hvernum eina í nokkrar vikur - þeir voru gripnir og hengdir á þingi sama ár - Ólafur Briem í Útilegumenn og auðar tóttir.

**Heimildir:** Ö-Vesturháls, 1; JÁM III, 22. SSGK, 134; GB Mannlíf, 43-44; ÞT Ferðabók I, 180; Guðrún Gísladóttir: Gróður, jarðvegur og mannvistarminjar, 22; Ólafur Briem ÚAT, 154-55.

**GK-009:013** *Eystri-Tangagata* heimild um leið

"Eystri-Tangagata liggur frá Skalla [hnúkur sem gengur suður úr Núphlíð og er á mörkum Vígðísarvalla og Ísólfskála] og yfir hraunið fram á Selatanga...", segir í örnefnaskrá.

**Heimildir:** Ö-Ísólfskáli, 4

**GK-009:014** *Vestri-Tangagata* heimild um leið



"...Vestri-Tangagata frá Skálagörn [það er jarðsig suð-suðvestan í Núphlíð og liggur frá jafnsléttu að gamla veginum norðan Núphlíðar] og fram á Selatanga.", segir í örnefnaskrá.

**Heimildir:** Ö-Ísólfskáli, 4

**GK-009:015** *Nótarhól* heimild

"Nótarhóll er hóll upp af Gvendarvör [003]...", segir í örnefnaskrá.

"Á Nótarhól var byrgi.", segir í örnefnaskrá AG.

**Heimildir:** Ö-Ísólfskáli, 1; Ö-Ísólfskáli AG, 1

**GK-009:016** *Litlaból* heimild um kvíar

"Hlíðin sunnan í [Núphlíðar]hálsinum heitir Núphlíð...Á móti þar austast er fjallshlíðin nefnd Skalli, og er það í Vigdísarvallandi. Vestur af því er smárauf nefnd Litlaból, lítið fjárból, sem blasir vel við frá Selatöngum, enda innsiglingarmerkið þar á leguna.", segir í örnefnaskrá AG.

**Heimildir:** Ö-Ísólfskáli AG, 3

**GK-009:017** *Fjárból* örnefni kvíar

"...Mælifellsskarð. Vestan þess tekur svo við fjall allmikið, sem heitir Slaga. Rétt innan við bæinn skagar klapparnef fram úr Slöggunni, sem heitir Skollanef...Fremst í Slöggunni, rétt við túnið innanvert, er Fjárból, við alllangan hamravegg.", segir í örnefnaskrá AG.

**Heimildir:** Ö-Ísólfskáli AG, 4

**GK-009:018** heimild um varnargarður

"...Mælifellsskarð. Vestan þess tekur svo við fjall allmikið, sem heitir Slaga...Vestur af Slöggunni er gróðurlítið svæði, sem nefnt er Melar. Vestan við þá heitir Lágur. Þær eru vestan við veginn og langur grjótgardur hlaðinn þeim til varnar.", segir í örnefnaskrá AG.

"Er mikið hér af slíkum görðum og víða með mjög fallegu handbragði.", segir í örnefnaskrá AG.

**Heimildir:** Ö-Ísólfskáli AG, 4

**GK-009:019** *Drykkjarsteinn* þjóðsaga

"...Mælifellsskarð. Vestan þess tekur svo við fjall allmikið, sem heitir Slaga...Norðanvert við Slöguna er Drykkjarsteinn.", segir í örnefnaskrá AG. "Drykkjarsteinsdalur er norðan við Slögu vestanvert. Þar í er Drykkjarsteinn. Það er stakur móklettur við fjallshlíðina með nokkuð djúpa skál en litla um sig, og þar stóð oftast vatn í, sem var kærkomin svölun ferðamönnum, því lítið er um yfirborðsvatn á þessum slóðum. Skálin er nú sprungin og ekkert vatn þar lengur að hafa.", segir í örnefnaskrá.

"Hans er víða getið, vegna þess að þar fengu ferðamenn oft svölun. Hans er einnig getið í þjóðsögum.", segir í örnefnaskrá AG. 1840: "... frá Krýsuvík út eða vestur til Grindavíkur, annar [vegur], og til Njarðvíkur sá vestlægar vegur. Skiptast þeir hjá Drykkjarsteini, markverðum þess vegna, að í enni stærstu holu, sem í hönum eru, fæst eður hefur oftast verið vatn, nema máske í allra langvaranlegustu þerrum, til svölunar ferðafólki á þessum langa vatnslausa vegi. En fyrir fáum árum síðan skyldu nokkrir ferðamenn örmæddir af þorsta ekki hafa fundið vatn í steinholunni og einn þeirra fyrir þann skuld ósæmt í hana, og er sagt, að síðan hafi hún verið jafnan þurr. ... Steinn þessi stendur á þurru aurmelsholti." segir í lýsingu Selvogspinga 1840. 1883: "Frá Ísólfskála riðum við upp á Selvelli við Núphlíðarháls. Á leiðinni er á einum stað, á hálsi nokkru fyrir norðaustan Ísólfskála, svokallaður Drykkjarsteinn. Það er stór móbergssteinn með djúpum holum í. Sezt þar stundum vatn í holurnar, og er það kærkomið ferðamönnum í sumarhita." ÞT Ferðabók I, 180.

**Heimildir:** Ö-Ísólfskáli, 4; Ö-Ísólfskáli AG, 5; SSÁ, 222; ÞT Ferðabók I, 180.

**GK-009:020** *Ból* hellir kvíar

"Bjallinn er klettastallur og nær frá Hjálmarsbjalla og inn í Ból, sem er undir fellinu Slögu vestast.", segir í örnefnaskrá.

"Hellisskúti þar sem fé var geymt í.", segir í svörum við spurningum um örnefnaskrá.

**Heimildir:** Ö-Ísólfskáli,3; Ö-Ísólfskáli svör, 1

**GK-009:021** *Nátthagi* örnefni nátthagi

"Vestur frá Langhrygg norður af slögu í Ísólfskála, er sandlægð, sem heitir Nátthagi. Þetta er leirkvos og vestan hennar rís upp Borgarfjall. Vestan Borgarfjalls er Nátthagakriki.", segir í örnefnaskrá Hrauns.

Nátthagaskarð er nefnt í Sögu Grinavíkur I, 61.

**Heimildir:** Ö-Hraun, 5; Saga Grindavíkur I, 61.

**GK-009:022** *Hraunssel* heimild um sel

"Austan við mitt Sandfell er götuslóði yfir hraunið austur í Hraunssel fremst. Inn með Núpshlíðarhálsinum að vestan eru tættur, sem Hraunssel heita.", segir í örnefnaskrá.

"...sem eru tættur sels frá Hrauni í Grindavík.", segir í örnefnaskrá Vesturháls. 1840: "Litlu vestar en Selsvellir er selstaða frá Hrauni; hér er árlega haft í seli frá bæ þessum, og eru landamerkin milli seljanna í svo kölluðum Prengslum." segir í sóknarlýsingu. 1883: "Komum við fyrst að Hraunsseli (155 m). Það er nú í rústum, en ágætt gras er í kring og dálítill vatnsdeigla í klettunum fyrir ofan." ÞT Ferðabók I, 180. Guðrún Gísladóttir lýsir Hraunsseli í skýrslu frá 1993: "Veggjarhleðslur uppi standandi þótt þær hafi látið á sjá. Þarna var sel frá Hrauni."

**Heimildir:** Ö-Ísólfskáli, 5; Ö-Vesturháls, 1; SSGK, 144; ÞT Ferðabók I, 180; Guðrún Gísladóttir: Gróður, jarðvegur og mannvistarminjar, 29.

**GK-009:023** heimild um leið

1840: "[frá Hrauni] verður að fara almenningsveg upp svokallaða Hálsa, kringum Festarfjall og niður á hægri hönd að sjó, hvar bærinn stendur." segir í sóknarlýsingu.

**Heimildir:** SSGK, 141.

**GK-009:024** *Móklettur* áletrun landamerki

"Fyrir botni Hraunsvíkur er fjallið Festi. Í áberandi stuðlabergsgangi austarlega í fjallinu eru landamerki Ísólfskála og Hrauns. Heitir þar Festin. Þaðan eru merkin í móbergsstrýtur og hnúka norðan undir Festi. Þar eru tákn um landamerkin klöppuð á hellu norðan við veginn. Þeir heita Móklettur.", segir í örnefnaskrá.

**Heimildir:** Ö-Ísólfskáli, 1

**GK-009:025** heimild um verbúð

"Brynjólfur biskup Sveinsson var fyrstur Skálholtsbiskupa til að hefja útgerð frá jörðinni, og lét hann reisa þar verbúð fyrir skipshöfnina á stólsskipinu. Hversu lengi úgerð stólsins á Ísólfskála stóð, er óljóst, en 1734 fórst þar stólsskip og druknuðu þá 10 menn."

**Heimildir:** Saga Grindavíkur I, 143, 213.

**GK-009:026** mannvirki refagildra

Í Sögu Grindavíkur II, 94 er ljósmynd af refagildru "í Katlahrauni vestan Selatanga, frá tíð Guðmundar Hannessonar á Ísólfskála."

Guðmundur bjó á Ísólfskála frá 1880 til 1901.

**Heimildir:** Saga Grindavíkur II, 94.

## **GK-010 Hraun**

26 hdr. 1840, óviss 1703. Eign Skálholtsstaðar. JÁM III, 9. 1847: Jarðardýrleiki 25 hdr. JJ, 84. Hjáleigur 1703: Vatnagarður, Garðhús (í eyði) og ein ónefnd við heimabæinn. JÁM III, 10-11. Hjáleigur í örnefnaskrá: Draugagerði, Bakkar (Litla-Hraun), Sunnuhvoll, Hrauntún. Ö-Hraun LJ, 1.

1703: "Rekavon í betra lagi...Heimræði er árið um kríng en lending voveifleg...Engjar öngvar. Útigangur í lakasta máta hjer í sveit." JÁM III, 9-10. Heimildir frá 18. öld gefa nokkra hugmynd um bújörðina Hraun, og virðast af þeim sem hún hafi þá verið einna lökust í sveitinni. Saga Grindavíkur I, 135. 1840: "Þar eru falleg tún og vel ræktuð; hefir nefndur hreppstjóri [Jón Jónsson] látið mikið slétta í túni sínu, og er þar þó ekkert illþýfi. ... láglendið allt um kring túnið að vestan, norðan og útnorðanverðu er svarta lausasandur og lágar hraunklappir ... Vatnsskortur er mikill á bæ þessum ... Eigi verður þar höfð nokkur skepna heima á sumrum, og eru allir hestar daglega fluttir langt í burtu á bak við Fiskidalsfell, þó brúka eigi strax að morgni. Bágt er þar og með beiti í fjöru á vetrum, því fjara er þar allsstaðar há, en lítið útgrynni. Gengur því oftast fé og hross í Þorkötlustaðanesi um vetur, hvar, eins og á öllum bæjum í Grindavík, er betri fjara en á Hrauni." Landnám Ingólfs III, 140.

**GK-010:001** *Hraun* bæjarhóll bústaður

"Bærinn stendur við sjó vestanvert við Hraunsvík, rétt utast við hana vestanverða.", segir í örnefnaskrá AG.

1840: "Bær þessi er hinn allra reisulegasti í sókninni...uppbyggð nú í seinni tíð þrjú stór og reisuleg timburhús." SSG

**Heimildir:** Ö-Hraun AG, 1; SSGK, 140; Túnakort 1918

**GK-010:002** heimild um útihús

Útihús í kálgarði SSA af bænum

**Heimildir:** Túnakort 1918

**GK-010:003** heimild um útihús  
Stórt útihús austur af bænum, sunnan við heimreið  
**Heimildir:** Túnakort 1918

**GK-010:004** heimild um útihús  
Útihús austur af bænum, norðan við heimreið  
**Heimildir:** Túnakort 1918

**GK-010:005** heimild um útihús  
Útihús austast í túni  
**Heimildir:** Túnakort 1918

**GK-010:006** heimild um útihús  
Útihús byggt við túngarð í norðausturhorni túns  
**Heimildir:** Túnakort 1918

**GK-010:007** heimild um bænhús

1840: "Á Hrauni var forðum bænhús, en ei veit ég hvenær aflagt, og ei heldur fæ ég upplýst, hverjir bæir sóttu þangað kirkju." segir í sóknarlýsingu. "Sker út af Vatnagarði kemur aðeins upp úr á stórstraumfjöru og er kallað Klobbasker. Sagt er, að það hafi komið upp, þegar bænhús var aflagt á Hrauni (sennil. á 17. öld).", segir í örnefnaskrá LJ.

"Enginn vafi leikur þó á því, að kirkja hafi verið á Hrauni á miðöldum og allt fram yfir 1600, og virðist hún hafa gegnt mikilvægu hlutverki. Við vitum að sönnu ekki með vissu, hvenær kirkjan var reist, en...voru líkur leiddar að því, að með "Lónalandi", sem getið er um í Vilkinsmáldaga, væri átt við Hraun. Fáí sú tilgáta staðist, er ljóst að kirkja hefur verið risin á Hrauni árið 1397 og vafalaust allnokkru fyrr, en í Vilkinsmáldaga segir um "Lónaland" og kirkjuna þar, að Staðarkirkja eigi fjórðung í jörðinni og "...skal sá hafa leigu af þeim sem kirkju varðveitir slíka sem settist við þann er þar býr." Með þessu er átt við það, að til Staðar skyldu renna leigur af jarðarpartinum eftir því sem umsemdist milli þess, er gætti kirkjunnar í "Lónalandi", og ábúenda þar. Á hinn bóginn kemur ekki fram, hver þar var, sem gæta skyldi kirkjunnar. Hún virðist því ekki hafa verið prestsskyld, engar heimildir eru fyrir því, að til hennar hafi verið góldin neins konar gjöld eða tollar, og er því líklegast, að Staðarklerkar hafi samið um kirkjugæsluna við ábúandann á "Lónalandi" (Hrauni). Engar heimildir eru um kirkjuna á Hrauni frá 15. og 16. öld. Árið 1602 skýtur henni skyndilega upp í annálum, en við það ár segir Fitjaannáll: "Þá drukkuðu á stóra farmaskipi Skálholtsstaðar 24 manneskjur með einni stúlku, fyrir framan Þorkötlustaði í Grindavík..og voru þeir flestir jarðaðir í bænhúsinu í Grindavík á Hrauni." Þessi útför hefur væntanlega verið ein síðasta kirkjulega athöfnin, sem framkvæmd var í kirkjunni, eða í bænhúsinu, á Hrauni. Kirkjan mun hafa verið aflögð skömmu eftir þetta og í Chorographica Islandica, sem rituð var um 1700, segir Árni Magnússon: "Á Hrauni í Grindavík hefur verið kirkja. Sér enn til kirkjugarðs og stendur þar nú í staðinn skemma. Þessi kirkja er nú fallin fyrir um 100 árum ongefer (circa vel paulo ante annum 1600)." Saga Grindavíkur I, 137-38. Í vísitáðu Staðar frá 1642 kemur fram að kirkjan þar átti klukku "sem kom frá Hrauni" - Saga Grindavíkur I, 108-109.

1840: "Á Hrauni var forðum bænahús, en ei veit ég hvenær aflagt, og ei heldur fæ ég upplýst, hverjir bæir sóttu þangað kirkju."SSG

**Heimildir:** SSGK, 141; Ö-Hraun LJ, 1; Saga Grindavíkur I, 108-109, 137-138;

**GK-010:008** *Kapellulág* tóft

"Milli Festar [berggangur sem gengur úr Festarfjalli] og Dunkshellis upp með hömrnum með sjó er Hraunssandur. Heldur nær bæ en hellirinn er Hvalhóll. Rétt vestan við Hvalhól er smávík, sem heitir Hrólfsvík. Upp af henni er lægðardrag, sem nefnt er Kapellulág.", segir í örnefnaskrá AG. "Skeljabót er næst fyrir norðan Bótina [017]. Þar eru k[ ]appir nefndar Skeljabótarklappir. Vondafjara er þar fyrir norðan. Síðan kemur Hrólfsvík, Efri-og Fremri-með skeri á milli...Upp af Efri-Hrólfsvík er grjóthruða og kölluð Ræningjabæli. Þar gróf dr. Kristján Eldjárn, þegar hann var þjóðminjavörður, og taldi hann að þetta hefði verið enzkur verlsunarstaður.", segir í örnefnaskrá LJ. "Á Hraunssandi, um það bil einum kílómetra fyrir austan Hraun, er örnefnið Kapellulág." Saga Grindavíkur I. "Ca. 8 m SA af malarvegi og 26 m SV af hæl 5150" segir í skýrslu um fornleifar við Suðurstrandarveg.

FRIDLÝSTAR MINJAR. "Lítil rúst í Kapellulág, við veginn á Siglubergsháls." Friðlýst 25.10.1930, þinglýst 15.11.1938. - Fornleifaskrá, 13. "Þar er smágrjótrúst. Er til þjóðsaga um rúst þessa.", segir í örnefnaskrá AG.

Rannsókn í Gullbringu og Árnessýslu sumarið 1902 eftir Brynjúlf Jónsson: "Kapellulág heitir lægðardrag nokkurt upp með veginum sem liggur frá Hrauni í Grindavík upp á hálsinn (Siglubergsháls). Í draginu er dálítil grjótrúst, nokkuð grasigróin, svo sem 3 al. í þvermál að ofan, en fláir utan og virðast vera nokkuð hrinin.

Naumast er hún yfir I al. á hæð. Nafnið Kapellulág bendir til þess, að hér hafi verið Kapella, án efa ætluð ferðamönnum til að gjöra þar bæn sína áður en þeir lögðu á Krýsuvíkurhálsa, sem hafa verið álitnir hættulegir eftir að jarðeldar runnu þar ofan. Rústin er raunar lítil til að vera kapellutóft. En hafi kapellan verið af timbri og grunnur af grjóti undir, þá mundi rústin svara því, að vera leifar af þeim grunni. Einkennilega munnmælasaga hefir myndast um þessa rúst. Hún er á þá leið: Þá er Tyrkir rændu í Grindavík (1627), flýði drengur einn undan þeim, ríðandi á rauðri meri, og hleypti upp veg. Einn af Tyrkjunum elti hann, og var svo fljótur á fæti, að hann náði honum í Kapellulág. Þreif hann þá í tagl merarinnar. En hún sló báðum afturfótum fyrir brjóst honum svo hart, að hann lá dauður eftir. Var hann þá dysjaður, og á rústin að vera dys hans." BJ

Fornleifarannsókn í Kapellulág 1954: "Á sjávarbakkanum um 200 m suðaustur frá dysinni er grasi gróinn hól, sem heitir Hvalhóll. Menn taka mið af þessum hól, þegar hann ber í dysina frá sjónum séð, og heitir þetta mið "Húsið". Í því nafni felst sjálfsagt réttari bending um uppruna þessa mannvirkis en í munnmælasögunni...Það var þegar í stað ljóst við rannsóknina, að við höfðum fyrir okkur lítið hús eða hústóft, sem var barmafull af mold, sandi og grjóti, innveggir lítið sem ekki hrundir, en útveggir mjög hrundir og steinar úr þeim skriðnir út á alla vegu. Af því skapaðist dysjarútlitið og þá einnig nafnið og loks munnmælasagan um Tyrkjann. Í miðnafninu Húsið hefur hins vegar geymst minning um, að þetta hafði í upphafi verið hús. Það hefur verið ótrúlega lítið. 2,20 m að lengd og 1,20 m að breidd. Veggirnir eru hlaðnir úr grjóti í 1 m hæð og standa vel að innan, lítið eitt fláandi upp eftir, þ.e. hallast út. Veggjarþykktin hefur verið um 1 m, eftir því sem næst verður komizt. Húsið hefur snúið frá austri til vesturs, þó lítið eitt til norðvesturs. Vesturgafli hefur verið úr timbri og dyr á að norðan. Í þeim hefur verið eins konar stétt af smásteinum. Við syðri langvegginn lágu tvær stórar myndarlegar hellur, og hefur hin fremri náð alveg fram undan þilstafninum, sem beinlínis virðist hafa hvílt á henni. Eitthvað virðist hafa hvílt á þessum hellum við suðurvegginn, t.d. borð eða bekkur. Fremri hellan er 15 sm þykk, og álika hátt þrep er í dyrunum við hliðina á henni, enda er gólfið þetta lægra en hlaðið fyrir framan...fannst ein látunspata með stöppuðu verki þar sem efst varð vart við mannvistarleifar. Þegar neðar dró, fjölgaði fundnum hlutum, svo að lokum urðu þeir undra margir...Ekkert bendir til þess, að hús þetta hafi verið kapella, annað en nafnið Kapellulág. Rústin sjálf var ekki kölluð Kapella, heldur Dysin. Miðnafnið Húsið er fremur bending um, að hús þetta hafi ekki verið kapella. Ekki er þarna heldur neinn svo hættulegur staður, að eðlilegt væri að hafa þar bænhús fyrir vegfarendur, enda örstutt að Hrauni, þar sem áður var kirkja. Þrátt fyrir þetta hefður þó getað verið einhverjar ástæður til þess að þarna væri reist kapella, en heimildir og staðhættir mæla ekki sérstaklega með því, og fornleifafundurinn mælir því mikið heldur í gegn, þótt hann afsanni það ekki að fullu. Til dæmis snýr húsið í vestur án þess að sjáist, hvernig á því stendur, jafnvel snýr það dálítið skakkt uppi á móti brekku, eins og nokkuð hafi þótt við liggja, að það sneri einmitt þannig. En ekki er þetta nógu veigamikið til þess að halda meg fram þess vegna, að húsið hafi verið bænhús. Þegar hinir mörgu smáhlutir komu fram á svo litlum bletti og loks enskur peningur í þokkabót, hvarflar hugurinn óneitanlega að verzlun Englendinga hér á miðöldum. Eins og kunnugt er var Grindavík einmitt sá staður, þar sem þeir stóðu hvað föstustum fótum. Gat það verið, að þarna væri beinlínis fundin svolítill ensk búðarhola, þar sem einkum hefði verið verzlað með kvenlegan glysvarning?...Að öllu athuguðu held ég helzt, að hús þetta hafi verið verkstofa málmsmiðs. Því til sönnunar tel fyrst og fremst það, að sumir smáhlutirnir virðast greinilega ekki fullgerðir...Afklippur úr látúni og tinni virðast benda í sömu átt. Skýlt er þó að vekja athygli á, að ekki fundust nein merki um, að bræddur hefði verið málmur á þessum stað, hvorki málmdropar né gjall, deiglubrot eða þess háttar. En ekki afsannar það, að þarna hafi hafzt við maður, sem hafði það að atvinnu að smíða hluti ýmsa, sem þarna fundust. Einkennilegast er staðarvalið. Að vísu er ekki ljóst, hvernig umhverfi hússins hefur verið á miðöldum, þó að trúlegt sé, að þá þegar hafi það verið mjög blásið, og hefði það þó ekki þurft að gera smiðnum neitt til. Hitt er torskýrðara, hversu einangrað þetta hús er og snauð að öllum mannvistarleifum öðrum. Þarna er fá merki, sem mannabyggð lætur venjulega eftir sig, mjög lítil aska og matarúrgangur. Þótt smiðurinn hefði verið einsetumaður og hirtz í þessum ótrúlega litla kofa, ættu slík merki ekki að leyna sér, ef ekki hefði vistin staðið því skemur. Helzt verður að hugsa sér, að þarna hafi einn maður hafzt við aðeins örskamma hríð, segjum eitt sumar eða nokkra mánuði. Slík vist hefði ekki þurft að láta eftir sig nein veruleg merki. Verður nú um sinn að una við þessa skýringu, þótt henni sé um margt áfátt, unz eitthvað kann að koma fram, sem varpar nýju ljósi á þennan einkennilega fund." segir í rannsóknarskýrslu Kristjáns Eldjárns frá 1954. Athugasemd frá Kristjáni Eldjárni um Kapellulág í Grindavík árið 1979: "Fyrir nokkru benti Þórður Tómasson mér á merkilega heimild sem fram hjá mér fór en miklu máli skiptir. Í Biskupaannálum séra Jóns Egilssonar, sem hann skrifaði rétt eftir 1600, segir svo um biskupstíð herra Gissurar Einarssonar (þ.e. 1542-1548): "Á hans dögum slógust þeir Erlendur á Strönd og menn hans við Engelska í Grindavík, og fengu menn Erlends miklar skemmdir. Hann lét og þar um bil drepa tvo menn engelska, saklausa, - þeir lágu eptir, - annan á Bjarnarstöðum í Selvogi, þar í dyrunum, er hét Jón Daltun; hann sendi eptir honum í Fljótshlíð austur. Annan lét hann drepa á sandinum fyrir ofan Hraun í Grindavík, þar sem nú er kapellan; sá hét Nikulás". - Safn til sögu Íslands I, Kph. 1853, bls. 86...þarna skrifar greinagóður maður um 1600 að Kapella sé á Hraunssandi...Í fljótu bragði mætti þetta virðast ótrúlega lítið guðshús, jafnvel þótt kapella sé, á eyðilegum stað...Lítill bænhús við alfaraveg voru (og eru) víða til í kaþólskum löndum. Hér á landi eru dæmi um slíkt mjög fá. Þess vegna væri mikil um vert að geta með vissu sagt að litla húsið í Kapellulág sé í raun réttir slíkur helgistaður." KE. Sumarið 2000 kom Bjarni Einarsson í Kapellulág: "5 x 6 m (NA-SV). veggir úr grjóti, en form

á rústinni ekki sýnilegt. Rústin er 0,6 m há og mjög blásin. Friðlýsingarhæll er utan í rústinni að NV verðu." Dysin hefur hnitíð 63°51.04 N 022°21.45 W.

**Heimildir:** Ö-Hraun AG, 2; Ö-Hraun LJ, 2; BJ í Árb. 1903, 47-48; Saga Grindavíkur I, 138; KE í Árb. 1955-1956, 18-20, 31-32; KE í Árb. 1979, 187-188; Suðurstrandarvegur nr. 2300-13.

**GK-010:009** *Vatnagarðar* bæjarstæði býli

"...niðri í túninu, Vatnagarðar. Þar var eitt sinn býli.", segir í örnefnaskrá AG. "Vatnagarður, syðst í túninu.", segir í örnefnaskrá LJ.

1703: Vatnagarður. Hjáleiga."JÁM III

**Heimildir:** Ö-Hraun AG, 2; JÁM III, 10; Ö-Hraun LJ, 1

**GK-010:010** *Sauðagerði* heimild um rétt

"Í túninu er engin nöfn en gerðið austur af túninu er nefnt Sauðagerði.", segir í örnefnaskrá AG.

**Heimildir:** Ö-Hraun AG, 2

**GK-010:011** heimild um leið

"Vestan við Grákvíguhraun er Höfðinn, sem er nokkur hár...Norðan við Höfðann, aðskilið af mjóu skarði, er Sandfell. Um þetta skarð liggur gata, sem lá um sunnanvert Þráinsskallahraun (Skolahraun) austur í svonefnd Þrengsli, en það er grasræma eða lægð, sem myndast milli Núpshlíðar að austan og hraunsins að vestan.", segir í örnefnaskrá AG.

**Heimildir:** Ö-Hraun AG, 3

**GK-010:012** þúst legstaður

"Á austanverðu Fagradalsfjalli er hóll, sem heitir Stórhóll, rétt vestur af Nátthagaskarði. Norður af honum er laut og svo djúpir dalir með grasflöt, nefndir Geldingadalir. Þar er þúst á flöt, og er sagt, að þar sé Ísólfur á Skála grafinn.", segir í örnefnaskrá AG.

"Vildi hann vera grafinn, þar sem geldingarnir hans hefðu það sem bezt.", segir í örnefnaskrá AG.

**Heimildir:** Ö-Hraun AG, 6

**GK-010:013** *Dalssel* heimild um sel

"Rétt innan við Innstadal, norður undir hrauninu, sem hér heitir Dalahraun, eru Nauthólsflatir, og austast á þeim er hóll, sem heitir Nauthóll...Innst með Fagradalsfjalli, eða beint norðan þess, er gamalt sel, sem hét Dalssel, og inn af því undir vesturhorni fellsins, sem heitir Fagradals-Vatnsfell, er Fagradals-Hagafell.", segir í örnefnaskrá AG.

**Heimildir:** Ö-Hraun AG, 6

**GK-010:014** *Sandakravegur* heimild um leið

"...norður af Höfða er Sandfellið...Vestan við Leggjabrjótshraun, Fagradalsfjalls. Næst við Kálffell er Eldborgir. Svo tekur við mikið hraunflæmi og afarfornt, sem heitir Dalahraun...Skammt vestur af Fagradalsfjalli er í því tveir hólar með talsverðu millibili, og heita þeir Innri-Sandhóll og Sandhóll, sem er hærri og sunnar. Meðfram fellinu liggur hér gamall vegur, norðan úr Vogum, og heitir hann Sandakravegur. Lá hann um Móhálsa.", segir í örnefnaskrá AG.

1840: "Sá norðasti [aðalvegur] kallast Sandakravegur; liggur hann í norður útnorður út úr þeim eina alfaravegi austanmanna, sem frá Ölfusinu og Selvogi er hingað, skammt fyrir austan og ofan Hraun ..., fram hjá Fiskidalsfelli og Skógfellunum, sem öll eru að vestanverðu við veginn, og kemur maður af honum ofan á Vogastapa." segir í sóknarlýsingu.

**Heimildir:** Ö-Hraun AG, 7; SSGK, 129

**GK-010:015** *Bakkar* bæjarstæði býli

Hjáleiga: "Bakkar (eða Litla-Hraun) norðan núverandi húsa.", segir í örnefnaskrá LJ.

**Heimildir:** Ö-Hraun LJ, 1

**GK-010:016** *Sunnuhvoll* bæjarstæði býli

Hjáleiga: "Sunnuhvoll norðvestan við Hraun...", segir í örnefnaskrá LJ.

**Heimildir:** Ö-Hraun LJ, 1; Túnakort 1918

**GK-010:017** *Hrauntún* bæjarstæði býli

Hjáleiga: "Sunnuhvoll [011] norðvestan við Hraun og Hrauntún þar vestur af.", segir í örnefnaskrá LJ. Kallað

Hraunkot í manntali 1801 og á túnakorti frá 1918

**Heimildir:** Ö-Hraun LJ, 1; Túnakort 1918

**GK-010:018** *Draugagerði* bæjarstæði býli

Hjáleiga: "Óljósar sagnir eru um hjáleiguna Draugagerði vestur við túnhlið. Þar stóðu fjárhús, sem elstu menn muna.", segir í örnefnaskrá LJ.

**Heimildir:** Ö-Hraun LJ, 1

**GK-010:019** *Suðurvör* heimild um lendingu

"Vatnstangi er norðan við Vatnagarð. Þar rennur fram ferskt vatn. Fast norðan við Vatnstanga er Suðurvör og var þar aðallending frá Hrauni.", segir í örnefnaskrá LJ.

"Norðan við Suðurvör er sker, og var farið fast með því þegar lent var, og var það nefnt Rolla.", segir í örnefnaskrá LJ. "Heimræði er árið um kríng en lending voveifleg..."JÁM III

**Heimildir:** Ö-Hraun LJ, 2; Saga Grindavíkur I, 48; JÁM III, 9-10.

**GK-010:020** *Norðuvör* heimild um lendingu

"Norðurvör er í þröngum klöppum þar norður af [Suðurvör 019] og þar var aðeins hægt að lenda í mátulega sjávuðu.", segir í örnefnaskrá LJ.

"Heimræði er árið um kríng en lending voveifleg..."JÁM III

**Heimildir:** Ö-Hraun LJ, 2; Saga Grindavíkur I, 48; JÁM III, 9-10.

**GK-010:021** *Bótin* heimild um lendingu

"Baðstofa er stór klöpp fast fyrir norðan Norðurvör [020]. Þar norður af er Bótin og þar var nyrsta lendingin.", segir í örnefnaskrá LJ.

"Þaðan var hægst að fara út í vondu.", segir í örnefnaskrá LJ. "Heimræði er árið um kríng en lending voveifleg..."JÁM III

**Heimildir:** Ö-Hraun LJ, 2; JÁM III, 9-10.

**GK-010:022** varða landamerki

"Síðan ber landeigendum ekki saman um landamerki. Eigendur Hrauns segja þau vörðu í Núphlíð og síðan norður í Sogaseldal. Eigandi Ísólfskála segir þau úr öxl Borgarfjalls og í Selsvallafjall og þaðan í Sogaseldal.", segir í örnefnaskrá LJ.

**Heimildir:** Ö-Hraun LJ, 4

**GK-010:023** bæjarstæði býli

"Önnur hjáleiga strax við heimabæinn, sem hefur ekkert víst nafn, nema af þeim sem í hvort sinn er þar búandi...Vatnsból háskalega erfitt og mjög hætt að aldeilis affalli fyrir sand og leirrennslum, bregst og oftlega um haust, vetur og vor, og er þá ekki nær til vatns en að þriðja bæ, sem heitir að Hópi...Engjar öngvar. Útigangur í lakasta máta hjer í sveit."JÁM III

**Heimildir:** JÁM III, 10-11

**GK-010:024** *Garðhús* bæjarstæði býli

"Hjáleiga hin þriðja hefur hjer áður verið, kölluð Garðhús. Var bygð um fáa tíma og kann ei aftur að byggjast nema með skaða jarðarinnar."JÁM III

**Heimildir:** JÁM III, 11

**GK-010:025** heimild

"Fyrir austan hana [Kapellulág] er allmikil hæð, og af henni skammt austur að sjó, þar sem Hraunsvík nær lengst inn undir Festarfjall. Þar er mjög hár sjávarbakki, og grefur sjór hella inn í móbergið. Þar var hellir, sem nú er mjög lítið eftir af, og hét Dúnhellir. Á skerjum nokkrum undir Festi segja þeir á Hrauni, að áður hafi verið járnhringar til að festa skip..." KE

"... hafi Írar fest þar skip sín. Þessir járnhringar munu ekki sjást lengur, og enginn þeirra á Hrauni hafði sjálfur séð þá, en þeir þóttust þó vita fyrir víst, að þessir hringar hefðu verið þarna."KE. "Munnmæli eru um það, að í Selskeri, framundan Eystri-Nípu [á merkjum Hrauns og Ísólfskála], hafi verið annar af tveim festarboltum og að þar hafi forðum verið skipalega. Þetta er þó fremur ólíklegt, vegna þess að á þessum slóðum er sjór sjaldan kyrr og erfitt að athafna sig við út- og uppskipun." segir í Sögu Grindavíkur I. Munnmæli um skipshringi Íra í sjávarhömrum við Grindavík pr. í Þjóðsögur og munnmæli 1899, s. 1.

**Heimildir:** KE "Kapelluhraun og Kapellulág" Árb. 1955-1956; Saga Grindavíkur I, 49-50.

**GK-010:026** garðlag túngarður

1840: "...verndar túnið hár og vel hlaðinn grjótgarður þeim megin, eins og líka allt um kring, fyrir ágangi gripa." segir í örnefnalýsingu

**Heimildir:** SSGK, 140

**GK-010:027** Hraunshjáleiga bæjarstæði býli

1840: "Þar var ein hjáleiga, Hraunshjáleiga kölluð, en nú viljandi í eyði lögd." segir í sóknarlýsingu

**Heimildir:** SSGK, 140

**GK-010:028** heimild um lendingu

1840: "Það er einn með ókostum á Hrauni, að eigi er þaðan útræði á vetrum og er uppsátur Hraunsmanna í Þorkötlustaðanesi. Nú er þó vel-nefndur hreppstjóri að láta búa til vör fyrir sunnan túnið, vinnur þar með mikilli atorku og víst þó töluverðum kostnaði, að hverju sem verður." segir í örnefnalýsingu

**Heimildir:** SSGK, 140

**GK-010:029** heimild um brunn

1840: "Vatnsskortur er mikill á bæ þessum; er afardjúpur brunnur grafinn langan veg landnorðan og utan túnið, en er þó í honum allgott vatn." segir í örnefnalýsingu

**Heimildir:** SSGK, 140

**GK-010:030** garðlag

"Ca. 10 m sunnan við enda á malbiki á veginum til Grindavíkur. Í þurrlendum og sendnum móa. Garður. Lengd ekki mæld, en garðurinn liggur frá sjónum talsvert austar og fer yfir núverandi veg. Hann er úr grjóti, 1,5 - 3 m breiður og 0,3 - 0,8 m hár. Nokkur skörð eru á garðinum og sum þeirra gætu verið hlið. Hann er nokkuð mosavaxinn og talsverður sandur hefur safnast upp við hann. Garðurinn er skemmdur af manna völdum á nokkrum stöðum. Við vestur endann, vestan við núverandi veg, eru nokkur gerði og rústir áföst garðinum að norðanverðu ..." segir í skýrslu um fornleifar við Suðurstrandarveg.

Hefur hnitíð 63°50.48 N 022°22.47 W.

**Heimildir:** Suðurstrandarvegur nr. 2300:9

**GK-010:031** garðlag

"Ca. 10 m austan við apalhraun. Í móa. Garðurinn gengur út úr gerði í suðri. Garður. Úr hraungrjóti, ca 1,2 - 2 m breiður og 0,1 - 0,5 m hár. Hlið virðist vera á garðinum ... Grðurinn verður ógreinilegri eftir því sem norðar dregur. Hann er víða algróinn." segir í skýrslu um fornleifar við Suðurstrandarveg.

Garðlagið hefur hnitíð 63°50.48 N 022°23.04 W.

**Heimildir:** Suðurstrandarvegur nr. 2300:10

**GK-010:032** varða

"20 m austur af hæl 5400, norðan í vegkanti malarvegar. Varða. Ca. 1,2-1,3 m í þvermál. Úr grjóti, 0,5 m há. Varðan er illa farin og hefur verið hróflað upp aftur í seinni tíð. Varðan er alveg við veginn og hefur trúlega varðað gömlu leiðina frá Krýsuvík." segir í skýrslu um fornleifar við Suðurstrandarveg.

Varðan hefur hnitíð 63°51.11 N 022°21.31 W.

**Heimildir:** Suðurstrandarvegur nr. 2300:14.

**GK-010:033** 2 tóftir

"8 m suður af malarvegi. 30 m vestur af hæl 4600. Rústir. 1) Rúst ... 4 m í þvermál og 0,6 m há. Ekkert form er á rústinni, en þó má sjá að hún hefur verið hlaðin úr grjóti og jafnvel torfi. Talsvert af sandi hefur fallið á rústina, sem er nokkuð gróin. Í rústina hefur verið stungið niður silti sem á stendur: Friðað kríuvarp. Ca. 22 m austur af rúst 1) eru leifar af rúst 2): ... 4 x4,5 m (A - V). veggir úr grjóti, 0,3 - 0,4 m breiðir og 0,1 m háir þar sem þeir greinast. Rústin er gjörblásin. Rústirnar gætu hafa verið tengdar rúst [í Kapellulág 008] ..."

Rústirnar hafa hnitíð 63°50.57 N 022°22.25 W.

**Heimildir:** Suðurstrandarvegur nr. 2300:15.

**GK-010:034** tóft

"4 m suður af hæl 4700, sem stendur í vegkanti malarvegar sunnanverðum. Rúst. 4 - 5 m í þvermál. Úr grjóti, 0,3 m há. Ekkert form er á rústinni. Hún er gjörblásin, orpin sandi og nokkuð gróin. Rústirnar gætu verið tengdar rúst [í Kapellulág 008]..." segir í skýrslu um fornleifar við Suðurstrandarveg.

Rústin hefur hnitíð 63°50.59 N 022°22.12 W.

**Heimildir:** Suðurstrandarvegur nr. 2300: 16

**GK-010:035** tóft

"Ca. 5 m norður af sjávarbakka og ca. 20 m suður af malarvegi. Í blásnu holti. Rúst? 7 x 8 m (N - S), úr grjóti (og torfi?) og 0,6 m há. Ekkert form sést á rústinni annað en nánast sporöskjulaga útlínur rústarinnar, en þar grillir í grjót á stöku stað. Einnig grillir í grjót í rústinni austanverðri. Lítil dæld er í suðurhluta rústarinnar. Rústin er vel gróin en umhverfis hana er blásið holt og nokkrir rekaviðardrumbar. Ca. 5 m SA af rústinni gæti leynst önnur rúst á sjávarbakkanum." segir í skýrslu um fornleifar við Suðurstrandarveg.

Rústin hefur hnitíð 63°51.00 N 022°21.51 W

**Heimildir:** Suðurstrandarvegur nr. 2300: 17

**GK-010:036** *Gamla Hraunsvör* heimild um lendingu

"[Frá Norðurvör og Suðurvör] reru skip Hraunsbænda, en munnmæli geta einnig um "gömlu Hraunsvör", og á hún að hafa horfið, er bænhúsið á Hrauni var lagt af, sem mun hafa verið skömmu eftir 1600 ... Í sama mun á Kobbasker að hafa komið upp."

**Heimildir:** Saga Grindavíkur I, 48-49.

**GK-011** **Porkötlustaðir**

60 hdr 1840, óviss 1703. Eign Skálholtsstaðar. Hefur selstöðu í landi Krýsuvíkur, á Vigdísarvöllum. JÁM III, 11, 14. Hjáleigur 1703: Eyvindarhús, Ormshús, England, Klöpp, Bugðunga. JÁM III, 12-13. 1840: Ætíð hefir þar verið tvíþýli, en nú eru þar þrjú bændur, hjáleigur: Einland, Klöpp og Bullunga og tímthúsið Borgarkot. SSG, 139. 1847: Jarðardýrleiki 66 2/3 hdr. Hjáleigan Lambhúskot hefur bæst þá við 1847..."Eptir þremur afsals bréfum 8. August 1787 og 26. Janúar 1791 eru Þorkötlustaðir seldir í þrennu lagi (austurparturinn, vesturparturinn og miðparturinn). JJ, 84. Þríþýli var þar lengst af 19. öldinni. Stundum er jörðin kölluð Þorkötlustaðir.

1703: "Heimræði árið um kríng...Engjar öngvar. Sjór gengur á túnið og brýtur land að framan." JÁM III, 12, 14. 1840: "Þar eru slétt og stór tún og hartnær þriðjungur þeirra kominn í móa fyrir órækt og hirðuleysi. ... Þar er og sémilegt beitiland fyrir fáan fénað, en þar amar vatnsleysi sem víðar. Syðst í nesinu var fyrrum selalátur frá Þorkötlustöðum, en nú hefir selurinn vegna brims og uppbrots yfirgefið látrin." Landnám Ingólfs III, 139. "Mikið af landi hennar er eldbrunnið, og bæirnir standa austast í landareigninni við sjóinn...Land jarðarinnar er frekar mjótt, en nokkuð langt." Ö-Þorkötlustaðir AG, 1, 3. "...tiltölulega mikið sléttlendi, lending dágóð í Þorkötlustaðasundi og margvísleg hlunnindi í Nesinu." Saga Grindavíkur I, 129.

**GK-011:001** *Þorkötlustaðir* bæjarhóll bústaður

21.9.1670: "Áður en Sigmundur [Jónsson] tók við búi á Þorkötlustöðum, voru hús öll á jörðinni skoðuð og metin...nú vistarverur innanbæjar og skiptust í stóra skála, litlu og stóru baðstofu, vesturskála, "hornshús", "hús innar af skála", eldhús, klefa og anddyri. Útihús voru fjós, hlaða, smíðja og skemma og loks tveir hjallar, annar heima við bæ, en hinn frammi á nesinu [000]. Öll voru húsinn orðin gömul og hrörleg, og um sum var þess getið, að þau væru að hruni komin vegna elli og fúa. Útveggir voru flestir sagðir "trosnaðir" og illa farnir, en innveggir virðast sumir hafa verið öllu skár komnir. Mörg útihúsanna voru hurðarlaus og viðrast hvorki hafa haldið vatni né vindi." Saga Grindavíkur I

Rannsókn í Gullbringu og Árnassýslu sumarið 1902 eftir Brynjúlf Jónsson: "Á Þorkötlustöðum í Grindavík var í vor (1902) bygð heyhlaða í bæjarhúsaröðinni og grafið fyrir henni nál. 3 al. djúpt í jörð. Þar komu menn niður á merkilegar byggingarleifar. Kom fram grjótveggur langsetis eftir gröfinni, þeim megin sem inn vissi í húsagarðinn. Neðst framundan þeim vegg svo sem 1/2 al. breitt þrep, tæplega hnéhátt, alveg slétt að ofan, og svo vandað og óhaggað, að byggingarmenn létu það standa og höfðu það fyrir undirstöðu undir bakvegg hlöðunnar. Ofan á þessu þrepi var sémilegur grjótveggur, rúml. 1 al. á hæð, eða að þrepinu meðtöldu um 2 al. á hæð. Langs með þessu þrepi, svo sem 2 al. frá því, lá grjótþákur eftir endilöngu, viðlíka hár og þrepið, eða vart við það. Hann var nál. 2 al. breiður og allur lagður flötum hraunhellum ofan. Á þeim var öllum eldslitur. Var mér sýnt brot úr einni þeirra og var eldsliturinn auðsær. Hinumegin bálksins, viðlíka langt frá honum, sáust leifar af framvegg. En auðséð var að hann hafði einhverntíma áður verið rifinn og mestallt grjótið úr honum tekið burtu. Báðum megin við bálkinn var gólfskán, um 2. þuml. á þykt. En ofan á henni var þykt lag af svörtum sandi, sem líktist eldfjallaösku. Tveir byrkidrumbar láu í tóftinni, annar var brunninn utan, en ófúinn innan, nál. 6 þuml. í þvermál; hinn viðlíka digur, óbrunninn og með berki, en fúinn. Eigi var grafið fyrir enda þrepsins eða bálksins; var gröfin þó vel 12 al. löng. Tóku bæjarhúsin við að norðanverðu. En í suðurenda grafarinnar tók við fjósflór; og var að sjá, sem fjósið hefðir verið framhald sömu byggingarinnar. Þetta virðast hafa verið leifar af fornum "eldaskdla". Þrepið ætlað til að sitja á, en bálkurinn arinn, til að kinda langeld á, og er merkilegt, að hann var upphleyptur. Eldfjallaskan ofan á gólfskáninni bendir til þess, að bærinn hafi lagzt í



eyði um hríð og tóftirnar staðið opnar fyrir öskufalli. Má og vera að hraunið, sem myndar Þorkötlustaðanes og runnið hefur á báða vegu við túnið, sé yngra en bygging landsins, og verður þetta þá auðskilið."BJ

**Heimildir:** JJ 1847, 84; Saga Grindavíkur I, 129-130; BJ "Rannsókn í Gullbringusýslu og Árnassýslu sumarið 1902."Árb. 1903, 47

**GK-011:002** heimild um útihús  
Tvöfalt útihús vestast í suðurjaðri túnsins

**Heimildir:** Túnakort 1918

**GK-011:003** heimild um útihús  
Útihús skammt austan við 002

**Heimildir:** Túnakort 1918

**GK-011:004** heimild um útihús  
Útihúsasamstæða sunnan og vestan við kálgarð, suður af bænum

**Heimildir:** Túnakort 1918

**GK-011:005** heimild um útihús  
Útihúsasamstæða sunnan við kálgarð, milli 004 og 006

**Heimildir:** Túnakort 1918

**GK-011:006** heimild um útihús  
Útihúsasamstæða sunnan og vestan við kálgarð, austan við 005

**Heimildir:** Túnakort 1918

**GK-011:007** heimild um útihús  
Útihús vestan í austasta kálgarðinum sunnan við bæinn

**Heimildir:** Túnakort 1918

**GK-011:008** heimild um útihús  
útihús eða brunnur skammt norðan við bæinn, að honum liggur gata frá Einlandi

**Heimildir:** Túnakort 1918

**GK-011:009** heimild um útihús  
Útihúsasamstæða norðan við kálgarð sem er við norðausturhorn bæjarins.

**Heimildir:** Túnakort 1918

**GK-011:010** heimild um útihús  
Stórt útihús skammt vestan við Lambhús

**Heimildir:** Túnakort 1918

**GK-011:011** heimild um útihús  
Útihús skammt suðaustan við Móa

**Heimildir:** Túnakort 1918

**GK-011:012** heimild um útihús  
Tvískipt útihús í suðausturhorni túns, austan við Berg

**Heimildir:** Túnakort 1918

**GK-011:013** *Buðlungavör* heimild um lendingu

"Austast á merkjum móti Hrauni, niður við sjóinn, er bás inn í klettana, og heitir hann Markabás...Vestur frá Markabás eru smáhvilftir og kvosir með sjó, sem heita einu nafni Básar. Ná þeir vestur að svonefndri Stóruklöpp. Vestan hennar er aðallendingin, sem nefnd er Buðlungavör. Fram undan vörinni eru tveir boðar, sem heita Fjósi og sá ytri Lambhúsi.", segir í örnefnaskrá AG. "Austan við Bótina, í klettunum niður af Þorkötlustaðabæjunum, er Buðlungavör. Meðan árabátarnir voru, var sú vör notuð, alltaf þegar fært þótti, en í öllu misjöfnu var lent í Nesinu, sem kallað var, og áttu þeir Þorkötlustaðamenn því aflann eftir hverja vertíð á tveim stöðum. Þetta breyttist þegar vélar komu í bátana (trillur). Eftir það var eingöngu lent í Nesinu." segir

Guðsteinn Einarsson.

**Heimildir:** Ö-Þorkötlustaðir AG, 1; GE Frá Valahnúk, 39-42.

**GK-011:014** *Ormsþús* bæjarstæði býli

Hjáleiga 1703: "...kölluð Ormsþús, en áður kölluð Lundun." JÁM III

**Heimildir:** JÁM III, 12

**GK-011:015** varða

"Túnið á Buðlunga liggur að vörinni og sundvarðan var þar neðst í túni.", segir í örnefnaskrá AG.

"Sundvarða við Buðlungu átti að bera í fjós og lambhús á túninu hjá Einlandi og þaðan eru þessi nöfn dregin [þ.e.a.s. nöfn boðanna sjá 000]

**Heimildir:** Ö-Þorkötlustaðir AG, 1

**GK-011:016** *Þorkötlustaðaviti* heimild

"Í [Þorkötlustaða]nesinu er viti, sem nefndur er Þorkötlustaðaviti.", segir í örnefnaskrá AG.

**Heimildir:** Ö-Þorkötlustaðir AG, 2

**GK-011:017** *Stekkjartún* örnefni stekkur

"Austur af vitanum er hóll, sem heitir Leiftrunarhóll...Þar austar er Leiftrunarhóllinn, og fram af honum Stekkjarfjara...Upp af Stekkjarfjörinni er grasblettur nefndur Stekkjartún.", segir í örnefnaskrá AG.

Einnig Stokkatún sbr. Sögu Grindavíkur I, 44-45.

**Heimildir:** Ö-Þorkötlustaðir AG, 2

**GK-011:018** *Vogavegur* heimild um leið

"Norður af Vatnsheiði er kallað Sprengisandur. Um hann lá gamli vegurinn, einnig um Lyngrima...Dalhraun. Það hraun er frekar mishæðalítið, nema þar rís norðar allhátt fell, sem heitir Stóra-Skógfell. Austan þess er gamall vegur, nefndur Skógfellsvegur. Norðan þess er línan um Skógfellshraun...", segir í örnefnaskrá AG.

"Austan Svartsengis eru sléttar klappir með melum og vikri á milli og heitir þar Sprengisandur og lá gamli Vogavegurinn þar um.", segir í örnefnaskrá LJ.

"Vogavegurinn liggur austan Stóra-Skógfells og var nefndur þar Skógfellsvegur og tekur við af Sprengisandi.", segir í örnefnaskrá LJ. GK-016:020 er "afleggjari" af Skógfellavegi til Hóps og Járngerðarstaðahverfis.

**Heimildir:** Ö-Þorkötlustaðir AG, 3; Ö-Þorkötlustaðir LJ, 4

**GK-011:019** *Randeyðarstígur* heimild um leið

"Randeyðarstígur er gata á milli Hrauns og Þorkötlustaða og var hann farinn áður fyrr, er aðalumferðargatan lá fyrir neðan Þorkötlustaði og var þar komið á Eyrargötuna [000].", segir í örnefnaskrá LJ.

**Heimildir:** Ö-Þorkötlustaðir LJ, 3

**GK-011:020** *Markhóll* heimild um landamerki

"Austast á merkjum móti Hrauni er bás inn í klettana er heitir Markbás þar utar er tangi er gengur fram í sjó og heitir Slok og upp af honum er Slokahraun þar ofar er Markhóll smáhóll upphlaðinn á Leiti milli bæjanna.", segir í örnefnaskrá NN.

**Heimildir:** Ö-Þorkötlustaðir NN, 1

**GK-011:021** þjóðsaga legstaður

"Í túninu austur af bæ er sagt að sé leiði Þorkötlú.", segir í örnefnaskrá NN.

**Heimildir:** Ö-Þorkötlustaðir NN, 1

**GK-011:022** *Hraunsgarðar* garðlag

"Norður af honum [Leiftrunarhóli] er Stekkatún [000], sem nær að Flæðitjörn...Vestan Flæðitjarnar eru hlaðnir grjótgarðar, Hraunsgarðar.", segir í örnefnaskrá LJ.

"Hraunsmenn þurrkuðu þar skreið, þegar þeir lentu í Nesvör.", segir í örnefnaskrá LJ.

**Heimildir:** Ö-Þorkötlustaðir LJ, 1

**GK-011:023** *Krabbagerði* garðlag

"Norður af honum [Leiftrunarhóli] er Stekkatún [000], sem nær að Flæðitjörn...Vestan Flæðitjarnar eru hlaðnir grjótgarðar, Hraunsgarðar [000]. Skotti er nokkuð stór pollur ofan kampsins norðan Vararinnar og þar norður af

er hóll, flatur að ofan með hlöðnum grjótgörðum, kallaður Krabbagerði.", segir í örnefnaskrá LJ.

**Heimildir:** Ö-Þorkötlustaðir LJ, 1

**GK-011:024** *Nesvör* heimild um lendingu

"Niður undan og norðan Leiftrunarhóls er Stekkjarfjara...Síðan tekur við Vörin stundum kölluð Nesvör til aðgreiningar frá Buðlungavör...Upp af Vörinni og norðan við Flæðitjörn er Sundvörðuhóll, þar stendur sundvarða [000].", segir í örnefnaskrá LJ.

"Meðan árabátarnir voru, var [Buðlungavör] notuð, alltaf þegar fært þótti, en í öllu misjöfnu var lent í Nesinu, sem kallað var, og áttu þeir Þórkötlustadamenn því aflann eftir hverja vertíð á tveim stöðum. Þetta breyttist þegar vélar komu í bátana (trillur). Eftir það var eingöngu lent í Nesinu." segir Guðsteinn Einarsson.

**Heimildir:** Ö-Þorkötlustaðir LJ, 2; GE Frá Valahnúk, 39-42.

**GK-011:025** *Látragötur* heimild um leið

"Látragötur eru slóðar úr vestur enda Stekkatúns [000] fram í Látur.", segir í örnefnaskrá LJ. "... úr vesturenda [Stokkátúns] og fram í látrin eru götuslóðar, sem Látragötur heita." segir í Sögu Grindavíkur I.

**Heimildir:** Ö-Þorkötlustaðir LJ, 2; Saga Grindavíkur I, 45.

**GK-011:026** *Brunnflatir* heimild um brunn

"Framundan Krabbagerði í flæðarmálinu og við syðri enda Herdísarvíkur eru háar klappir nefndar Draugur. Þar norður af er vík, Herdísarvík. Upp af henni í norðurenda eru kletthólar, sem heita Kóngar. Upp af Kóngum tekur við Kóngahraun...og inn undir miðju Nesi í norðvestur frá Kóngahrauni er hár hóll með grasþúfu í toppinn, sem heitir Gjáhóll. Hjá Gjáhól er löng lægð...sem heitir Gjáhólsgjá....Síðan tekur Þórkötlustaðabót við og skiftist hún í tvo hluta. Fyrst Syðri-bót og síðan Heimri-bót...Upp af Heimri-bót eru sandflatir nefndar Brunnaflatir.", segir í örnefnaskrá LJ.

"Neðst á Brunnflötum við kampinn var grafinn brunnur, þar sem skepnum var vatnað áður en brunnur var grafinn hjá Þórkötlustöðum. Eftir Brunnflötum lá gata [000] og sunnan við sandorpnar hæðir vestur af Brunnflötum, við norður enda Gjáhólsgjár í átt að Rifinu (Eyri).", segir í örnefnaskrá LJ.

**Heimildir:** Ö-Þorkötlustaðir LJ, 3

**GK-011:027** *Eyrargata* heimild um leið

"Framundan Krabbagerði í flæðarmálinu og við syðri enda Herdísarvíkur eru háar klappir nefndar Draugur. Þar norður af er vík, Herdísarvík. Upp af henni í norðurenda eru kletthólar, sem heita Kóngar. Upp af Kóngum tekur við Kóngahraun...og inn undir miðju Nesi í norðvestur frá Kóngahrauni er hár hóll með grasþúfu í toppinn, sem heitir Gjáhóll. Hjá Gjáhól er löng lægð...sem heitir Gjáhólsgjá....Síðan tekur Þórkötlustaðabót við og skiftist hún í tvo hluta. Fyrst Syðri-bót og síðan Heimri-bót...Upp af Heimri-bót eru sandflatir nefndar Brunnaflatir.", segir í örnefnaskrá LJ.

"Neðst á Brunnflötum við kampinn var grafinn brunnur [000], þar sem skepnum var vatnað áður en brunnur var grafinn hjá Þórkötlustöðum. Eftir Brunnflötum lá gata og sunnan við sandorpnar hæðir vestur af Brunnflötum, við norður enda Gjáhólsgjár í átt að Rifinu (Eyri). Hét hún Eyrargata en lítið markar fyrir henni nú.", segir í örnefnaskrá LJ.

**Heimildir:** Ö-Þorkötlustaðir LJ, 3

**GK-011:028** heimild um leið

"Önnur gata [en Eyrargata] er norðar og liggur um kirkjuhóla og fram hjá Hópi.", segir í örnefnaskrá LJ.

**Heimildir:** Ö-Þorkötlustaðir LJ, 3

**GK-011:029** *Vötnin* heimild um þvottastað

"Framundan Krabbagerði í flæðarmálinu og við syðri enda Herdísarvíkur eru háar klappir nefndar Draugur. Þar norður af er vík, Herdísarvík. Upp af henni í norðurenda eru kletthólar, sem heita Kóngar. Upp af Kóngum tekur við Kóngahraun...og inn undir miðju Nesi í norðvestur frá Kóngahrauni er hár hóll með grasþúfu í toppinn, sem heitir Gjáhóll. Hjá Gjáhól er löng lægð...sem heitir Gjáhólsgjá....Síðan tekur Þórkötlustaðabót við og skiftist hún í tvo hluta. Fyrst Syðri-bót og síðan Heimri-bót...Upp af Heimri-bót eru sandflatir nefndar Brunnaflatir...Austur af Heimri-bót taka við Vötnin. Þar rennur ósalt vatn um fjöru...", segir í örnefnaskrá LJ.

"...þar rennur fram ósalt vatn um fjöru og þar var þveginn og skolaður þvottur áður fyrir.", segir í örnefnaskrá LJ.

**Heimildir:** Ö-Þorkötlustaðir LJ, 3; Saga Grindavíkur I, 47.

**GK-011:030** *Eyvindarhús* bæjarstæði býli

Hjáleiga 1703: "Eivindar hús." JÁM III. Eyvindarstaðir hét kot í norðvesturhorni Þórkötlustaðatúns 1918

**Heimildir:** JÁM III, 12; Túnakort 1918

**GK-011:031** heimild um hjall

21.9.1670: "Áður en Sigmundur [Jónsson] tók við búi á Þorkötlustöðum, voru hús öll á jörðinni skoðuð og metin... Útihús voru fjós, hlaða, smiðja og skemma og loks tveir hjallar, annar heima við bæ, en hinn frammi á nesinu [000]." Saga Grindavíkur I

**Heimildir:** Saga Grindavíkur I, 129

**GK-011:032** *Borgarkot* bæjarstæði býli

1840: "Tómthúsið er kallað Borgarkot og stendur fyrir norðan bæinn vestasta." segir í örnefnalýsingu

**Heimildir:** SSGK, 139

**GK-011:033** garðlag herslugarður

Slokahraun er á merkjum Þorkötlustaðahverfis og Hrauns - á ljósmynd í Sögu Grindavíkur I, 47 sést að þar eru leifar fiskgarða

**Heimildir:** Saga Grindavíkur I, 47

## **GK-012 Buðlunga**

1703: Hjáleiga frá Þorkötlustöðum. JÁM III, 13. Enn hjáleiga 1801 og 1847.

**GK-012:001** *Buðlunga* bæjarstæði býli

1840: "Klökk og Bullunga; báðar þessar hjáleigur voru í landsuður frá bænum að sjá, niður í sjóinn, en eru báðar færðar hærr upp í túnið síðan aldamótin." segir í sóknarlýsingu.

**Heimildir:** JJ, 84; SSGK, 139.

**GK-012:002** *Buðlunga* bæjarstæði býli

1840: "Klökk og Bullunga; báðar þessar hjáleigur voru í landsuður frá bænum að sjá, niður í sjóinn, en eru báðar færðar hærr upp í túnið síðan aldamótin." segir í sóknarlýsingu. "Túnið á Buðlunga liggur að vörinni og sundvarðan var þar neðst í túni.", segir í örnefnaskrá AG.

**Heimildir:** Ö-Þorkötlustaðir AG, 1; JJ, 84; SSGK, 139; Túnakort 1918

## **GK-013 Klökk**

1703: Hjáleiga frá Þorkötlustöðum. JÁM III, 13. Enn hjáleiga 1801 og 1847. JJ, 84

**GK-013:001** *Klökk* bæjarstæði býli

1840: "Klökk og Bullunga; báðar þessar hjáleigur voru í landsuður frá bænum að sjá, niður í sjóinn, en eru báðar færðar herra upp í túnið síðan aldamótin." segir í sóknarlýsingu

**Heimildir:** SSGK, 139

**GK-013:002** *Klökk* bæjarstæði býli

1840: "Klökk og Bullunga; báðar þessar hjáleigur voru í landsuður frá bænum að sjá, niður í sjóinn, en eru báðar færðar herra upp í túnið síðan aldamótin." segir í sóknarlýsingu

**Heimildir:** JJ 1847, 84; SSGK, 139; Túnakort 1918

## **GK-014 England (Einland)**

1703: Hjáleiga frá Þorkötlustöðum. JÁM III, 13. Enn hjáleiga 1801 og 1847. JJ, 84.

**GK-014:001** *England (Einland)* bæjarstæði býli

1840: "Einland, rétt fyrir norðan austasta heimabæinn." segir í sóknarlýsingu.

**Heimildir:** JJ 1847, 84; SSGK, 139; Túnakort 1918

## **GK-015 Lambhúskot**

1703: Hjáleiga frá Þorkötlustöðum. JÁM III, 13. 1847: Enn hjáleiga frá sama stað. JJ, 84, en ekki getið 1840 - Landnám Ingólfs III, 139.

**GK-015:001** *Lambhúskot* bæjarstæði býli  
Nefnt Lambhús á túnakorti frá 1918  
**Heimildir:** JJ 1847, 84; Túnakort 1918.

## **GK-016 Hóp**

32 hdr. 1840, óviss 1703. Eign Skálholtsstaðar. JÁM III, 14. 1847: 33 1/3 hdr. Seld er hún í tvennu lagi (vesturparturinn og austurparturinn) eptir afsalsbréfum 8. August 1787 og 26. Janúar 1791. JJ, 84. Tvíbýli var á Hópi alla 19. öld en frá 1850 þrjúbýli og var þriðji parturinn nefndur Litla-Hóp frá 1880. Af sumum er bærinn talinn hafa heitið Hof.

1703: "Engjar öngvar...Flæðihætt er fyrir sauð. og líka brýtur sjófargangur túnið, og er hætt við enn meira landbroti." JÁM III, 15. 1840: "Er jörð þessi miður ræktuð en skyldi, bæði að túnnum og húsum, og er þó eigi að maklegleikum. Ekki eru tún þar eins slétt sem á Stað eða Tóttum og mega þó eigi þýfð heita. Miklar innnyttjar eru við jörð þessa af Hópinu, ef notkaðar væru. ... Í því veiðist mergð hrognkelsa eftir Jónsmessu, einnig silungur og mikill áll, en við ekkert þetta er sú ástundun höfð sem skyldi, og engir viðburðir við tvennt það síðarnefnda. Veiðzt hefir þar líka selur og lax, þótt minna fengist með jafnri viðleitni sem hið þrennt fyrst talda: þegar fiskur gengur afar grunnt, hefir þar inni þorskur fengizt og þyrsklingur, en sú veiði er samt ekki teljandi ... á bæ þessum bagar vatnsleysi til neyzlu." Landnám Ingólfs III, 138-39. "Landið er því sneið af Þorkötlustaðanesinu og svo spildan samhliða landi Þorkötlustaða norður til Skógfells. Mikið af landinu er eldbrunnið, en gróið upp aftur á allstórum svæðum. Lón það er bærinn stendur upp frá og dregur nafn af, heitir Hóp. Nú er þar hafnarmannvirki Grindvíkinga." Ö-Hóp, 1.

### **GK-016:001** *Hóp* bæjarhóll bústaður

"Bærinn stendur niður við sjó, við Hópið, sem hann dregur nafn af.", segir í örnefnaskrá AG.

"Sagt er að hann hafi upphaflega verið nefndur Hof, og er hér gömul goðatóft til. Sagt er að Hofsnafnið finnist í gömlum heimildum.", segir í örnefnaskrá AG. 1902: "Þar er nú tvíbýli, og er á vesturbæjarhlaðinu hús, sem sú sögn fylgi, að þar hafi verið "goðahús" í heiðni." BJ

**Heimildir:** Ö-Hóp AG, 1; BJ "Rannsókn í Gullbringusýslu og Árnessýslu sumarið 1902" Árb. 1903, 46; Túnakort 1918

### **GK-016:002** *Goðatóft* álagablettur

"Austur af gömlu traðartóftinni neðan bæjar er Goðatóft...", segir í örnefnaskrá AG.

FRIDLÝSTAR MINJAR. "Goðahús" svo nefnt á Vesturbæjarhlaðinu, nú fjós" - friðlýst 25.10.1930, þinglýst 15.11.1938. - Fornleifaskrá, 13. BJ: "Bærinn Hóp í Grindavík er sagt að upphaflega hafi heitið Hof, og að þar hafi verið goðahof. Þar er nú tvíbýli, og er á vesturbæjarhlaðinu hús, sem sú sögn fylgir, að þar hafi verið "goðahús" í heiðni. Þess vegna megi aldrei taka það burtu, en samt megi breyta því og nota það á hvern hátt sem ábúanda hagar. Hafa ábúendur fært sér þetta í nyt; "goðahúsið" hefir til skams tíma verið geymslu-skemma, en nú er það haft fyrir fjós." Árb. 1903, 46-47

"...gamalt goðahús friðlýst, sem ekki má róta.", segir í örnefnaskrá AG.

**Heimildir:** BJ "Rannsókn í Gullbringusýslu og Árnessýslu sumarið 1902" Árb. 1903, 46; Ö-Hóp AG, 3

### **GK-016:003** *Sigga* heimild

"Beint vestur af vitanum er tangi, sem gengur til vesturs. Nafn er ekki á tanga þessum, en fram og út af honum er blindsker eða boði, sem kemur upp um fjöru og er nefndur Bóla. Austan við Bólu er Hellir, sem er rétt ofan við Hellisboða. Þar uppi á kambinum er smáhóll með skúta í. Austar á Kambinum var varða, sem nú er horfin, og hét hún Sigga.", segir í örnefnaskrá AG. "Fram af klöppunum er klettur, sem Bóla heitir, og upp af honum, uppi á kámpinum var varða, sem kölluð var Sigga og var mið af sjó." segir í Sögu Grindavíkur I.

"Sigga sést nú ekki nema rétt aðeins, því að sjórinn er búinn að hirða hana.", segir í athugasemdum við örnefnaskrá.

**Heimildir:** Ö-Hóp AG, 2; Saga Grindavíkur I, 43; Ö-Hóp ath

### **GK-016:004** *Látravarða* varða

"Rétt hjá Siggu [003] ofan við Kambinn er Vatnsgjá. Í henni gætti flóðs og fjöru. Þar upp frá skammt frá vitanum er Látravarða, og norður af þeim hólum heita Katlar.", segir í örnefnaskrá AG.

**Heimildir:** Ö-Hóp AG, 2

### **GK-016:005** *Álfakirkja* örnefni huldufólksbústaðu

"Austanvert við túnið er svonefnt Vatnsstæði...En milli Vatnsstæðis og Skiparéttar [000]...er hraunhryggur r að strýta, sem heitir Álfakirkja.", segir í örnefnaskrá AG.

**Heimildir:** Ö-Hóp AG, 2

**GK-016:006** *Skiparétt* heimild um uppsátur

"Austanvert við túnið er svonefnt Vatnsstæði...Suður af Vatnsstæðinu er Skiparétt.", segir í örnefnaskrá AG.

"Þetta er grjótrétt, sem skipin voru sett upp í.", segir í örnefnaskrá AG. "Skiparétt er hér um bil horfin, sést aðeins örlítið fyrir henni.", segir í athugasemdum við örnefnaskrá.

**Heimildir:** Ö-Hóp AG, 2; Ö-Hóp ath.

**GK-016:007** *Stekkjarfjara* örnefni stekkur

"Austan við bæinn að Hópi við Hópið er Hópsvör...Austan við Vörina, Hópsvör, heita Vöðlar. Þá er Stekkjarfjara og svo básar, sem heita Heimribás og Syðribás.", segir í örnefnaskrá AG. "Fyrir neðan Hópsbæina var sandvik, og asutan þess hét Láginn, þá Stekkjarbakki og þar fyrir utan h'tu Síkin ..." segir í Sögu Grindavíkur I.

"Engin stekkjARBrot eru í Stekkjarfjöru.", segir í athugasemdum við örnefnaskrá Hóps.

**Heimildir:** Ö-Hóp AG, 2; Saga Grindavíkur I, 38-39; Ö-Hóp ath.

**GK-016:008** *Hópsvör* örnefni lending

"Austan við bæinn að Hópi við Hópið er Hópsvör.", segir í örnefnaskrá AG.

"... þaðan reru Hópsbændur á fyrri tíð." segir í Sögu Grindavíkur I.

**Heimildir:** Ö-Hóp AG, 2; Saga Grindavíkur I, 39.

**GK-016:009** *Kvialág* heimild um kvíar

"Austan við garðinn [000] í túninu er brekka, sem heitir Kinn, og rétt við hana er laut, sem heitir Kvialág.", segir í örnefnaskrá AG.

"Þar voru kvíar, þegar fært var frá.", segir í örnefnaskrá AG.

**Heimildir:** Ö-Hóp AG, 3

**GK-016:010** heimild um túngarð

"Austan við garðinn í túninu er brekka, sem heitir Kinn, og rétt við hana er laut, sem heitir Kvialág [000].", segir í örnefnaskrá AG.

**Heimildir:** Ö-Hóp AG, 3

**GK-016:011** *Öskuhóll* heimild

"Austur [en Kvialág 000] er hóll, sem heitir Öskuhóll. Hann er fullur af gamalli ösku.", segir í örnefnaskrá AG.

**Heimildir:** Ö-Hóp AG, 3

**GK-016:012** heimild

"Austur af gömlu traðartóftinni neðan bæjar er Goðatóft [000]...", segir í örnefnaskrá AG.

**Heimildir:** Ö-Hóp AG, 3

**GK-016:013** *Langhóll* heimild um huldufólksbústaðu

"Beint vestur af bænum Hópi austan við veginn er hraunhóll, sem heitir Stamphóll, og gjá inn með hrauninu er á Járngerðarstöðum, austur með veginum, heitir Stamphólsgjá. Austur er Gjáhólsgjá...Austan við [Gjáhóls]gjána er Gjáhóll...Þar austur af er stór hóll, sem heitir Langhóll.", segir í örnefnaskrá AG.

"Álfarnir sem þar bjuggu, sóttu kirkju í Álfakirkjuna [000]...", segir í örnefnaskrá AG.

**Heimildir:** Ö-Hóp AG, 3

**GK-016:014** *Heiðarvarða* varða samgöngubót

"Svæðið fyrir ofan veginn er nefnt einu nafni Hópsheiði. Það hækkar smátt og smátt. Rétt ofan við veginn er hraunklapparhóll, sem heitir Strandarhóll. Þar austur af er hæðarbrekka, sem heitir Hestabrekkur...Þar ofan við veg (Bræðratungu) utan í Hestabrekku er komið tún nú. Uppi á þeim er varða, sem heitir Heiðarvarða.", segir í örnefnaskrá AG.

"Varða þessi er innsiglingarmerki.", segir í örnefnaskrá AG. Sennilega sama og sjómerki "Upp við girðingu umhverfis tún. Efst á hraunhól. Í hrauni. Sjómerki. Úr grjóti, 3,2 x 4 m (A - V) og 2,5 m hátt. Vel hlaðið. Ofan á sjómerkinu er fúinn tréstaup. Sjómerkið vísaði leiðina fyrir Þórkötlustaðahverfi inn á Þórkötlustaðasund." segir í skýrslu um fornleifar við Suðurstrandarveg. Það hefur hnitíð: 63°50.50 N 022°24.05 W.

**Heimildir:** Ö-Hóp AG, 4; Suðurstrandarvegur 2300:11

**GK-016:015** *Hesthús* heimild um hesthús

"Skammt þar fyrir ofan [Hestabrekkur þar sem Heiðarvarða er 000] er gamall eldgígur, sem heitir Melhóll... Vestur af Melhól er einnig hæð, sem heitir Hesthús. Þar eru tættur eftir kofa, sem þar hefur verið.", segir í örnefnaskrá AG.

**Heimildir:** Ö-Hóp AG, 4

**GK-016:016** *Gálgaklettur* þjóðsaga aftökustaður

"Þá rís hér upp fell, sem syðst heitir Hagafell. Þetta er frekar lágt fell. Norðan í því er klettabelti, sem heitir Gálgaklettur.", segir í örnefnaskrá AG.

"Þar segir sagan, að þjófarnir úr Þjófagjá hafi verið hengdir.", segir í örnefnaskrá AG.

**Heimildir:** Ö-Hóp AG, 4

**GK-016:017** *Selháls* heimild um sel

"Vestan úr Hagafelli er hraunkvísl, sem eins og steypist fram af fellinu. Það heitir Gráageiri, og er gamalt fiskimið Melhóll í Gráageira. Þar vestan í fellinu er svonenfundur Selháls, sem vegurinn liggur yfir... Selháls er hryggur, sem tengir saman Hagafell og Þorbjörn. Þetta er sunnan við Dagmálaholtið.", segir í örnefnaskrá AG.

"Dagmálaholt mun vera kennt við eyktamark frá selinu á Baðsvöllum [sel frá Járngerðarstöðum skv. Jarðabókinni]. Einnig er Selháls kenndur við það sel... Fast við veginn eru seltættur, sem virðast yngri en hin selin.", segir í örnefnaskrá AG.

**Heimildir:** Ö-Hóp AG, 5

**GK-016:018** heimild um samgöngubót

1840: "Ós er út úr Hópinu rétt í útsuður ... hafa bændur fyrrum hér í Grindavík eftir tilmælum kaupmanna og fyrir litla þóknun grafið ósinn dýpri, þó enn sé hverju haffæru skipi ófær, sökum þess hvað grunnur hann er. Mætti þó með litlum kostnaði hann dýpri gjöra, svo þiljubátar og smærri fiskiskip örugg haft gætu þar inni hæli og flúið þangað í viðlögum. Kæmust stærri skip inn í Hópið, er þar ein sú bezta skipalega, er fást kann." segir í sóknarlýsingu.

**Heimildir:** SSGK, 138-39.

**GK-016:019** varða samgöngubót

Sjómerki "3 m austan við girðingu í apalhrauni. Sjómerki. Úr grjóti, 2x2 m (A-V) og 2,2 m hátt. Vel hlaðið. Sjómerkið vísaði leiðina fyrir Járngerðarstaðahverfi inn á Járngerðarstaðasund." segir í skýrslu um fornleifar við Suðurstrandarveg.

Sjómerkið hefur hnit 63°50.55 N 022°24.14 W

**Heimildir:** Suðurstrandarvegur nr. 2300:12

**GK-016:020** heimild um leið

"Frá NV enda íþróttasvæðis yfir hraunið í norðurátt. Ca. 400 m austur af veginum frá Grindavík til Keflavíkur. Fornleið. Leiðin er ca. 1 - 2 m breið og 0,2 - 0,4 m djúp. Leiðin er hlykkjótt og liggur yfir grasi gróna bala, hraunhóla og urð. Hún er mjög greinileg, en þó talsvert blásin á köflum. Nokkrar vörður varða leiðina þar sem hún var skoðuð, sumar fallnar, aðrar heilar og jafnvel endurhlaðnar í seinni tíð. Syðst, við íþróttaleikvanginn, er mjög stór varða. Minnir hún einna helst á sjómerki. Er hún hlaðin af listamanni fyrir nokkrum árum." segir í skýrslu um fornleifar við Suðurstrandarveg.

Hér er lýst afleggjara af Skógfellavegi GK-011:018 í átt að Hópi og Járngerðarstaðahverfi.

**Heimildir:** Suðurstrandarvegur nr. 2300:18

**GK-016:021** *Vötnin* heimild um þvottastað

"Þar fyrir neðan [Draug] voru Vötnin og Vatnatangi, en í Vötnunum var þveginn þvottur frá Hópi." segir í Sögu Grindavíkur I.

**Heimildir:** Saga Grindavíkur I, 38.

**GK-016:022** *Stekkjarvarða* heimild

"Þar fyrir utan [Hópsvör] er Stekkjarvarða og síðan Hellir ..." segir í Sögu Grindavíkur I.

**Heimildir:** Saga Grindavíkur I, 39.

**GK-016:023** *Markasteinn* áletrun landamerki

"Skammt þar frá, sem Sigga stóð, er nú Hópsviti, en í flæðarmálinu niður undan honum er stór steinn, sem heitir

Markasteinn, og eru þar landamerki Hóps og Þorkötlustaða. Í hann eru klappaðir stafirnir LM og eiga að asýna, að þar séu landamerki." segir í Sögu Grindavíkur I.

**Heimildir:** Saga Grindavíkur I, 43.

**GK-016:024** *Vatnstangi* heimild um vatnsból

"Fram af [Kvíalág] heitir vatnstangi, en þangað sóttu húsfreyjur á Hópi vatn í kaffið, og þótti hvergi betra vatn á þessum slóðum." segir í Sögu Grindavíkur I.

**Heimildir:** Saga Grindavíkur I, 65

**GK-016:025** heimild um bústað

Í manntali 1703 er getið um hjáleigu á Hópi en hennar er ekki getið í jarðabók frá sama ári né öðrum heimildum. Frá 1880 og fram yfir aldamótin er þriðja býlið á Hópi nefnt Litla-Hóp í manntölum, og á kortum er sýnt Hópskot suðaustan við bæinn.

**Heimildir:** Manntal 1703

## **GK-017** *Járngerðarstaðir*

125 hdr. 1847, óviss 1703. Eign Skálholtsstaðar. "Selstöðu hefur jörðin og brúkar þar sem heitir Baðsvellir...Hjáleigur: Vallarhús, Lambhús, Kvíhús, Hrafnshús, Akurhús, Gjáhús, Krosshús, Garðhús, Hlaðhús. Búðir til forna: Gullekra (tómthús), Krubba (tómthús) og Litlu Gjáhús." JÁM III, 15. 1803: Hjáleiga: Nyrðra-Garðshorn, 1847: Hjáleigur eru: Kvíhús, Rafnshús, Akurhús, Krosshús, Hóll, Lángi, Gjáhús, Garðhús og Vallhús. JJ, 84. Stundum talað um Járngerðarstaðahverfi.

1703: "Heimræði er árið um kríng og lending í betra lagi...Engjar öngvar." JÁM III, 16. "Jörðin nær frá sjó og upp til fjalls eisin og önnur býli hér." Ö-Járngerðarstaðir SS, 1. 1840: "Eigi er fagurt á Járngerðarstöðum, því þó þar ei sé ýkja illa húsað, þá stendur bærinn og allt hvefi þetta nema Krosshús niður í dæld eða dalverpi, og er þaðan hvergi víðsýnt.- Þýfð hafa tún verið á Járngerðarstöðum, en eru mikið sléttuð í seinni tíð af bóndanum Þórði sál. Einarssyni og þar núverandi bónda sgr. Eianri Jónssyni. Hafa og nokkrir hjáleigubændurnir í seinni tíð þessa jarðarbót eftir þeim upp tekið. - Bæði í túninu og utantúns eru djúpar vatnsgjár, í hverjar sjór fellur að í og út; í sumum þeirra er oft veiddur áll, og mætti þó mikið meira veiða, ef atorka væri og rækt við höfð. Það hafa Járngerðarstaðir til landkosta fram yfir Stað og Húsatóttir og meiri en nokkurt annað býli í þessari sókn, að fyrst er þar nóg vatn í gjám þessum handa fénaðinum, og svo í öðrum smá stöðutjörnum, eins og líka þar er grasgefnast utantúns, þó eigi megi hagar heita. Mætti þó halda þar fáum skepnum heima á sumardag, hvað ekki má heita mögulegt á Stað og Húsatóttum." Landnám Ingólfs III, 137-138

**GK-017:001** *Járngerðarstaðir* bæjarhóll bústaður

1840: "Tvíbýli er á heimajörðinni og fylgja hverjum parti 5 hjáleigur..." segir í örnefnalýsingu

"Nokkur um Dalinn...Þessar "holur" voru nokkurs konar uppsprettur undir bökkunum. Úr þeim var tekið allt vatn í bæinn, sem kallað var, það var til notkunar fyrir fólkið á Járngerðarstöðum, báðum bæjum..." segir í athugasemdum við örnefnaskrá. Elsta úttekt bæjarins er af Vesturbænum frá 1882. Þar voru þá baðstofa (8x5,5 al.), göng (4x1,5 al.), Bæjardyr (6x2,25 al.), skáli (7x3 al.), eldahlús (9x4 al.), búr í norðurenda baðstofu (4x5,5 al.), fjós m. 3 básum, hesthús f. 3 hesta, heyhús (8,5x3 al.), smiðja (7x3 al.), sjómannabúð, fiskhjallur, húsagarður með bæjarrönd (50 fðm), túngarður 160 fðm og traðargarður 85 fðm og kálgarður - Saga Grindavíkur II, 57-58.

**Heimildir:** JJ 1847, 84; Ö-Járngerðarstaðir ath., 6; SSGK, 137

**GK-017:002** heimild um útihús

Útihús sambyggt við túngarð sunnan við bæinn, norðvestan við heimreið

**Heimildir:** Túnakort 1918

**GK-017:003** heimild um útihús

Útihús við túngarð suðaustur af bænum, beint suður af Vallarhúsum

"Syðst í svokölluðu Hólstúni, suðaustan við Tjörmina, rétt norðan við vegarslóða. Kálgarður/kartöflugarður með grjóthlöðnum vegg í kring. Að innanmáli ca. 26 x 18 m, veggjahæð 0,5 - 1,3 m. Veggur er hlaðinn úr hraungrýti. Í suðausturhorni kálgarðsins er ferhyrnd rúst, sem að sögn heimildamanns (Guðjóns Þorlákssonar frá Vík) er gamall hrútakofi frá Járngerðarstöðum. Fast upp við þennan kálgarð (austan við) er annar kálgarður sem virðist eldri, hann er svipaður að stærð og sá fyrri, hlaðinn úr torfi og grjóti, veggjahæð 0,3 - 0,5 m. Veggir eru greinilegir austan og norðan megin, vesturveggur er sameiginlegur Hólsgarði en suðurhliðin er ógreinileg, þó má greina smá þúst þar. Aðrar upplýsingar: Guðjón Þorláksson sagði að svæðið allt, kálgarðarnir tveir, hrútakofinn og staðurinn þar sem hann heyrði að kotið hefði legið [sbr. 004], hafi ekkert breyst frá því hann man eftir sér.



Hólsгарður var enn notaður sem kartöflugarður þegar hann var ungur." segir í skýrslu um fornleifar á Járngerðarstöðum. Rútirnar voru taldar í lítilli hættu vegna yfirvofandi vegagerðar.

**Heimildir:** Túnakort 1918; AS Járngerðarstaðir, 15.

**GK-017:004** heimild um útihús

2 útihús við túngarð skammt austur af 003

"Í lægð eða laut austan við kálgarðana [003], í dag utan túngirðingar, en miðað við túnakort frá 1918 var tóftin þá innan girðingar, í suðurhorninu á Vallartúni. Ekki eru greinilegar rústir þarna, skrásetjari þóttist þó sjá tvær hleðslur. Önnur frá austri til vesturs, hin frá u.þ.b. miðri þeirri fyrri í suður og mynda þær sinskonar T. ... Munnmæli. Guðjón Þorláksson í Vík í Grindavík, segist oft hafa heyrt að þarna hefði verið kot fyrir löngu. Gæti hafa verið ein af þeim hjáleigum sem hafa lagst í eyði vegna sjávargangs (aths. skrásetjara.)" segir í skýrslu um fornleifar á Járngerðarstöðum. Tóftin var talin í mikilli hættu vegna yfirvofandi vegagerðar. Ekki er alveg víst að þetta sé sama tóft og nr. 004 á túnakorti.

**Heimildir:** Túnakort 1918; AS Járngerðarstaðir, 15.

**GK-017:005** heimild um útihús

Útihús byggt við túngarð og kálgarðapýrpingu austur af 004.

"Á sléttum völlum vestan við túnið á Járngerðarstöðum, um 100 m frá sjó. Ein tóft með 3 hólfum eða 3 tóftir (kálgarðar?) hlið við hlið. Hleðslurnar eru úr torfi og grjóti um 20 - 60 cm háar. Tóftin (tóftirnar) er ca. 5-6 m breið og ca. 17 m löng." segir í skýrslu um fornleifar á Járngerðarstöðum og fylgir teikning og ljósmynd. Tóftin var talin í lítilli hættu vegna vegagerðar. Ekki er víst að þetta sé sami staður og nr. 005 á túnakorti.

**Heimildir:** Túnakort 1918; AS Járngerðarstaðir, 16.

**GK-017:006** *Hlaðhús* bæjarstæði býli

Hjáleiga 1703: "...gömul." JÁM III. Ekki til í tali Johnsens 1847.

**Heimildir:** JÁM III, 19; JJ

**GK-017:007** *Lambhús* bæjarstæði býli

Hjáleiga 1703: "...bygð innan við xx ár." JÁM III. Ekki til í tali Johnsens 1847.

**Heimildir:** JÁM III, 17; JJ

**GK-017:008** *Gullekra* heimild um sjóbúð

1703: "Til forna hafa hjer verið þessar búðir: Gullekra, hefur verið tómthús, búðarleiga var xx álnir." JÁM III

**Heimildir:** JÁM III, 19

**GK-017:009** *Krubba* heimild um sjóbúð

1703: "Til forna hafa hjer verið þessar búðir:...Krubba. Og svo tómthús, búðarleiga xx álnir." JÁM III

**Heimildir:** JÁM III, 20

**GK-017:010** *Litlu Gjáhús* heimild um sjóbúð

1703: "Til forna hafa hjer verið þessar búðir:...Litlu Gíahús, hafði grasnyt. Landskyld var 1 álnir." JÁM III

**Heimildir:** JÁM III, 20

**GK-017:011** *Nyrðra Garðshorn* bæjarstæði býli

"Jb. 1803 telur og eyðihjáleigu, Nyrðra Garðshorn, hvernar nú eigi er getið." JJ

**Heimildir:** JJ 1847, 84

**GK-017:012** *Stekkjarkhóll* örnefni stekkur

"Vesturmerki Járngerðarstaða eru frá Markhól, sem er við sjó [grasi vaxinn, ekki hár]...Vestan við Markhól er Hvalvík, sem er í Húsatóftalandi...Austan við Hvalvík er Katrínarvík. Austan við hana er Sandvík. Austan við það eru Hásteinar, sem eru hraunstandar upp úr kambinum. Austan við Hásteina er flöt hella, sem er upp úr um flóð og heitir Hella. Austan við Helli heitir Malarendi. Næst Malarenda er Skyggfir, sem er hóll...Litli-Skyggfir var þar skammt vestar, lítill hóll lengra frá sjónum norður frá Stekkjarkhól.", segir í örnefnaskrá AG.

**Heimildir:** Ö-Járngerðarstaðir AG, 1

**GK-017:013** *Gerðavellir* heimild

"Frá Stórubót [vík inn í landið við Malarenda] liggur Rásin inn í Gerðavallabrunna, sem eru upp af Gerðavöllum.

En sjórinn víkkaði hana og brauzt inn á lægra svæði. Sjórinn gegnur gegnum Rásina um flóð.", segir í örnefnaskrá AG.

"Sagt er að Junkarar hafi lagt upp í Stórubót við Gerðavelli, upp af Skyggfir, vestan við Rásina. Þar voru á Gerðavöllum allmiklar hlaðnar girðingar gamlar...Á Gerðavöllum er allt fullt af gördum. Þeir eru hlaðnir á tvo vegu við vellina og eiga að vera eftir Junkarana, en þeir reru til skiptis eftir veðri úr Grindavík og Höfnum (Njarðvíkum), eftir því sem sögurnar segja. Fóru þeir með skipin á milli, og hét þar Skipastígur.", segir í örnefnaskrá AG. "Munnmæli um útgerð Þjóðverja í Grindavík herma að þeir hafi haft aðsetur á Gerðisvöllum, skammt norðvestur af Stóru bót í Járngerðarstaðalandi." segir í Sögu Grindavíkur I, 251. "Á þessum slóðum voru aðstæður að ýmsu leyti hentugar aðkomumönnum, sem stunda vildu útgerð og kaupskap, en þurftu jafnframt að hafa vara á sér. Þeir voru utan meginbyggðarinnar í Járngerðarstaðahverfi, og á Stóru bót var bærilæg höfn kaupskipum og þokkalegur útróðrastaður, a.m.k. yfir sumartíman. Aðstaða til fiskverkunar á Hellunum var góð og vestan Stóru bótar rís höll sá, sem Skyggfir heitir og er með hæstu hólum í nágrenninu. Af honum mátti, eins og nafnið bendir til, hafa gát á mannaferðum." segir í Sögu Grindavíkur I, 240-41. "Heimildir um "Tyrkjaránið" 1627 herma, að þá hafi danska kaupskipið legið í Járngerðarstaðasundi, og af heimildum um ránið verður ekki annað ráðið en að á þessum tíma hafi búðir kaupmanns staðið í landi Járngerðarstaða. Þar mun verslunin og hafa haft bækistöðvar sínar til ársins 1939, en þá hættu kaupmenn að sigla á Grindavík ..." segir þar enn fremur á s. 253. Þegar verslun hófst á ný í Grindavík 1664 var hún færð til Arfadalsvíkur.

**Heimildir:** Ö-Járngerðarstaðir AG, 1-2, 4; Saga Grindavíkur I, 240-41, 251, 253.

**GK-017:014** *Gerðavallabrunnar* örnefni brunnur

"Frá Stórubót [vík inn í landið við Malarenda] liggur Rásin inn í Gerðavallabrunna, sem eru upp af Gerðavöllum. En sjórinn víkkaði hana og brauzt inn á lægra svæði. Sjórinn gegnur gegnum Rásina um flóð.", segir í örnefnaskrá AG.

**Heimildir:** Ö-Járngerðarstaðir AG, 1-2

**GK-017:015** *Fornavör* örnefni lending

"Austan við Eystri-Þanghól er Fornavör.", segir í örnefnaskrá AG.

"... í vörnum tveim, Fornuvör og Stokkavör, mun hafa staðið útvegur fyrir á öldum." segir í Sögu Grindavíkur I.

**Heimildir:** Ö-Járngerðarstaðir AG, 2; Saga Grindavíkur I, 35.

**GK-017:016** *Draugalón* örnefni draugur

"Austan við Eystri-Þanghól er Fornavör. Draugalón er í kvos milli Eystri-Þanghóls og Sjálfskvíarklappar.", segir í örnefnaskrá AG.

"Það er fúll pyttur, 3-4 metrar á dýpt, sem þang safnaðist í og fúlnaði.", segir í örnefnaskrá AG.

**Heimildir:** Ö-Járngerðarstaðir AG, 2

**GK-017:017** *Sjálfskvíar* örnefni kvíar

"Fram af Þanghólum og milli þeirra eru berar klappir, er heita Sjálfskvíar eða Sjálfskvíarklöpp, og Sjálfskvíarlón er þar fram af.", segir í örnefnaskrá AG.

"Við klöppina, sem nefnd er Sjálfskvíarklöpp, hafa bændur vafalítið haft fé í kvíum, á meðan enn var fært frá, og er ekki ósennilegt, að nafnið sé þannig til komið, að kletturinn hafi verið notaður sem kvíaveggur og þarna hafi þótt hentugt að króa fé af. Líklegastir til að notfæra sér klöppina með þessum hætti voru bændur á hjáleigunni Kvíhúsum, sem stóð þarna niðurundir kampinum, og við hana er Kvíahúsakampur vitaskuld einnig kenndur." segir í Sögu Grindavíkur I.

**Heimildir:** Ö-Járngerðarstaðir AG, 2; Saga Grindavíkur I, 34-35.

**GK-017:018** *Stokkavör* heimild um lendingu

"Austan við Akurhúsanef er komið að gömlu lendingunum. Þar var kallaður Gamlisjór. Næst nefinu var Stokkavör...", segir í örnefnaskrá AG.

"... í vörnum tveim, Fornuvör og Stokkavör, mun hafa staðið útvegur fyrir á öldum." segir í Sögu Grindavíkur I.

**Heimildir:** Ö-Járngerðarstaðir AG, 3; Saga Grindavíkur I, 35.

**GK-017:019** *Suðurvör* heimild um lendingu

"Austan við Akurhúsanef er komið að gömlu lendingunum. Þar var kallaður Gamlisjór. Næst nefinu var Stokkavör, þá Suðurvör....", segir í örnefnaskrá AG.

"Þegar ferðamenn komu með ströndinni að vestan og fyrir Akurhúsanef, komu þeir fyrst í varirnar í Járngerðarstaðahverfi er hétu Norðurvör og Suðurvör. Í þeim lentu bátar allt til þess, er bryggja var gerð á klöppunum milli varanna seint á 3. áratug þessarar aldar. Þá var tekið að landa aflu við bryggjuna, en síðan voru bátarnir settir upp í vörnum sem fyrr. Hélt svo allt til þess, er hafnargerð hófst í Hópinu 1939. Á milli varanna

var sker, sem Suðurvararsker hét, og við leiðina inn í varirnar var annað, sem Brúnkolla nefndist. Þar lentu bátar stundum uppi, og þótti ekki sérlega mikil sjómennska. ... Skip Járngerðarstaðabænda reru jafnan úr vörunum tveim ..." segir í Sögu Grindavíkur I.

**Heimildir:** Ö-Járngerðarstaðir AG, 3; Saga Grindavíkur I, 36

**GK-017:020** *Norðurvör* heimild um lendingu

"Austan við Akurhúsanef er komið að gömlu lendingunum. Þar var kallaður Gamliþjó. Næst nefinu var Stokkavör, þá Suðurvör og síðan Norðurvör, sem hét öðru nafni Slökk.", segir í örnefnaskrá AG.

"Þegar ferðamenn komu með ströndinni að vestan og fyrir Akurhúsanef, komu þeir fyrst í varirnar í Járngerðarstaðahverfi er hétu Norðurvör og Suðurvör. Í þeim lentu bátar allt til þess, er bryggja var gerð á klöppunum milli varanna seint á 3. áratug þessarar aldar. Þá var tekið að landa afla við bryggjuna, en síðan voru bátarnir settir upp í vörnum sem fyrr. Hélt svo allt til þess, er hafnargerð hófst í Hópinu 1939. Á milli varanna var sker, sem Suðurvararsker hét, og við leiðina inn í varirnar var annað, sem Brúnkolla nefndist. Þar lentu bátar stundum uppi, og þótti ekki sérlega mikil sjómennska. ... Skip Járngerðarstaðabænda reru jafnan úr vörunum tveim ..." segir í Sögu Grindavíkur I.

**Heimildir:** Ö-Járngerðarstaðir AG, 3; Saga Grindavíkur I, 36.

**GK-017:021** *Staðarvör* heimild um lendingu

"Austan við Akurhúsanef er komið að gömlu lendingunum. Þar var kallaður Gamliþjó. Næst nefinu var Stokkavör, þá Suðurvör og síðan Norðurvör, sem hét öðru nafni Slökk. Næst austur af er Staðarvör.", segir í örnefnaskrá AG.

"Þar var uppsátur Skálholtsbiskups og síðar útgerðin. Þegar S.T. fékk lóð þarna og gróf niður í kálgarði sínum, voru þar fyrir vaðsteinar og brýniskubbar o.fl. í axlardýpt.", segir í örnefnaskrá AG. "Þegar S.T. fékk lóð þar upp af, svo sem fimmtíu faðma frá sjó, þar hafa þá sjóbúðir verið.", segir í athugasemdum við örnefnaskrá. "Skip Járngerðarstaðabænda reru úr [Norðurvör og Suðurvör], en fyrir innan þær var þriðja vörin og hét Staðarvör. Þaðan reru skip Skálholtsstóls á meðan enn var útræði á vegum stólsins í Grindavík. Dró vörin nafn af Skálholtsstað." segir í Sögu Grindavíkur I.

1703: "Skip stólsins ganga hjer venjulega iii eða iiiii, og hafa þeir verbúðir fyrir sig, sem stóllinn uppbyggir. En soðningu kaupa skipverjar. Hafa þessi skip stólsins verið so um lángr stundir, en alt þar til í tíð Mag. Brynjólfs var gefin til heimabóndans undirgift undir þau skip, sem fleiri voru en tvö af stólsins hendi. Og hýsti heimabóndi þá skipshöfn. En í tíð Mag. Brynjólfs var uppbygð önnur staðarins verbúð, sem síðan hefur viðhaldist, og engin undirgift verið frá stólnum lögð til bóndans...Átroðning líður jörðin mikinn af hestum þeirra manna, er róá á stólsins skipum..."JÁM III

**Heimildir:** Ö-Járngerðarstaðir AG, 3; JÁM III, 16, 20; Ö-Járngerðarstaðir ath., 2; Saga Grindavíkur I, 36.

**GK-017:022** *Svíravarða* heimild

"Næstur er Svartiklettur austan við Staðarvör, upp úr sjó á fjörunni. Þar upp af heitir Svíri...Á Svíra var hlaðin varða, Svírarvarða, en áður bar Svartiklettur þetta nafn.", segir í örnefnaskrá AG.

**Heimildir:** Ö-Járngerðarstaðir AG, 3

**GK-017:023** *Kvíavík* heimild um lendingu

"Þegar ekki var lendandi í vörunum áður fyrr, var farið inn í Hóp og lent í Kvíavíki, en það hefur nú verið fyllt upp og byggðir tankar á því. Kvíavíkið var suðvestan við Álfsfit, innan við Svíra.", segir í örnefnaskrá AG. "Næst fyrir innan Svírann var Kvíavík, en þar munu hafa verið kvíar frá Rafnshúsum eða Krosshúsum ..." segir í Sögu Grindavíkur I.

**Heimildir:** Ö-Járngerðarstaðir AG, 3; Saga Grindavíkur I, 38.

**GK-017:024** *Álfsfit* örnefni huldufólksbústaðu

"Þegar ekki var lendandi í vörunum áður fyrr, var farið inn í Hóp og lent í Kvíavíki, en það hefur nú verið fyllt r upp og byggðir tankar á því. Kvíavíkið var suðvestan við Álfsfit, innan við Svíra.", segir í örnefnaskrá AG.

**Heimildir:** Ö-Járngerðarstaðir AG, 3

**GK-017:025** *Eyrargata* heimild um leið

"Þegar ekki var lendandi í vörunum áður fyrr, var farið inn í Hóp og lent í Kvíavíki, en það hefur nú verið fyllt upp og byggðir tankar á því. Kvíavíkið var suðvestan við Álfsfit, innan við Svíra. Úr vikinu til vestsuðvesturs vottaði fyrir troðningi um síðustu aldamót, sem kallaðir voru Eyrargata.", segir í örnefnaskrá AG.

"Sagnir voru um, að það væri kirkjugata frá Þorkötlustöðum að Stað, en þá átti Hóp að hafa verið grasi gróid valllendi. Sagnir voru einnig um, að Staður hafi verið í miðri sókn áður fyrr.", segir í örnefnaskrá AG.

**Heimildir:** Ö-Járngerðarstaðir AG, 3

**GK-017:026** *Stekkjárhólar* örnefni stekkur

"Nú er að bregða sér aftur...á Markhól...Fyrir ofan og austan hann er Stórhóll...Þar austur með er Hrafnagjá upp af Sandvikinu, en hún liggur til austurs. Stekkjárhólar eru rétt niður við kampinn.", segir í örnefnaskrá AG.

**Heimildir:** Ö-Járngerðarstaðir AG, 4

**GK-017:027** *Skipstígur* heimild um leið

"Sagt er að Junkarar hafi lagt upp í Stórubót við Gerðavelli, upp af Skyggfir, vestan við Rásina. Þar voru á Gerðavöllum allmiklar hlaðnar girðingar gamlar...Á Gerðavöllum er allt fullt af gördum. Þeir eru hlaðnir á tvo vegu við vellina og eiga að vera eftir Junkarana, en þeir reru til skiptis eftir veðri úr Grindavík og Höfnum (Njarðvíkum), eftir því sem sögurnar segja. Fóru þeir með skipin á milli, og hét þar Skipastígur.", segir í örnefnaskrá AG.

1840: "Miðvegurinn, sem ýmist kallast Járngerðarstaða- eða Skipstígsvegur, liggur í útnorður fyrir sunnan Þorbjarnarfell, og er þá Þórðarfell, Súlur og Stapafell allt að vestan og sunnanverðu." segir í sóknarlýsingu.

**Heimildir:** Ö-Járngerðarstaðir AG, 1-2, 4; Ö-Járngerðarstaðir ath., 3; SSGK, 129.

**GK-017:028** *Traðirnar* heimild um leið

"Ganti er klettarni með grasi utan við túnhliðið, og Traðirnar voru þar frá bæ vestur úr.", segir í örnefnaskrá AG.

**Heimildir:** Ö-Járngerðarstaðir AG, 4

**GK-017:029** heimild um túngarð

"Túnhliðið á túngirðingunni að vestan hét Tíðahlið, en þá var grjótgardur í kringum túnið allt.", segir í örnefnaskrá AG.

**Heimildir:** Ö-Járngerðarstaðir AG, 4

**GK-017:030** *Hólsbyrgi* heimild um eyktamark

"Hólsbyrgi er grösug hæð utan túns. Þar var hádegi frá Járngerðarstöðum. Það er austan við Litlubót.", segir í örnefnaskrá AG.

"Uppi á hól, sem kallast Hólsbyrgi eða Hádegishóll, norðan við vegarslóða sem liggur þar yfir. Þarna virtist vera lítil tóft. Skrásetjari gat þó aðeins greint þrjár hliðar og þar af eina greinilega. Tóftin er 5 m löng og 4 m breið að utanmáli, hæð veggja 5 - 20 cm. Greinileg grjóthleðsla er í vesturlangvegg, en austurlangveggur og norðurgafli eru aðeins smá þústir. Gólfið í tóftinni er aðeins lægra en umhverfið sem gerir hana greinilegri. Hugsanlegt er með tilliti til heitis hólsins, að þarna hafi verið einhverskonar byrgi. Guðjón Þorláksson, fæddur 1945, sem búíð hefur þarna alla ævi, kannsrt ekki við að þarna afi verið hús eða leifar húss." segir í skýrslu um fornleifar á Járngerðarstöðum. Tóftin taldist í mikilli hættu vegna fyrirhugaðrar vegagerðar.

**Heimildir:** Ö-Járngerðarstaðir AG, 4; AS Járngerðarstaðir, 14

**GK-017:031** *Hraunsteppirnar* örnefni stekkur

"Þar vestan við túnið er Einisdalshraun, en suður af því eru Hraunsteppirnar.", segir í örnefnaskrá AG.

**Heimildir:** Ö-Járngerðarstaðir AG, 4

**GK-017:032** *Bóndastekkatún* örnefni stekkur

"Niður af Vatnsstæðinu, vestan við gamla heimabæinn, er Bóndastekkatún.", segir í örnefnaskrá AG.

**Heimildir:** Ö-Járngerðarstaðir AG, 4

**GK-017:033** *Silfra* þjóðsaga

"...og haldið til heiðarinnar. Skammt fyrir ofan þorpið er gjáin Silfra.", segir í örnefnaskrá AG.

"Er sagt, að í henni sé fólgin kista full af silfurpeningum.", segir í örnefnaskrá AG.

**Heimildir:** Ö-Járngerðarstaðir AG, 5

**GK-017:034** *Títublaðavarða* heimild

"Fast við það [Vatnsstæðið] er varða við veginn til Keflavíkur, og heitir hún Títublaðavarða.", segir í örnefnaskrá AG.

**Heimildir:** Ö-Járngerðarstaðir AG, 5

**GK-017:035** *Baðsvellir* heimild um sel

1703: "Selstöðu hefur jörðin og brúkar enn nú þar sem heita Baðsvellir, og kvarta menn um að þar sjeu haga oflitlir og þröngvirr. Ítem sje þar stórt mein að vatnsleysi, þá þerrar eru, og fyrir þessa lesti selstöðunnar segja menn fulla nauðsyn til að kaupa selstöðu annarsstaðar. Þessa brúkar bóndinn alleina." segir í jarðabók Árna og Páls. "Ef farið er yfir Selháls, sem er milli Þorbjarnar og Hagafells, taka við sléttir vellir, Baðsvellir.", segir í örnefnaskrá AG.

"Sagt er, að þeir dragi nafn sitt af því, að þar hafi ræningjar baðað sig ... Alveg niður við hraun er hallandi graslendi. Þar er slétt laut Kvíalág. Þar með hrauninu eru tvennar seltættur og hóll. Þar austan við heitir Stekkjarhóll.", segir í örnefnaskrá AG.

**Heimildir:** JÁM III, 16; Ö-Járngerðarstaðir AG, 5

**GK-017:036** *Stekkjjarhóll* örnefni stekkur

"Ef farið er yfir Selháls, sem er milli Þorbjarnar og Hagafells, taka við sléttir vellir, Baðsvellir.", segir í örnefnaskrá AG.

"Sagt er, að þeir dragi nafn sitt af því, að þar hafi ræningjar baðað sig...Alveg niður við hraun er hallandi graslendi. Þar er slétt laut Kvíalág. Þar með hrauninu eru tvennar seltættur og hóll. Þar austan við heitir Stekkjarhóll.", segir í örnefnaskrá AG. "Þetta með seltóftina og Stekkjarhól getur verið rétt. Þetta var þá víst í Hópslandi.", segir í athugasemdum við örnefnaskrá.

**Heimildir:** Ö-Járngerðarstaðir AG, 6-7; Ö-Járngerðarstaðir ath., 3

**GK-017:037** *Gyltustígur* örnefni leið

"Kliffhólar eru útrennsli úr Þorbirni...Vestan í Kliffhól, utan í fjallinu vestast, er Gyltustígur, eins konar hraunveggur. Hann er vestarlega í Þorbirni að sunnanverðu frá Lágafellstagli og upp úr.", segir í örnefnaskrá AG.

**Heimildir:** Ö-Járngerðarstaðir AG, 6

**GK-017:038** *Vörðugjá* örnefni

"Austur af Stapafelli er gjá, sem á korti er nefnd Vörðugjá, en er trúlega hluti af Haugsvörðugjá.", segir í örnefnaskrá AG.

**Heimildir:** Ö-Járngerðarstaðir AG, 7

**GK-017:039** *Akrahóll* bæjarstæði býli

"Fyrir aldamótin 1900 voru komin tvö býli auk fyrrgreindra. Þau hétu Akrahóll og Akrakot. Það var kallað þurrabúð, grasnyt fylgdi ekki.", segir í athugasemdum við örnefnaskrá.

**Heimildir:** Ö-Járngerðarstaðir ath., 1

**GK-017:040** *Akrakot* bæjarstæði býli

"Fyrir aldamótin 1900 voru komin tvö býli auk fyrrgreindra. Þau hétu Akrahóll og Akrakot. Það var kallað þurrabúð, grasnyt fylgdi ekki.", segir í athugasemdum við örnefnaskrá.

**Heimildir:** Ö-Járngerðarstaðir ath., 1

**GK-017:041** *Malarendarétt* heimild um rétt

"Innan við grjótkampinn í Malarendum var fjárrétt, kölluð Malarendarétt.", segir í athugasemdum við örnefnaskrá.

"Við hana var lítil kró. Þegar fært var frá, voru lömbin látin þar Það var fyrir mitt minni [Sæmundar Tómassonar skrásetjara].", segir í athugasemdum við örnefnaskrá.

**Heimildir:** Ö-Járngerðarstaðir ath., 1

**GK-017:042** *Staðarhúsakampur* heimild um sjóbúð

"Austan við Akurhúsanef er komið að gömlu lendingunum. Þar var kallaður Gamlisjór. Næst nefinu var Stokkavör, þá Suðurvör og síðan Norðurvör, sem hét öðru nafni Slökk. Næst austur af er Staðarvör.", segir í örnefnaskrá AG. "Innan við Staðarvör tók við malarkampur, sem Staðarhúsakampur nefndist. Þar munu verbúðir Skálholtsstaðar hafa staðið á fyrri tíð. Þar fyrir innan var Svartikleppur ..." segir í Sögu Grindavíkur I.

"Þar var uppsátur Skálholtsbiskups og síðar útgerðin. Þegar S.T. fékk lóð þarna og gróf niður í kálgarði sínum, voru þar fyrir vaðsteinar og brýniskubbar o.fl. í axlardýpt.", segir í örnefnaskrá AG. "Þegar S.T. fékk lóð þar upp af, svo sem fimmtíu faðma frá sjó, þar hafa þá sjóbúðir verið.", segir í athugasemdum við örnefnaskrá.

**Heimildir:** Ö-Járngerðarstaðir AG, 3; Saga Grindavíkur I, 36; JÁM III, 16, 20; Ö-Járngerðarstaðir ath., 2

**GK-017:043** heimild

"En svo voru aðrar tóftir og eru ennþá sýnilegar (1962) við Grindavíkur - (?) og til vinstri handar á suðurleið, þar við austurjaðarinn á Baðsvöllum, í útjaðri Hagafells móti vestri skamt frá Gálgaklettum.", segir í athugasemdum við örnefnaskrá.

**Heimildir:** Ö-Járngerðarstaðir ath., 3

**GK-017:044** *Járngerður* þjóðsaga legstaður

"Eitt örnefnið var við sjávargötu, þegar gengið var (til skips, sem kallað var) austur að lendingum. Á þá leið gengu sjómenn frá Járngerðarstöðum, Garðhúsum, Vallarhúsum, Velli og Gjáhúsum, nú Vík. Það var lítil mishæð, svo sem um 30 fet á lengd og 10 fet á breidd og svo sem 4 fet á hæð, grasi vaxin. Þetta var kallað Járngerður.", segir í athugasemdum við örnefnaskrá.

"Þar átti að vera grafin sú merkiskona, sem eitt sinn bjó á Járngerðarstöðum, og mátti ekki við leiðinu hreyfa. En nú er það nú samt horfið fyrir nokkru.", segir í athugasemdum við örnefnaskrá.

Rannsókn í Gullbringusýslu og Kjósarsýslu sumarið 1902 eftir Brynjúlf Jónsson: " Járngerðaleiði hafa menn kallað dálítinn aflangan bala í túninu á Hrafshúsum í Járngerðarstaðahverfi. Ég lét grafa í þann bala, og reyndist hann gamall öskuhaugur."BJ

**Heimildir:** Ö-Járngerðarstaðir ath., 6; BJ "Rannsókn í Gullbringusýslu og Árnassýslu sumarið 1902" Árb. 1903, 46

**GK-017:045** *Vallarhúshola* lind

"Nokkur um Dalinn...Þessar "holur" voru nokkurs konar uppsprettur undir bökkunum. Úr þeim var tekið allt vatn í bæinn, sem kallað var, það var til notkunar fyrir fólkið á Járngerðarstöðum, báðum bæjum, og svo Vallarhúsum, sem var þar alveg við. Ég veit, að á Járngerðarstöðum voru fyrir og fram að 1900 oft á vertíðum yfir eitt hundrað manns. Vatn þetta var nú samt salt, sögðu sveitamenirnir, aðeins jarðsíaður sjór, og það er mjög líklegt.", segir í athugasemdum við örnefnaskrá.

**Heimildir:** Ö-Járngerðarstaðir ath., 6

**GK-017:046** *Hólshola* lind

"Nokkur um Dalinn...Þessar "holur" voru nokkurs konar uppsprettur undir bökkunum. Úr þeim var tekið allt vatn í bæinn, sem kallað var, það var til notkunar fyrir fólkið á Járngerðarstöðum, báðum bæjum, og svo Vallarhúsum, sem var þar alveg við. Ég veit, að á Járngerðarstöðum voru fyrir og fram að 1900 oft á vertíðum yfir eitt hundrað manns. Vatn þetta var nú samt salt, sögðu sveitamenirnir, aðeins jarðsíaður sjór, og það er mjög líklegt.", segir í athugasemdum við örnefnaskrá.

**Heimildir:** Ö-Járngerðarstaðir ath., 6

**GK-017:047** *Heimrihola* lind

"Nokkur um Dalinn...Þessar "holur" voru nokkurs konar uppsprettur undir bökkunum. Úr þeim var tekið allt vatn í bæinn, sem kallað var, það var til notkunar fyrir fólkið á Járngerðarstöðum, báðum bæjum, og svo Vallarhúsum, sem var þar alveg við. Ég veit, að á Járngerðarstöðum voru fyrir og fram að 1900 oft á vertíðum yfir eitt hundrað manns. Vatn þetta var nú samt salt, sögðu sveitamenirnir, aðeins jarðsíaður sjór, og það er mjög líklegt.", segir í athugasemdum við örnefnaskrá.

**Heimildir:** Ö-Járngerðarstaðir ath., 6

**GK-017:048** *Nautagjá* heimild um þvottastað

"Nautagjá. Hún er í útjaðri á túninu Drumbar og kemur þar í stað girðingar á svo sem 20 faðma lengd.", segir í athugasemdum við örnefnaskrá.

"Allt vatn í þvotta og handa kúm var tekið úr Nautagjá, og þar voru líka þvottar þvegnir...Kýr voru fjarska oft reknar til vatns í Nautagjá á vetrum, ef gott var, og þannig látnar bera vatnið sjálfar. Þessi vegalengd mun hafa verið nær eitt hundrað faðmar eftir túninu Drumbar, og gæti hugsazt, að nafn gjárinnar væri frá þessu komið í fyrstunni, að nautpeningur var þar oft við drykk.", segir í athugasemdum við örnefnaskrá.

**Heimildir:** Ö-Járngerðarstaðir ath., 4, 6

**GK-017:049** *Magnúsargjá* heimild um þvottastað

"Magnúsargjá. Það var í raun og veru sama sprungan [og Nautagjá]. Hún var í sömu stefnu og svo sem 15 faðmar á milli endanna.", segir í athugasemdir við örnefnaskrá.

"Allt vatn í þvotta og handa kúm var tekið úr Nautagjá, og þar voru líka þvottar þvegnir, en ull í Magnúsargjá.", segir í athugasemdum við örnefnaskrá.

**Heimildir:** Ö-Járngerðarstaðir ath., 6

**GK-017:050** *Skjalda* bæjarstæði býli

1840: "Eyðikotið kallast Skjalda og liggur í útnorður út við túngarðinn." segir í sóknarlýsingu.

**Heimildir:** SSGK, 137

**GK-017:051** *Engelska lág* heimild um vígi

"Upp af Stórubót, á Hellum, sem kallaðar eru, má enn sjá ógreinilegar leifar af virki Englendingsins Jóhanns Breiða ..." - "Aðsetur [enskra kaupmanna á fyrri hl. 16. aldar] var nokkuð fyrir vestan Járngerðarstaðabæinn, þar sem heitir "úti á Hellum", upp af Stóru bót, og er líklegt, að þar hafi útræði þeirra og verslunarhöfn staðið. Á þessum slóðum hefur mikið land brotið á síðustu áratugum, og vafalaust einnig á fyrri öldum. Er því erfitt að gera sér grein fyrir því, hvernig aðstæður hafa verið fyrir nær hálfu árþúsundi. Þar sem nú er urð og grjót, voru grænir grasbalar fyrir u.þ.b. hálfri öld. Enn má þó greina þarna nokkur ummerki mannvistar, og er t.d. töluvert eftir af hól, þar sem munnmæli herma, að virki Jóhanns Breiða hafi staðið ..." segir í Sögu Grindavíkur I. "... stóðu búðir Jóhanns Breiða og félaga hans skammt upp af Stóru bót, sem er u.þ.b. einn kílómetra fyrir vestan Járngerðarstaðabæinn. Þar er örnefnið Engelska lág (eða laut), og herma munnmæli, að þar hafi Jóhann Breiði og aðrir Engendingar, sem féllu á átökunum aðfaranótt 11. júlí 1532, verið dysjaðir. Um það bil 5-600 metrum vestar heitir Gerðisvellir ... Þar er líklegt, að búðir kaupmannanna frá Lynn hafi staðið." segir í Sögu Grindavíkur I, 246-47.

1532: "Gerði sagður Jóhann Breiði sér þá vígi eður virkisgarð skammt frá búðum á Járngerðarstöðum, sem enn sér merki og gerði orð með spotti þeim Hamborgurum að sækja til sín skreiðina. Tóku sig til hinir þýzku menn og Bessastaða fóveti, og komu óvart um nótt upp í Grindavík, komust upp í virki Jóhanns og slógu hann til dauðs og alla hans menn, en tóku skip og allt hvað þeir áttu. Þar sést kuml þeirra eða dysjar hjá virkisgarði." Skarðsárannáll.

**Heimildir:** Saga Grindavíkur I, 33, 240, 246-47; IA I, 93.

**GK-017:052** *Barnaós* heimild

"Á 17. öld herma sagnir, að maður nokkur hafi verið við þangskurð á Rifinu. Hann fór út, á meðan lágsjávað var, hafði með sér tvö börn, en gætti sín ekki, er sjór tók að falla að, og fór svo, að maðurinn gat bjargað sér í land, en börnin drukknuðu. Var ósinn, sem þau lentu í, nefndur Barnaós eftir það. Eftir þennan sorglega atburð herma sögur, að bændur hafi hlaðið fyrir ósinn, sem áður hafði verið grafinn inn í Hópið, og mátti ganga þar þurrum fórum, er lágsjávað var. kom þessi hleðsla í ljós, þegar Rifíð var grafið út á árunum 1938-1939, og var u.þ.b. fimm metra breið og hnéhá." segir í Sögu Grindavíkur I.

**Heimildir:** Saga Grindavíkur I, 37-38.

**GK-017:053** *Þjófagjá* þjóðsaga

"Stór sprunga klýfur topp [Þorbjarnarfells] og heitir Þjófagjá. Þar herma munnmæli, að flokkur útilegubjófa hafi haldið sig og rænt og ruplað í Grindavík. Að lokum tóku byggðamenn sig til, fóru að þjófunum, gripu þá og hengdu í Gálgaklettum ... Engar öruggar heimildir eru um það, að útilegubjófar hafi nokkru sinni hafst við í Þjófagjá, og engar mannvistarleifar hafa fundist þar." segir í Sögu Grindavíkur I.

**Heimildir:** SAGA Grindavíkur I, 68-69.

**GK-017:054** heimild um bústað

Í manntali 1703 er ónafngreind hjáleiga sem ekki er getið í jarðabók frá sama ári.

**Heimildir:** Manntal 1703

**GK-018 Kvíhús**

1703: Hjáleiga frá Járngerðarstöðum, meir en 50 ára gömul. JÁM III, 19. 1847: Enn hjáleiga. JJ, 85. Ekki í byggð 1822, en eftir 1835 var þar búið samfleytt - Saga Grindavíkur II, 71.

**GK-018:001** *Kvíhús* bæjarstæði býli

1840: "Í suður frá heimabænum." segir í örnefnalýsingu "Upp af Fornuvör eru leifar eftir Kvíhús niðri á sjávarbakknum.", segir í örnefnaskrá AG.

Hjáleiga 1703: "...yfir 1 ára gömul." JÁM III "Ekki heldur eru hjáleigurnar á Járngerðarstöðum fríar fyrir sjávarágangi...Kvíhús standa árlega í miklum voða fyrir sjóaráfalli, og það sama má segja um Ekurhús, nema herran vilji enn meiri miskunn á gjöra." SSG

**Heimildir:** JÁM III, 17; Ö-Járngerðarstaðir AG, 2; SSGK, 137; Túnakort 1918

**GK-019 Rafnshús**

1703: Hjáleiga frá Járngerðarstöðum - Hranfshús, byggð á síðustu 40 árum - JÁM III, 19. Enn hjáleiga 1801 og 1847. JJ, 85

**GK-019:001** *Hrafshús* bæjarstæði býli "Ekki heldur eru hjáleigurnar á Járngerðarstöðum fríar fyrir sjávarágangi, t.d. Hrafshús, sem áður stóðu milli Ekurhúsa og Kvíhúsa, eru í seinni tíð flutt þangað, hvar þau nú eru." segir í sóknarlýsingu frá 1840. - "Hjáleiga með þessu nafni stóð upprunalega niður undir sjávarkambinum á milli Akurhúsa og Kvíhúsa. Þar mæddi sjávangangur á bæjarhúsunum, og voru þau þá flutt, og endurbyggð á milli Akurhúsa og Gjáhúsa." segir í Sögu Grindavíkur II.  
Hjáleiga 1703: "...bygð innan xl ára." JÁM III  
**Heimildir:** JÁM III, 18; SSGK, 137; Saga Grindavíkur II, 71.

**GK-019:002** *Hrafshús* heimild um bústað  
1840: "Hrafshús eru á milli Gjáhúsa og Akurhúsa út við túngarðinn." segir í sóknarlýsingu. "Hjáleiga með þessu nafni stóð upprunalega niður undir sjávarkambinum á milli Akurhúsa og Kvíhúsa. Þar mæddi sjávangangur á bæjarhúsunum, og voru þau þá flutt, og endurbyggð á milli Akurhúsa og Gjáhúsa." segir í Sögu Grindavíkur II.  
"Ekki heldur eru hjáleigurnar á Járngerðarstöðum fríar fyrir sjávarágangi, t.d. Hrafshús, sem áður stóðu milli Ekurhúsa og Kvíhúsa, eru í seinni tíð flutt þangað, hvar þau nú eru." segir í sóknarlýsingu frá 1840. Ljósmynd af bænum er í Sögu Grindavíkur II, 70.  
**Heimildir:** SSGK, 137; Saga Grindavíkur II, 71.

## **GK-020 Akurhús**

1703: Hjáleiga frá Járngerðarstöðum, gömul. JÁM III, 19. Enn hjáleiga 1801 og 1847. JJ, 85. Einnig Ekurhús í heimildum á fyrri hl. 19. aldar.

**GK-020:001** *Akurhús* bæjarstæði býli  
1840: "Akurhús, út við garð, rétt í suðurátt." segir í sóknarlýsingu. "Upp af Fornuvör eru leifar eftir Kvíhús [GK-018] niðri á sjávarbakknum...Akurhús sópaðist af grunni í sjávarflóði 1925, en þá urðu nokkrir bæir að hólma. Kamburinn framan við Kvíhús og Akurhús er kenndur við bæina...Tangi gengur þarna fram, sem heitir Akurhúsaneff.", segir í örnefnaskrá AG.  
Hjáleiga 1703: "...bygð um langan aldur." JÁM III "Ekki heldur eru hjáleigurnar á Járngerðarstöðum fríar fyrir sjávarágangi...Kvíhús standa árlega í miklum voða fyrir sjóaráfalli, og það sama má segja um Ekurhús, nema herran vilji enn meiri miskunn á gjöra." segir í sóknarlýsingu.  
**Heimildir:** JÁM III, 18; Ö-Járngerðarstaðir AG, 3; SSGK, 137

## **GK-021 Krosshús**

1703: Hjáleiga frá Járngerðarstöðum, gömul. JÁM III, 19. Enn hjáleiga 1801 og 1847, JJ, 85

**GK-021:001** *Krosshús* bæjarstæði býli  
1840: "Krosshús í austur líka [frá heimabæ], en lengra frá og út við túngarðinn." segir í sóknarlýsingu. "Krosshús stóð nokkru austar en Garðhús "út við túngarðinn." segir í Sögu Grindavíkur II.  
Hjáleiga 1703: "...gömul hjáleiga." JÁM III  
**Heimildir:** JÁM III, 19; SSGK, 137; Túnakort 1918; Saga Grindavíkur II, 63

## **GK-022 Hóll**

Hjáleiga frá Járngerðarstöðum 1801 og 1847. JJ, 85. Þar var búið 1822 en lagðist svo í eyði og byggðist á ný fyrir 1840 og hélst svo fram yfir aldamót - Saga Grindavíkur II, 71.

**GK-022:001** *Hóll* bæjarstæði býli  
1840: "Hóll, rétt í útsuður út við túngarð." segir í örnefnalýsingu  
**Heimildir:** JJ 1847, 85; SSGK, 137

## **GK-023 Lángi**

Hjáleiga frá Járngerðarstöðum 1801 og 1847. JJ, 85

**GK-023:001** *Lángi* bæjarstæði býli



"Austan við Járngerðarstaði var kot, sem hét Langi...Túnið milli Járngerðarstaða og Garðhúsa var Langatún.", segir í örnefnaskrá AG.

**Heimildir:** JJ 1847, 85; Ö-Járngerðarstaðir AG, 4

## GK-024 Gjáhús

1703: Hjáleiga frá Járngerðarstöðum, gömul. JÁM III, 18. Enn hjáleiga 1801 og 1847. JJ, 85

### GK-024:001 *Gjáhús* bæjarstaði býli

1840: "Gjáhús, í landsuður að sjá að heiman; þar er tvíbýli." segir í sóknarlýsingu. "Frá Krosshúsum höldum við í suðurátt, að Gjáhúsum, en svo nefndist þriðja hjáleigan í landi Járngerðarstaða. Þar var tvíbýlt alla 19. öld, og nefndust býlin Suður- og Norður-Gjáhús." segir í Sögu Grindavíkur II.

Hjáleiga 1703: "...byggð um langan aldur." JÁM III

**Heimildir:** JÁM III, 18; SSGK, 137; Saga Grindavíkur II, 67.

## GK-025 Garðhús

1703: Hjáleiga frá Járngerðarstöðum, gömul. JÁM III, 19. Enn hjáleiga 1801 og 1847 - JJ, 85

### GK-025:001 *Garðhús* bæjarstaði býli

1840: "Í austur frá heimabænum." segir í sóknarlýsingu. "Hjáleigan Garðhús stóð nokkru austan við heimabæinn á Járngerðarstöðum, lítið eitt norðar en stórhýsið, sem Einar G. Einarsson reisti og enn stendur. Síðasti torfbærinn stóð fram á þessa öld, og var hann notaður sem verbúð í nokkur ár, eftir að steinhúsið var byggt." segir í Sögu Grindavíkur II.

Hjáleiga 1703: "...gömul." JÁM III. Teikning af bænum frá 1895 er pr. í Sögu Grindavíkur II, 61. 1879-1883: "Í Garðhúsum var vel hýst og húsakynni stærri en almennt gerðist í þá daga. Þar var stór og rúmgóð bekkbaðstofa ... Austur á hlaðinu stóð timburhús. Þar bjó formaður sjálfur ... Í timburhúsinu var lítil búð, og seldi hann kaffi, sykur, tóbak og brennivín." frásögn Jóns Eiríkssonar pr. í Sögu Grindavíkur II, 169.

**Heimildir:** JÁM III, 19; SSGK, 137; Saga Grindavíkur II, 62, 169.

## GK-026 Vallhús

1703: Hjáleiga frá Járngerðarstöðum, gömul. JÁM III, 17. Enn hjáleiga 1801 og 1847. JJ, 85. Oftar nefnd Vallarhús.

### GK-026:001 *Vallarhús* bæjarstaði býli

1840: "Vallarhús standa í suðurátt heiman að sjá innan í öllum kotakransinum." segir í sóknarlýsingu.

Hjáleiga 1703: "Hefur verið um langan aldur." JÁM III

**Heimildir:** JÁM III, 17; JJ, 85; SSGK, 137

## GK-027 Húsatóptir

33 hdr. 1840, óviss 1703. Konungsjörð og liggur til Viðeyjarklausturs. "Selstöðu hefur jörðin langvaranlega haft þar sem heitir á Selsvöllum, er þangað bæði langt og erfitt að sækja." Hjáleigur: Kóngshús og Garðhús. JÁM III, 20. 1836: "Seld með fleiri kóngsjörðum þetta ár, fyrir 630 ríkisdali í silfri til þáverandi landseta. Höfðu Viðeyingar hér áður útræði." SSG, 136. 1847: Jarðardýrleiki 33 1/3 hdr. JJ, 85. "Til forna átti Staður rétt til vatnssóknar í Baðstofu í Húsatóftalandi. Til endurgjalds áttu Húsatóftir þangfjörutak á Stað." GB Mannlíf, 39. Kaupstaður var á Húsatóptum og var lent við Kóngshellu. Jörðin fór í eyði 1946 - GB Mannlíf, 91. 5 tómthúsbýli voru byggð í landi Húsatófta á árunum 1906-1934; Dalbær (1906-46), Vindheimar (1911-34), Blómsturvellir (1914-22), Hamrar (til 1930) og Reynistaður (1934-38).

1703: "Túnið er á næstliðnu vori þann 19. maí virt aldeilis fordjarfað að fjórðungi sínum. Þeir eftirverandi fjórðungar mjög spiltir af sandi og enn hætt við meiri skaða. Engjar öngvar. Mestalt land jarðarinnar hraun og sandi undirorpið." JÁM III, 20. 1840: "...fyrir norðan og útnorðan túnið er víðast hvar náttúrleg gyrðing af lágum hraunhömrum, sem þar gjá er kölluð; líkt er og fyrir sunnan túnið sjálfgerð gyrðing af sama efni, em þeim mismun, að hér liggur túnið fram á klettana, þar sem það að norðanverðu hefir skýli af þeim og liggur upp undir þá...Mörgum þykir fallett á bæ þessum því þar eru stór tún, slétt og fögur, þegar í blóma standa; eru þau og allvel ræktuð." Landnám Ingólfs III, 136

### GK-027:001 *Húsatóptir* bæjarhóll bústaður

1840: "Bærinn stendur spottakorn frá sjó, á háum og víðsýnum fleti..." segir í sóknarlýsingu. Á túnakorti frá

1918 eru sýndar tvær húsabyrpingar og gætu það verið tveir bæir eða bær og útihúsabyrping - eru um 20 m á milli.

"Frá þeim tíma [þ.e. verslunarinnar] er gólfíð þar í bæjardyrnum steinlagt með tígulsteini. Aðrar menjar sjást þar ekki. Er líklegt, að kaupmanns"húsin" hafi verið rifin þegar verzlunin lagðst niður, en svo aftur byggður bóndabær í "tóftum" þeirra, og fengið þar af nafnið, sem hann hefir nú." segir Brynjúlfur Jónsson í grein frá 1903. Íbúðarhús úr steini var byggt á bæjarhólnum 1930 en fram að því hafði verið þar torfbær - GB Mannlíf, 83. 1786 voru heima á Húsatóftum íbúðarhús verslunarmanna, byggt 1777, 10,6 x 7 m að stærð, múrað í binding með torf og grjótveggjum að utan en göflum úr timbri. Einnig var þar íbúðarhús beykisins, byggt 1779, 7,2x4,4 m að stærð m. veggjum úr torfi og grjóti en þak úr timbri - GB Mannlíf, 117-118.

**Heimildir:** Túnakort 1918; JJ 1847, 85; SSGK, 136; BJ "Rannsókn í Gullbringusýslu og Árnessýslu sumarið 1902" Árb. 1903, 44; GB Mannlíf, 117-118.

**GK-027:002** heimild um útihús

Á túnakorti er sýnt útihús eða rétt í norðvesturhorni túnsins.

**Heimildir:** Túnakort 1918

**GK-027:003** heimild um útihús

Á túnakorti frá 1918 er sýnt útihús eða rétt austast í túninu

**Heimildir:** Túnakort 1918

**GK-027:004** *Kóngshús* bæjarstæði bústaður

"Hjáleigan Kóngshús stóð niður við Húsatóttavör ..."

Hjáleiga 1703. JÁM III

**Heimildir:** JÁM III, 21; Saga Grindavíkur I, 119.

**GK-027:005** *Garðhús* bæjarstæði býli

"... ekki er ljóst, hvar hjáleigan, sem nefnd var Garðhús árið 1703, stóð."

Hjáleiga 1703. JÁM III

**Heimildir:** JÁM III, 22; Saga Grindavíkur I, 119.

**GK-027:006** *Stekkjartún* örnefni stekkur

"Fyrir vestan Markhól er Hvalvík...Vestan Hvalvíkurkletta er Jónsbás, u.þ.b. 80 m breiður...Vestan Jónsbáss er hár malarkampur, sem kallaður er Stekkjartúnskampur.", segir í örnefnaskrá. "Tóftabrunnur er fast vestan við gamla veginn, vestan við Bjarnagjá. Þá er Stekkjartúnsbarð og vestan við það Stekkjartún, sem er upp af Jónsbás og Stekkjartúnskampi...Ofan við Stekkjartún er Stakibrunnur.", segir í örnefnaskrá.

"14. janúar 1902 sigldi enski togarinn Anlaby í strand við Stekkjartúnskamp...og fórst öll skipshöfnin.", segir í örnefnaskrá. Í GB Mannlíf, 20 er nánast sama lýsing en talað um Stekkjartúnsmöl í stað Stekkjartúnskamps.

**Heimildir:** Ö-Húsatóftir, 1-2, 5; GB Mannlíf, 20, 21.

**GK-027:007** *Vörðunes* varða

"Fyrir vestan Markhól er Hvalvík...Vestan Hvalvíkurkletta er Jónsbás, u.þ.b. 80 m breiður...Vestan Jónsbáss er hár malarkampur, sem kallaður er Stekkjartúnskampur...Vestan Stekkjartúnskamps eru klettabásar, nefndir Sölvabásar...Vestan Sölvabása skagar tangi fram í sjó. Heitir hann Vörðunes, en er í daglegu tali nefndur Vörðunestangi. Beint upp af honum, u.þ.b. 1 kílómetra, er stór hlaðin varða.", segir í örnefnaskrá.

**Heimildir:** Ö-Húsatóftir, 2; GB Mannlíf, 20

**GK-027:008** *Þvottaklappir* heimild um þvottalaug

"Svolítill vík, Vatnslónavík, er vestan við Vatnslónskletta. Vestan hennar eru Þvottaklappir. Á þeim eru daufar uppsprettur.", segir í örnefnaskrá. "Þar næst komum við að Þvottaklöppum, sem draga nafn af því, að þegar lágsjávað var, rann þarna mikið vatn niður í fjöruna og var farið þangað með þvott frá Hústóttum og hann skolaður. Var það kallað "að fara í Vötin." " segir í Sögu Grindavíkur I.

"Þegar búið var að þvo og sjóða þvottinn, var farið með hann niður á klappir þessar og hann skolaður þar. Efst í Þvottaklöppunum voru hlóðir, og var ullin soðin yfir þeim og hún síðan skoluð á klöppunum.", segir í örnefnaskrá.

**Heimildir:** Ö-Húsatóftir, 2-3; Saga Grindavíkur I, 30; GB Mannlíf, 20

**GK-027:009** *Barlestarsker* heimild

"Vestasti hluti hennar, beint niður undan Húsatóftum, milli Þvottaklappa og Garðafjöru, var í daglegu tali

nefndur Vik. Syðst í Garðafjöru er skerjatangi, sem heitir einu nafni Barlestarsker.", segir í örnefnaskrá.

"Þar munu verzlunarskipin fyrrum hafa tekið barlest. Upp af þeim er stór og mikil klöpp, sem heitir Kóngshella. Í einu af Barlestarskerjum var festarbolti gegnt öðrum í Bindiskeri í Vatnstanga í landi Staðar. Keðja mun hafa legið þvert yfir víkina milli festarboltanna og voru verzlunarskipin á dögum kóngsverzlunarinnar svínbundin við keðjuna, þar sem þau lágu á víkinni (Ath. svínbinda: binda skipin bæði aftan og framan langsum á keðjuna, þannig að hliðin lægi að henni.) Boltinn í Barlestarskerjum var stór, fleygmyndaður bolti með auga í efri endanum. Hann var lengi notaður sem hestasteinn á hlaðinu á Húsatóftum, en er nú týndur. Festarboltinn í Bindiskeri er enn á sínum stað.", segir í örnefnaskrá. 1903: "Vorur skipin bundin á 3 vegu við járnbolta, sem festir voru í klappir. Tveir af þeim voru í Húsatóftalandi, en einn í Staðarlandi. Jón bóndi Sæmundsson á Húsatóftum lét, nálægt 1850, taka upp báða þá boltana, sem í hans landi voru, og færa heim til bæjar. Er annar þeirra nú hafður fyrir hestastein." segir Brynjúlfur Jónsson í grein í Árbók 1903.

**Heimildir:** Ö-Húsatóftir, 3; GB Mannlíf, 21; BJ í Árbók 1903, 45.

**GK-027:010** *Tóftaklöpp* heimild um hjall

"Búðarhella er upp af Kóngshelli og upp af henni Tóftaklöpp. Hún er stærst klappanna.", segir í örnefnaskrá.

"Á henni stóðu fiskhjallar áður fyrr.", segir í örnefnaskrá. "... þar hafði l3ngi staðið sjávarhús frá Húsatóftum, en þau voru farin af fyrir síðustu aldamót og þá komin upp á bakkann fyrir ofan." segir Guðsteinn Einarsson.

**Heimildir:** Ö-Húsatóftir, 4; GE Frá Valahnúk, 20-21.

**GK-027:011** *Tóftavör* heimild um lendingu

"Vestan hennar [Tóftaklappar] er Tóftavör, vestast í Garðafjöru. Búðasandur tekur við af henni til vesturs.", segir í örnefnaskrá.

**Heimildir:** Ö-Húsatóftir, 4

**GK-027:012** *Búðasandur* heimild um verslunarstað

"Upp af Kóngshelli er Búðarhella. ... Næstur er Búðasandur er tekur við af Garðafjöru allt frá Tóftavör, sem er vestast í Garðafjöru." - GB Mannlíf, 21. "Danska verzlunarhúsið stóð á litlum hól u.þ.b. 80 m upp af Tóftavör. Ennþá sést móta fyrir grunn þess.", segir í örnefnaskrá. "Stóðu höndlunarhúsin niður við sjó nálægt Hvirflunum en kaupmenn bjuggu heima á Húsatóftum." segir í sóknarlýsingu frá 1840. "Á innri klöppinni [ofan við Kóngshelli], sem er mun hærri, hafði krambúðin síðast staðið. Þar stóð enn fiskisöltunarahús Húsatóftarmanna, er eg reri þar, 1865 og 1866; og þar á klöppinni var aflanum skift eftir róðra og gjört að fiskinum. Þá var þó klöppin umflotin af sjó í stórstraumsflóðum. Nú er hún enn meira umflotin og ekki þykir lengur óhætt að hafa hús á henni. Hefir það nú verið flutt í land, og sjást engin merki eftir byggingu á klöppinni." segir Brynjúlfur Jónsson í grein frá 1903.

"Verzlun var í Grindavík áður, en hætt var við hana snemma á 18. öld. Höfnin var rétt við prestsetrið Stað, við hólma, sem hjallur er nú á. Skipin lágu milli hans og skers, sem heitir Barlest. Í Hólmanum eru enn kengir úr járn, sem skipin voru bundin í. Tangi gekk út að skerinu, og hét Búðartangi, af því verzlunarhúsin stóðu þar, en nú er tanginn að mestu brotinn af brimi." ÞT Ferðabók I, 179 "Fyrir mörgum árum var verið að grafa þar fyrir sjóhúsi. Þá fannst þar lóð, 100 pund að þyngd, sem bar merki Kóngshöndlunar." GB Mannlíf, 85. 1787 voru þar þessar byggingar: Búðin, byggð 1779, 12,5 x 7,5 m að stærð; Eldhús með múraðri eldstó, 6 x 4 m og Gamla pakkhúsið (sennilega eldri verslunarbúð) einnig 12,5x7,5 m að stærð - GB Mannlíf, 117. Verslun var tekin upp á ný í Grindavík árið 1664 en hafði fram til 1639 verið í Járngerðarstaðalandi. Kaupmenn "fluttu sig nú um set vestur í Arfadal í landi Húsatótta. Þar var ráðist í umtalsverðar framkvæmdir og á uppdrætti, sem Kristófer Klog gerði af Grindavíkurhöfn árið 1751 ... má sjá verslunarhús niðri við ströndina. Þau stóðu skammt frá svonefndum Hvirflum, þar sem heiti Búðasandur ..." seegir í Sögu Grindavíkur I, 255. Á uppdrættinum sést tvílyft hús, talið vera krambúðin sem reist var 1731 og minna hús sambyggt við austurendann. Þetta hús mun hafa staðið fram undir lok 18. aldar, en 1779 hafði ný krambúð verið byggð. Saga Grindavíkur I, 255-56. Kaupsigling var í Staðarvík til 1745 en eftir það var aðeins siglt til Básenda, þó ennþá væri verslað í húsunum í Grindavík. Árni Jónsson keypti húsin á Búðasandi 1789, krambúð, eldhús og "gamla pakkhús" en hann varð endanlega gjaldþrota 1796 og lagðist þá verslun alveg af í Grindavík. Verslunarhúsin voru rifin 1806 - Saga Grindavíkur I, 256-65.

**Heimildir:** Ö-Húsatóftir, 4; SSGK, 136-37; GB Mannlíf, 21, 85; BJ í Árb. 1903, 44-45; Saga Grindavíkur I, 255.

**GK-027:013** *Hvirflavörður* varða landamerki

"Utan (vestan) við Búðasand eru Hvirflar, hæðardrag á mörkum Húsatófta og Staðar...Á Hvirflinum eru tvær vörður, Hvirflavörður.", segir í örnefnaskrá.

"Neðri varðan er ofan við efst flóðfar, hin um 150 metrum ofar. Vörðurnar eru leiðarmerki á Staðarsundi og landamerki milli Húsatófta og Staðar með stefnu um Skothól í Hauga við Haugsvörðugjá, en hún er á mörkum

Húsatófta og Hafnar.", segir í örnefnaskrá.

1840: "...skal stýra beint inn á Þórð og vörðuna, þar til tvær vörður, Hvirflar eða Hvirflavörður, auðsénar rétt við sjóinn á bakborða, bera saman, skal þá sleppa sundmerkjunum og halda beint á vörðurnar, þar til opnar liggja lendingarnar á Stað og Húsatóftum, sem liggja til beggja handa."SSG

**Heimildir:** Ö-Húsatóftir, 4; SSGK, 131; GB Mannlíf, 21.

**GK-027:014** *Hvirflavörður* varða landamerki

"Utan (vestan ) við Búðasand eru Hvirflar, hæðardrag á mörkum Húsatófta og Staðar...Á Hvirflinum eru tvær vörður, Hvirflavörður.", segir í örnefnaskrá.

"Neðri varðan er ofan við efst flóðfar, hin um 150 metrum ofar. Vörðurnar eru leiðarmerki á Staðarsundi og landamerki milli Húsatófta og Staðar með stefnu um Skothól í Hauga við Haugsvörðugjá, en hún er á mörkum Húsatófta og Hafnar.", segir í örnefnaskrá.

**Heimildir:** Ö-Húsatóftir, 4

**GK-027:015** *Tóftabrunnar* örnefni brunnur

"Tóftabrunnur er fast vestan við gamla veginn, vestan við Bjarnagjá.", segir í örnefnaskrá.

**Heimildir:** Ö-Húsatóftir, 5; GB Mannlíf, 21.

**GK-027:016** *Stakibrunnur* örnefni brunnur

"Tóftabrunnur er fast vestan við gamla veginn, vestan við Bjarnagjá. Þá er Stekkjartúnsharð og vestan við það Stekkjartún, sem er upp af Jónsbás og Stekkjartúnskampi...Ofan við Stekkjartún er Stakibrunnur.", segir í örnefnaskrá. Stakirbrunnur er "lítil tjörn" - GB Mannlíf.

**Heimildir:** Ö-Húsatóftir, 5; GB Mannlíf, 21

**GK-027:017** *Sundvörður* varða samgöngubót

"Tvær vörður með dálitlu millibili stóðu á bakkanum tæpum 200 metrum austan við Vatnslón. Vörður þessar heita Sundvörður.", segir í örnefnaskrá.

"Þegar þær bar í háan hraunstand í háhrauninu og í Höskuld, hnjúk austan í Þórðarfelli, þá var verið á réttu Djúpsundi...Var því miði haldið, þar til Hvirflavörður var saman á Snúningnum. Þá var sveigt til vinstri inn á Staðarvík, en þaðan var greið leið inn í Staðarvör og Tóftarvör, þótt brimhroði væri. Snúningur var nefnt, þar sem beygjan var tekin, og talað um að vera komin á Snúning.", segir í örnefnaskrá.

**Heimildir:** Ö-Húsatóftir, 6

**GK-027:018** *Sundvörður* varða samgöngubót

"Tvær vörður með dálitlu millibili stóðu á bakkanum tæpum 200 metrum austan við Vatnslón. Vörður þessar heita Sundvörður.", segir í örnefnaskrá.

"Þegar þær bar í háan hraunstand í háhrauninu og í Höskuld, hnjúk austan í Þórðarfelli, þá var verið á réttu Djúpsundi...Var því miði haldið, þar til Hvirflavörður var saman á Snúningnum. Þá var sveigt til vinstri inn á Staðarvík, en þaðan var greið leið inn í Staðarvör og Tóftarvör, þótt brimhroði væri. Snúningur var nefnt, þar sem beygjan var tekin, og talað um að vera komin á Snúning.", segir í örnefnaskrá.

**Heimildir:** Ö-Húsatóftir, 6

**GK-027:019** *Pústi* heimild um leið

"Í Arfadal, neðan við túnið á Húsatóftum, eru Pípuklettur...Neðan þeirra, með sjávargötu frá Húsatóftum, er lítill klettur eða hóll, sem Pústi heitir. Þar hvíldu menn sig gjarnan, er sjófang var borið heim.", segir í örnefnaskrá.

**Heimildir:** Ö-Húsatóftir, 6; GB Mannlíf, 21.

**GK-027:020** heimild um herslubyrgi

"Út undir Hvirflum eru klettur, sem heita Háavíti og Lágavíti. Í þeim eru mörg grjótbyrgi, og var fiskur þurrkaður í þeim, áður en söltun kom til.", segir í örnefnaskrá. "Nokkur [fiskbyrgi] eru enn að mestu uppistandandi á hrauninu fyrir norðan Húsatóftir." GB Mannlíf.

"Sjást þar [í Grindavík] enn ótal garðar og smábyrgi, er Skálholtsmenn höfðu til að herða á fisk sinn." ÞT Ferðabók I, 178-79.

**Heimildir:** Ö-Húsatóftir, 6; GB Mannlíf, 21, 118-19.

**GK-027:021** *Nónvörður* heimild um eyktamark

"Vestur af Húsatóftum er landið nokkru hærra og heita þar Hæðir suðvestur af bænum. Á þeim eru Nónvörður, eyktamark frá Húsatóftum.", segir í örnefnaskrá.

"Þegar Tyrkir komu til Grindavíkur 1627, lentu þeir skipi sínu við Ræningjasker í landi Staðar. Gekk þá Staðarprestur upp á efstu brún Hæðanna, hlóð þar þrjár vörður og mælti svo fyrir um, að Grindavík skyldi ekki verða rænd, á meðan í þeim stæði steinn yfir steini. Hefur það orðið að áhrínsorðum, enda standa Nónvörður að nokkru enn.", segir í örnefnaskrá.

**Heimildir:** Ö-Húsatóftir, 7; GB Mannlíf, 22, 28.

**GK-027:022** heimild um leið

"Vestur af Grýtugjá, upp undir jaðri apalhraunsins (Eldborgarhrauns), er Hrafnagjá...Frá Hrafnagjá er einstigi um hraunið frá Sauðabæli út í Öbrennishóla. Troðningur þessi eða einstigi er fær öllum, þótt slæmur sé.", segir í örnefnaskrá.

1840: "Sá fjórði og síðasti vegur, sem út úr sókninni liggur og alþjóðarvegur má nefnast, liggur upp frá Húsatóttum, í útnorður ofan í Hafnirnar, og er hann sá eini, sem héðan verður farinn þangað." segir í sóknarlýsingu. = Prestastígur

**Heimildir:** Ö-Húsatóftir, 8; GB Mannlíf, 22; SSGK, 129-30.

**GK-027:023** Skothóll heimild

"Tóftakrókar eru heiðarland á svæðinu frá Tóftatúni og vestur að apalhrauninu...Vestast í Tóftakrókum er Skothóll í mörkum milli Húsatófta og Staðar, fast upp undir apalhrauninu (Eldborgarhrauni). Skothólstgjá liggur eftir endilöngum hólum frá norðaustri til suðvesturs.", segir í örnefnaskrá.

"Á Skothól hefur líklega verið legið fyrir töfu.", segir í örnefnaskrá.

**Heimildir:** Ö-Húsatóftir, 7-8

**GK-027:024** tóftir útilegumannabústaður

"Miðkrókakriki teygist langt inn í apalhraunið [Eldborgarhrauni] úr vesturjaðri Tóftakróka. Í norðvestur af honum, út í apalhrauninu, er dálítið sléttlendi og eru þar nokkur grjótbyrgi, er gefa til kynna, að þar hafi fólk hafzt við, er vildi fara huldu höfði. Byrgin eru vel falin í apalhrauninu, en frá staðnum ber Sundvörðuna í Gyltustíg í Þorbirni.", segir í örnefnaskrá.

FRIDLÝSTAR MINJAR. ""Útilegumannabæli" svo nefnt, í hraunkvos norðvestur af túninu." friðlýst 25.10.1930, þinglýst 15.11.1938. 1883: "Frá Járngerðarstöðum í Grindavík fórum við upp í Eldvarpahraun ... Í því skoðaði ég á einum stað gamlar, mosavaxnar rústir. Þær er mjög illt að finna, á afskekktum stað í versta brunahrauni. Þar hefir líklega einhvern tíma í fyrndinni verið athvarf manns, sem einhverra orsaka vegna hefir orðið að flýja úr byggðinni. Ekki er hægt að sjá þessar rústir, fyrr en maður er rétt kominn að þeim. Standa þær í kvos, á flötum hraunbletti, og há hraun allt í kring. Fram á miðjum fletinum eru þrjár kofar, allir hlaðnir úr hrunhellum og hleðslan virðist einföld. Gjört hefir verið yfir byrgi þessi með stórum hraunhellum. Allir eru kofar þessir smáir, 5-6 m að lengd, og snúa dyrnar til norðurs. Stærsti kofinn er inni í hraunviki; hafa hraunbrúnirnar verið notaðar fyrir vegg. Bak við þennan kofa var hlaðin tótt, djúp eins og brunnur. Þar fundum við hálfvúna, tiltelgða spýtu undir mörgum hraunhellum og mosa. Önnur hringmynduð rúst var þar í nánd. Uppi á hæstu hraunbrúninni fyrir ofan var enn eitt byrgi, alveg eins og það hefði verið notað til þess að skyggjast um. Allar eru rústir þessar mjög gamlar, því á þeim var nærri eins þykkt mosalag eins og á hrauninu sjálfu. Enginn veit neitt um þessa kofa; þeir fundust af tilviljun 1872." ÞT Ferðabók I, 177-78. "Getgátur eru um, að þarna hafi menn flúið - annaðhvort undan ræningjum eða drepsóttum eða þá að ófrjálsir menn hafi hafzt þarna við, en engar sagnir eru um mannavist þarna. Sléttar klappir eru þarna og hraunið hátt umhverfis. Á klöppum þessum, nálægt miðju, eru þrjú byrgi í röð frá austri til vesturs. Auk þess er rúst af kofa norðaustast í þessari hvílt, undir hárra hraunpípu. Þröngum og djúpum hraunkrika vestan við rústina hefur verið lokað með grjótgarði og virðist þar hafa verið fjárrétt.", segir í örnefnaskrá.

Rannsókn Brynjúlfs Jónssonar sumarið 1902: "Útilegumannabæli hafa menn álitnið rústir nokkrar í hrauninu fyrir ofan Húsatóftir, svo sem 1 1/2 kl.tíma leið þaðan ef mannavegur væri. En líttfært er að komast þangað nema á einn veg, með því að fara langan krók og þó mjög vandfarið. Má nærri geta, að þar er lítið um mannaferðir, þar eð enginn vissi af rústum þessum fyr en þær fundust af tilviljun litlu eftir 1870....Rústirnar er í kvos, þar sem hraunið hefir klofnað og sinn hraunriminn oltið fram hvorumegin, eftir flötu hrauni, sem áður hefir storknað. Sér að eins á einn veg út úr kvosinni, og á þeim stað er það, sem koma má þangað hesti, ef gætilega er farið. Við fundum 7 tóftir og var hver laus við aðra. Tvær eru afsíðis, suður með austurbrúninni, þær eru litlar og huldar mosa. Inni í kvosinni eru 3 tóftir, sem mynda röð yfirum hana þvera. Hin stærsta þeirra er við vesturbrúnina, nálægt 6 al. löng. 2 fðm. austar er önnur 5 al. löng og þá 7 fðm. austar en hin þriðja, 4 al. löng, og er hún við austurbrúnina. Allar eru þær jafnvíðar: rúml. 2 al.; þær eru byggðar af smáum hraunhellum og aðrar stærri hafa myndað þak, en eru nú fallnar ofan í. Veggirnir standa lítt haggðir; eru gaflar hestir og dyr á hliðinni við annan gaflinn, eins á öllum. Vindaugu eru á veggjum og göflum. Eigi snúa þær göflum saman og eigi heldur hliðum, en horfa skáhalt hver við annarri. Ekki virtust okkur þær líklegar til íbúðar, en hefðu getað verið geymsluhjallar, t.a.m. fyrir þurrkað kjöt. Í kvosarbotninum er hringmynduð tóft, svo lág, að veggirnir eru

mosa huldir. Það gæti verið niður hrunin fjárrétt. En eigi bendir það þó til þess er Sæmundur [Jónsson á Járngerðarstöðum] sagði: að í henni hefði hann fundið ösku og skörung úr járn. Inn frá stærstu tóttinni er í hraunbrúninni glufa milli kletta. Sú glufa hefir verið notuð notuð fyrir tóft; hlaðið í skörð og svo reft yfir með breiðum hraunhellum. Þær eru nú fallnar ofan í og hleðslan að nokkru leyti líka. Þetta kynni helzt að hafa verið íveruhúsið. Þar er skjól gott og fylgsni gott. En ólíklegt er að menn hafi getað dvalið til lengdar á þessum stað. Þar hefir víst verið "á flestu góðu mesta óhægð". Þar hefir ekkert verið til eldiviðar, því þá hefir mosinn ekki verið kominn. En gerum ráð fyrir, að íbúar hafi eigi kært sig um eld, hafi eigi viljað láta reyk sjást eða reykjarlykt finnast frá hýbýlum sínum. En þá er einn gallinn þó verstur. Þar fæst ekkert vatn nema regnvatn, eða snjór á vetrum...Ekki er hægt að skilja, til hvers litlu tóftinnar, sem fyrst getur, hafa átt að vera. Þær eru svo smáar, að það er eins og börn hafi bygt þær að gamni. Og trúá myndi ég, að þetta væri alt saman eftir stálpuð börn t.a.m. 10-14 ára gamla drengi ef líklegt væri, að þeir hefðu komið á þennan stað. En það sýnist mér ekki vera." Árbók 1903. 1959: "Skammt vestur af Sundvörðunni, sem er við austurbrún þess hluta Grindavíkurhrauns, sem við hana er kennt, er hraunkvos, sem er opin móti vestri. Hefur apahlraunið þar fyrir austan kvíslast í tvennt og þannig myndað kvosina. Í kvosarbotninum er slétt helluhraun, alþakið mosa, en litlum öðrum gróðri. Í kvos þessari eru rústir af mörgum smáum kofum, hlöðnum úr grjóti, og tvær rústir eru uppi á brún apahlraunsins fyrir sunnan kvosina. Rústir þessar eru mjög vel faldar inni í hrauninu, og þar eiga að jafnaði engir leið um, enda voru þær ókunnar, þar til þær fundust af tilviljun veturinn 1872. ... Tótt 1, er uppi á brún apahlraunsins, og bendir Þorvaldur Thoroddsen á, að það sé alveg eins og hún hafi verið notuð til að skyggjast um. Stærð 3,70 X 2,50 (utanmál) og 2,10 X 0,80 (innanmál), hæð 1,05. Nokkrum metrum neðar er tótt 2, sem líkist einna helzt litlum turni. Stærð 1,40 m X 1,20 m (innanmál), hæð 1,05 m. Tóttirnar 3, 4 og 5 mynda röð þvert yfir kvosina. En hvorki snúa þær göflum né hliðum saman, heldur horfa skáhallt hver við annarri. Allar eru tóttirnar heldur litlar, ef um mannabústaði væri að ræða. Syðsta tóttin (nr. 3) er um 4 m að lengd að utanmáli, en að innanmáli 2,70 m X 1,20. Miðtóttin (nr. 4) er 3,70 m á lengd að utanmáli, en að innanmáli 2,50 m X 1,10 m. Báðar þessar tóttir eru tvíhlaðnar. Aftur er nyrzta tóttin (nr. 5) einhlaðin. Hún er að utanmáli 3,80 m X 1,50 m, en að innanmáli 3,30 m X 0,90 m. Á veggjum og göflum tóttanna eru dálítil vindaugu, og hefur Brynjúlfur Jónsson bent á, að þær hefðu getað verið geymsluhjallar fyrir þurrkað kjöt. Sérstaklega virðist það vera augljóst um tótt 5, sem er einhlaðin með fjórum vindaugum. Stærsta tóttin (nr. 6) innst í kvosinni hefur verið byggð inni í hraunviki, og að norðanverðu hefur hraunbrúnin verið notuð fyrir vegg. Þessi tótt er langmest úr lagi gengin af öllum tóttunum, svo að erfitt er að ákveða lögun hennar og stærð. Þó virðist hún hafa verið um 4 m á lengd að innanmáli og 1,50 m á breidd, þar sem hún er breiðust. Í henni hefur verið milligerð, sem skipti henni í tvö herbergi. Bendir Brynjúlfur á, að þessi tótt sé líklegust til að hafa verið mannabústaður. Enn fremur getur Þorvaldur Thoroddsen þess, að bak við þennan kofa sé önnur tótt, djúp eins og brunnur, og þar hafi hann fundið tiltelgða spýtu undir mörgum hraunhellum og mosa. Varla getur hér verið átt við aðra tótt en innri endann á sjálfri tóttinni í hraunvikinu, en hann hefur verið aðskilinn frá hinum hlutanum með millivegg og Þorvaldur því kallað hann sérstaka tótt. Þetta eru eunu trjáleifarnar, sem fundizt hada í rústunum, og annars er ekkert, sem bendir til að nokkur spýta hafi verið í þeim. Reft hefur verið yfir allar tóttirnar með hraunhellum, en þakið er allsstaðar dottið niður og hellurnar eru inni í tóttunum eða við þær. Stærstu hellurnar eru um 80 X 90 cm að stærð. Tótt 7 er hringmynduð, og veggir hennar eru miklu lægri en hinna tóttanna. Segir Brynjúlfur eftir Sæmundi bónda á Járngerðarstöðum, að þar hafi hann fundið ösku og skörung úr járn. Ef gert er ráð fyrir að tóttin í hraunvikinu hafi verið aðal-íveruhúsið á þessum stað, liggur næst að halda, að hringmyndaða tóttin hafi verið eldhús eða eldstæði. Tóttirnar nr. 8 og 10 eru mjög litlar og ómerkilegar að sjá. En tótt 9 er einkennilegust allra tóttanna. Eiginlega eru það þrjár tóttir, sem snúa göflum saman, en oðrast hver í sína áttina. Þessar tóttir eru miklu minni en tóttirnar inni í kvosinni. Í einni þessara tóttanna er ein þakhella enn óhöggðuð, og eru það einu leifarnar af uppistandandi þaki í rústum þessum. Að lokum skal þess getið, að skammt fyrir norðan kvosina, sem rústirnar eru í, er annað hraunvik, sem gegnur inn af sömu hraunsléttunni. Innst í því hefur verið hlaðið upp í öll skörð, svo að þar hefur myndast aðhald, sem varla hefur verið gert til annars en að handsama fé. Hraunvik þetta er opið að framan, svo að varla hefur verið um eiginlega fjárrétt að ræða. ... öruggt vatnsból er ekki nær en í hraungjá einni um 20 mínútna gang sunnar í hrauninu ... Enn fremur er á sumum árstímum hægt að fá vatn rétt við kofana (að minnsta kosti var þar vatn í máí 1950). ... Þær eru alþaktar mosa og hljóta því að vera nokkurra alda gamlar." segir Ólafur Briem í Útilegumenn og auðar tóttir. **Heimildir:** Ö-Húsatóftir, 8-9; ÞT Ferðabók I, 177-78; BJ "Rannsókn í Gullbringusýslu og Árnessýslu sumarið 1902" Árb. 1903, 45-46; Ólafur Briem ÚAT, 156-65

#### **GK-027:025** *Byrgjahólar* heimild um herslubyrgi

"Vestan við Tóftatúnið eru Byrgjahólar. eru þar mörg hlaðin byrgi frá þeim tímum, er allur fiskur var hertur.", segir í örnefnaskrá.

"Byrgi þessi voru yfirleitt kringlótt og hlaðin í topp. Á þeim voru lágar dyr, vafalaust til þess að stórgripir kæmust ekki inn í þau. Þau voru hlaðin úr stórgryti, og blés vel í gegnum þau. Fiskurinn var hengdur á slár inni í byrgjunum. Aðeins eitt þessara byrgja er nú vel uppistandandi.", segir í örnefnaskrá. "Sjást þar [í Grindavík] enn ótal garðar og smábyrgi, er Skálholtsmenn höfðu til að herða á fisk sinn." ÞT Ferðabók I, 178-79.

**Heimildir:** Ö-Húsatóftir, 9; GB Mannlíf, 22.

**GK-027:026** *Baðstofa* lind

"Norðaustur af Tóftatúni er Baðstofa, mikil gjá 18 faðma djúp, þar af er dýpt vatnsins í botni hennar 9 faðmar.", segir í örnefnaskrá.

"Í Baðstofu var oft sótt vatn, er brunnar spilltust í stórflóðum. Þótti vatn þar mjög gott. Svo sagði Lárus Pálsson hómópati, að hann tæki hvergi vatn í meðul annars staðar en í Baðstofu. Sögn er um, að Staðarprestar hafi fengið að sækja vatn í Baðstofu gegn því, að Húsatóftarbændur fengju að taka söl í landi Staðar.", segir í örnefnaskrá.

**Heimildir:** Ö-Húsatóftir, 10

**GK-027:027** *Klif* heimild um leið

"Gamli vegurinn frá Grindavík liggur austan við túnið á Húsatóftum, og liggur hann um Klifgjá vestast í jaðri hennar. Þar er svokallað Klif snarbratt niður í gjána. Er það hálfgerst einstigi og illt yfirferðar með klyfjahesta.", segir í örnefnaskrá.

1840: "Syðsti vegurinn, sem bæði kallast Staðar- og Tóttavegur, liggur til norðurs, mjög krókótt, fyrir sunnan Þórðarfell, en þó fram með því að norðanverðu, milli þess og Súlna og Stapafells, og kemur á Járngerðarstaðaveginum á landamerkjum Njarð- og Grindvíkinga, fyrir norðan Stapafell, efst í svonefndri Njarðvíkurheiði." segir í sóknarlýsingu.

**Heimildir:** Ö-Húsatóftir, 10; GB Mannlíf, 23; SSGK, 129

**GK-027:028** *Hjálmagjá* heimild um huldufólksbústaðu

"Vestast (efst) í túni Húsatófta byrjar gjá, grasi gróin í botninum...Gjá þessi heitir Hjálmagjá.", segir í örnefnaskrá.

"Haft var eftir gömlu fólki, að það hefði oft séð hamrana upplýsta með dýrlegum ljóshjálum, sem báru mjög af lýsiskollum í mannheimi...Sást þá oft huldufólkið úr Hjálmagjá leika þar listir sínar á skautum í tunglsljósinu [þ.e.a.s. í lægð í Húsatóftatúni sem kallaðist Dans og þar mynduðust góð svell í frosthörkum á vetrum].", segir í örnefnaskrá.

**Heimildir:** Ö-Húsatóftir, 9, 12

**GK-027:029** *Harðhaus* álagablettur

"Sunnan við Dans [sem er norðaustast í túninu] er Kvíalág og Fjósaskák sunnan hennar. Næst er Harðhaus.", segir í örnefnaskrá.

"Þar hraktist aldrei hey. Í óþurrkatíð var Harðhaus sleginn til þess að fá þurrk. Þessi örnefni eru öll vestan og norðan gamla bæjarins og ná Fjósaskák og Harðhaus alveg heim að gamla bæ.", segir í örnefnaskrá.

**Heimildir:** Ö-Húsatóftir, 12

**GK-027:030** *Kvíalág* örnefni kvíar

"Sunnan við Dans [sem er norðaustast í túninu] er Kvíalág og Fjósaskák sunnan hennar. Næst er Harðhaus.", segir í örnefnaskrá.

**Heimildir:** Ö-Húsatóftir, 12

**GK-027:031** *Þanggarður* garðlag heygarður

"Suðaustan við bæjarhlaðið eru gamlar veggtóftir, er nefndust Þanggarður (sbr. heygarður).", segir í örnefnaskrá.

"Þar var þurrt þang geymt til vetrarins. Var því hlaðið þar upp og tyrft yfir það eins og hey. Á veturna var það svo notað til eldiviðar. Þangið var skorið í fjörunni, helzt þegar stórstreymt var, og reitt á hestum upp á sjávarbakkann til verkunar. Þegar sterku álandsvindur var, þá var þang of t skorið "undir straum", vafið um það gömlum netariðli og með flóði fleytt í efsta flóðfar og þaðan reitt á hestum á þurkvöll. Þá var breitt úr þanginu eins og heyi til þurkunar. Nú var nauðsynlegt, að rigndi vel á þangið, svo úr færi úr selta. Næst var þangið þurkað vel, bundið í bagga eins og hey og flutt í geymslur til vetrarins. Oftast var þurru þangi hlaðið í bing í eldhúsinu og brennt í hlóðum. Vel þurrt þang logaði vel, með snarki og neistaflugi, en heldru þótti það léttur eldiviður. Kom sér þá vel að hafa "rekaspytu í augað".", segir í örnefnaskrá.

**Heimildir:** Ö-Húsatóftir, 12

**GK-027:032** *Veita* garðlag áveita

"Litlatún er austasti jaðar Tóftatúns. Vestan þess eru lágir hólar, nefndir Hrygg hólar...Vestan þeirra er slétt flöt, nefnd Veita. Ævafornar hleðslur eru sunnan hennar og norðan.", segir í örnefnaskrá.

"Virðast þær hafa verið ætlaðar til að stöðva vatn á Veitu.", segir í örnefnaskrá.

**Heimildir:** Ö-Húsatóftir, 13

**GK-027:033** garðlag túngarður

"Allangt suðvestur af Tóftatúni, eins og það er nú, eru rústir gamalla grjótgarda.", segir í örnefnaskrá.

"Munu það vera hin gömlu mörk Tóftatúnsins.", segir í örnefnaskrá.

**Heimildir:** Ö-Húsatóftir, 13

**GK-027:034** *Kóngshella* heimild

"Vestasti hluti hennar, beint niður undan Húsatóftum, milli Þvottaklappa og Garðafjöru, var í daglegu tali nefndur Vik. Syðst í Garðafjöru er skerjatangi, sem heitir einu nafni Barlestarsker. Þar munu verzlunarskipin fyrrum hafa tekið barlest. Upp af þeim er stór og mikil klöpp, sem heitir Kóngshella.", segir í örnefnaskrá.

"Skoðunargjörð 1755 hermir, að lendning og báta uppsátur sé við Konúngshellu, þar sem verzlunarhúsin þá stóðu." segir í Jarðatali Johnsens.

"Ekki voru verzlunarhúsin þar heima. Þau stóðu á tveimur klöppum austan við höfnina. Þar er nú fjara. Ytri klöppin heitir enn Kóngshella. Þar hafa verzlunarhúsin staðið 1755...En yfir hana hefir hvert stórstraumsflóðið gengið nú lengi og eru þar engar byggingamenjar." segir Brynjúlfur Jónsson í grein frá 1903.

**Heimildir:** Ö-Húsatóftir, 3; JJ, 85; BJ "Rannsókn í Gullbringusýslu og Árnassýslu sumarið 1902" Árb. 1903, 44

**GK-027:035** *Haugsvörðugjá* örnefni

"Framan við Sandfellshæð eru hólar sem heita Einiberjahólar. Þeir ná vestur að Haugum við Haugsvörðugjá."

**Heimildir:** GB Mannlíf, 23.

**GK-027:036** *Árnastígur* heimild um leið

"Sunnan við Klifgjá er Árnastígur, vel rudd braut um apalhraun. Gamli vegurinn milli Staðarhverfisins og Keflavíkur liggur um Árnastíg og Klifgjá, þar n-austur af er Þórðarfell. Þá er Stapafell og Stapafellspúfa sem er mikilvægur punktur um landamerki milli ýmissa jarða á Suðurnesjum."

**Heimildir:** GB Mannlíf, 23

**GK-027:037** *Fjósaskák* örnefni fjós

"Sunnan við Dans [sem er norðaustast í túninu] er Kvíalág og Fjósaskák sunnan hennar. Næst er Harðhaus.", segir í örnefnaskrá.

"Þessi örnefni eru öll vestan og norðan gamla bæjarins og ná Fjósaskák og Harðhaus alveg heim að gamla bæ.", segir í örnefnaskrá.

**Heimildir:** Ö-Húsatóftir, 12; GB Mannlíf, 24.

**GK-027:038** *Skipadalur* heimild um uppsátur

"Neðst í túninu er Skipadalur. Þangað munu vertíðarskipin til forna hafa verið sett í vertíðarlok."

**Heimildir:** GB Mannlíf, 24.

**GK-027:039** *Vörðunes* örnefni

"Austan Vatnslóns heitir Vörðunestangi, en frá Hvirflum og þangað austur eru sendnir grasbakkar fyrir neðan Húsatóftir ... Fyrir austan Vörðunestanga er Vörðunes, þá Karfabásar og enn austar Jónsbásaklettur."

**Heimildir:** Saga Grindavíkur I, 31.

**GK-027:040** heimild um býli

1703 voru þrjár hjáleigur á Húsatóftum, þar af ein nafnlaus. Hennar er getið í manntali það ár en ekki í jarðabók.

**Heimildir:** Manntalið 1703

## **GK-028 Staður**

Kirkjustaður. 37,3 hdr. 1847. Skálholtskirkjújörð. 1657 voru 7 hjáleigur: Krókshjáleiga, Beinróa og Brykrukka, Hús Ólafs Sighvatssonar, Hús Daða Símonarsonar, Vestur-Hjáleiga og ein ónafngreind auk einnar ónafngreindrar í eyði - Saga Grindavíkur I, 104. 1703 voru Sjávarhús, Krókur og Beinrófa hjáleigur, Bergskot 1803. Staður var prestsetur til 1928 en fór í eyði 1964 og þar með Staðarhverfi - Ö-Staður, 4; GB Mannlíf, 49-50. "Til forna átti Staður rétt til vatnssóknar í Baðstofu í Húsatóftalandi. Til endurgjalds áttu Húsatóftir þangfjörutak á Stað." GB Mannlíf, 39. Á tuttugustu öld byggðust eftirfarandi tómthús í landi Staðar: Merki (1908-43), Lönd (1911-46), og Melstaður (1936-50).

1840: Á Stað eru mikið slétt og í gróanda yfrið fögur tún; eru þau undirorpin afarmiklu sandfoki af öllum



vindum frá útnorðri til landsuðurs, við hvað þau árlega skemmast og til þurrðar ganga. Við aldamótin voru af þeim vel fóðraðar 4 kýr, en nú á dögum gefa þau ekki af sér fóður fyrir 1 kú, þó vel í ári láti, og verður því að afla þess, á vantar, kjarna úr fjöru og lyngi úr heiði. Af sjóar ágangi er túninu líka mikill skaði búinn af sunnanveðrum og brimi. Bera þau enn að sónnu menjar eftir mikla flóðið 1798, og munu þó aðrar enn yngri vera. ... Fáir eru kostir við jörð þessa, nema ef telja skal trjáreka, að hverjum eru þó mikil áraskipti, og allgóða fjárgöngu á vetrardag í fjörunni. En þess fleiri mætti telja hennar ókosti, t.d. í áföllum af feykilegu sandfoki, sem og líka sjóargangi í stórflóðum. Aldeilis engin hagabiet á sumardag, hvorki fyrir sauðfé, kýr né hesta, hverjir við minnstu brúkun horast niður af hagaleysi, en búsmali allur þá í sel rekinn, að eigi tapist hér heima né verði mönnum ónýtur fyrir fóðurleysi eða gangi á túnunni manna. Vatnsskortur er hér líka mikill, og eigi vatn að fá handa fénaði nema út undir Staðarbergi í gjá, sem fellur að og út í ..." sóknarlýsing, Landnám Ingólfs III, 134. 21.1.1925: "gekk sjórinn langt upp á Staðartún, flæddi næstum upp að kirkjugarði, braut stórt skarð í malarkambinn og gróf sig þar niður í mold "svo túnið er nú með öllu varnarlaust fyrir hverju venjulegu stórstraumsflóði." " GB Mannlíf, 49.

**GK-028:001** *Staður* bæjarhóll bústaður

"Bærinn á Stað stóð eina 4-500 metra upp (norðvestur) frá sjó og var túnið að mestu sjávarmegin við hann." "Grunnur og tröppur steinhússins [b. 1938] sjást enn (1999) rétt norðan við núverandi kirkjugarð. Skv. munnlegri heimild (Ólafur Gamalielson, uppallinn á Stað) stóð síðasti torfbærinn við NV horn núverandi kirkjugarðs. Tóftirnar eftir torfbæinn voru sléttaðar út fyrir nokkrum árum en traðirnar eru enn greinilegar norðan við kirkjugarðinn." AS Staður, 7. Úttekt af bænum á Stað frá 1657 er pr. í Sögu Grindavíkur I, 101-103 og fylgir tilgátuteikning af húsaskipan.

**Heimildir:** Ö-Staður, 4; Túnakort 1918; GB Mannlíf, 47-48.

**GK-028:002** kirkjugarður kirkja

"Kirkjugarðurinn er í túninu fast suðaustan við bæinn og ekki nema 2-3 m á milli skemmunnar og hans. Kirkjan stóð vestarlega í garðinum. - Þann 26. september 1909 var ný kirkja vígð að Járngerðarstöðum og tók sú við af Staðarkirkju, sem þá var aflögð."

Um klukknartíð - GB Mannlíf, 55 og um sögu og skríða kirkjunnar - GB Mannlíf, 136-44, Saga Grindavíkur I, 108-13.

**Heimildir:** Ö-Staður, 4; Túnakort 1918

**GK-028:003** heimild um útihús

Tvö lítil útihús eru sýnd á túnakorti frá 1918 byggð saman við túngarðinn að vestanverðu og virðist hafa verið hlið á milli þeirra

**Heimildir:** Túnakort 1918

**GK-028:004** *Brunndalur* heimild um brunn

1840: "... en brunnur er grafinn sysðt í túninu, hvar af neyzluvatn er tekið; er það vatnslæmur sjóblendur." segir í sóknarlýsingu. "Skammt suður af [Hundadal] er Brunndalur, slétt flöt neðst í túni. Liggur hann frá austri til vesturs næst sjávarkampinum. ... Brunnur var beint vestur af Kvíadal [sem er suðaustast í Brunndal]. Hann er nú alveg horfinn í sjávarkampinn. Þessi brunnur mun hafa verið notaður í Staðarhverfinu áður en brunnurinn Dægradvöl var gerður [1914]." segir í örnefnalýsingu Kvosin vestan við rústirnar af Kvídalsbænum hitir Brunndalur. Þarna var fyrrum Kvídalsbrunnurinn en hann er nú löngu horfinn í sjávarkambinn." GB Mannlíf.

**Heimildir:** SSGK, 135; Ö-Staður, 6; GB Mannlíf, 34

**GK-028:005** *Sjávarhús* heimild um býli

Gömul hjáleiga 1703, þá tvíbýli.

1840: "Sjávarhús, austur við sjóinn hjá lendingunni; eru þau eyðilögð í mikla flóðinu 1798, og stendur þar nú fiskihjallur á háum, berum kletti; fellur nú sjór á milli kletsins og naustanna í hverju stórstraumsflóði." segir í sóknarlýsingu. "Staðarklöpp var umflotin á flóði og mun hér áður hafa verið nefnd Hjallhólmi. Um 1916 mátti sjá tættur hæst á Staðarklöpp, en þeim skolaði síðan burt í flóðum. Tættur þessar hafa líklega verið af gömlum fiskihjöllum ... Líklega hefur hjáleigan Sjávarhús áður staðið á Staðarklöpp." Í GB Mannlíf, 25-26 er talað um hjáleiguna Sjóhús, norðan við Þvottakletta, en að á Staðarklöppinni hafi verið sjóhús fram til 1930 en á bls. 56 segir: "Sjávarhús. Þau stóðu austur hjá Staðarvör en eyðilögðust í Básendaflóðinu 1799. Var síðan reistur þar fiskihjallur á háum, berum kletti og féll sjór milli hans og naustanna í hverju stórstraumsflóði." Guðsteinn Einarsson lýsir þessu svo: "Fiskihjallur eða þeirra tíma sóltunarhús var á klöppinni; tóftin að því stóð fram um 1930 og var undir því moldarjarðvegur, ca. 2m á hæð, en er nú öllu skolað í burtu og klöppin ber." GE Frá Valahnúk.

**Heimildir:** JÁM III, 23; SSGK, 134; Ö-Staður, 8; GB Mannlíf, 25-26, 56; GE Frá Valahnúk, 20-21.

**GK-028:006** *Krókur* heimild um býli

Hjáleiga 1703, "stóð vestur við Móakot." GB Mannlíf, 57. Getið í úttekt á Stað frá 1657.

1840: "Krókur, hans sjást nú lítil merki. Eigi [er býlið] af sandi né sjó [eyðilag] og er [það] í túninu, sem nú er ræktað milli Móakots og Staðar." segir í sóknarlýsingu.

**Heimildir:** JÁM III, 24; SSGK, 134; GB Mannlíf, 57; Saga Grindavíkur I, 104.

**GK-028:007** *Krukka* heimild um býli

1840: "Krukka veit ég ei, hvenær var lögð í eyði, en þar er nú lambhús. ... Eigi [er býlið] af sandi né sjó [eyðilag] og er [það] í túninu, sem nú er ræktað milli Móakots og Staðar." segir í sóknarlýsingu. "Krubbhóll er fast sunnan við Dægradvöl [lægð neðan við Bring]. Sagt er, að á honum hafi fyrir löngu staðið hjáleigan Krubba og dragi hann nafn sitt af henni. Er þar líklega um að ræða sömu hjáleiguna og séra Geir Bachmann nefnir Krukku í sóknarlýsingu sinni ... [sú staðsetning] kemur heim við að Krukka hafi staðið á Krubbhól." segir í örnefnalýsingu. Brykrukka var ein af hjáleigum Staðar í úttekt frá 1657 - Saga Grindavíkur I.

"(Ath.: Bæði Á.V. og S.V.G. nefna hólinn Krubbhól, en ekki Krubbuhól og svo gerir Ari Gíslason einnig í lýsingu sinni. Þeir hafa einnig heyrt að hjáleigan Krubba hafi verið á honum - og ekki kannast Á.V. við Krukku. Má vera að hér hafi verið lesið skakt í handri sr. Geirs Backmanns. Þó ber þess að geta, að S.V.G. hefur heyrt bæði nöfnin, en telur líklegt, að nafnið Krukka hafi hann lesið í lýsingu Geirs Backmanns eða heyrt þess getið þar." segir í örnefnalýsingu.

**Heimildir:** SSGK, 135; Ö-Staður, 6; GB Mannlíf, 57; Saga Grindavíkur I, 104.

**GK-028:008** *Beinrófa* heimild um býli

Hjáleiga 1657 og 1703.

"Þeirrar hjáleigu er hvergi getið svo vitað sé nema hjá Árna Magnússyni." - og er ekki vitað hvar hún stóð. Hennar er einnig getið í úttekt frá 1657.

**Heimildir:** JÁM III, 24; Saga Grindavíkur I, 104; GB Mannlíf, 57.

**GK-028:009** *Blómsturvellir* heimild um býli

1840: "Blómsturvellir, austan til í túninu, af sandi eyðilagðir síðan 1800, og sést þar nú lítt til rústanna." segir í sóknarlýsingu. "Skammt austur af kirkjugarðinum var bakki, allstór, nefndur Blómsturvellur. Hann var fast austan við túnið. Húsatóftir voru austast á Blómsturvelli. Hafa þær líklega verið af samnefndu býli ... Nú hefur verið sléttað úr Blómsturvelli og er þar nú bílastæði við kirkjugarðinn og tóftirnar alveg hornfar. Þá nær nýi kirkjugarðuinn aðeins út á Blómsturvell." "

"Blómsturvellir eru taldir í byggð í úttektargerð árið 1774." GB Mannlíf, 57. Þar bjó Jón nokkur Knútsson árið 1783 - GB Mannlíf, 97.

**Heimildir:** SSGK, 134; Ö-Staður, 4-5; GB Mannlíf, 57, 97.

**GK-028:010** *Bergskot (eystra)* heimild um býli

1840: "Bergskot; það er af sandfoki í eyði lagt, stendur á háum bala fyrir norðan Stað, og er þar nú sjóbúð." segir í sóknarlýsingu. "Bergskot var uppi á Bringnum, í norðvestur frá Stað (þ.e. bænum). Þar voru tveir bæir sambyggðir þegar [Árni Vilmundsson f. 1914 og Sigurður V. Guðmundsson f. 1910] mundu eftir."

Hjáleiga 1801 og 1803 - komin í eyði 1840 en byggðist á ný 1845 til 1848, þá í eyði til 1855 og aftur frá 1866 til 1870. Á síðasta áratug 19. aldar var þrúbýli um skeið í Bergskoti en býlið fór endanlega í eyði 1927 - GB Mannlíf, 62-65; Saga Grindavíkur II, 43-45.

**Heimildir:** SSGK, 135; Ö-Staður, 4; JJ, 85; Túnakort 1918; GB Mannlíf, 62.

**GK-028:011** *Bergskot (vestra)* heimild um bústað

Skv. túnakorti frá 1918 voru tvö Bergskot, vestra og eystra, í norðvesturhorni Staðartúns. Ekki er þess getið í lýsingum að bæirnir hafai verið aðskildir og er beinlínis tekið fram að þeir hafi verið sambyggðir en tví- og jafnvel þrúbýli var í Bergskoti um aldamótin 1900.

**Heimildir:** Túnakort 1918

**GK-028:012** *Nýibær* heimild um býli

"Nýibær var utan við Bringinn, nálægt 100 m norður af Bergskoti." segir í örnefnalýsingu. Á túnakorti frá 1918 segir fyrir norðan eystra Bergskot: "Nýjabæjartættur eru hér í blásnu hrauni."

Jón Jónsson og Guðrún Eiríksdóttir reistu nýbýlið Nýjabæ vorið 1889 og bjó Guðrún þar til 1910 en Jón dó 1902. "Bæ sinn mun þau Jón og Guðrún hafa reist norðan við Staðartúnið þar sem þjóðvegurinn liggur nú út á Reykjanes." GB Mannlíf, 76-77.

**Heimildir:** Ö-Staður, 4; Túnakort 1918; GB Mannlíf, 76-77.

**GK-028:013** *Draugagjá* örnefni draugur

"Sandgjá, svört og dimm. liggur þvert yfir Hvirflana [á merkjum Staðar og Húsatófta]. Hún er kölluð Draugagjá. Nú er hún orðin nær full af sandi." segir í örnefnalýsingu.

**Heimildir:** Ö-Staður, 7

**GK-028:014** *Bindisker* heimild

1840: "... þriðji boltinn, úr hverjum hringurinn er farinn, er á Staðarlóð í skeri austur af Sjávarhúsum. Var kaupskipið þannig bundið á þrjá vegu, en atkerum varpað fram af því, og horfði svo á sjó út í landsuður." segir í sóknarlýsingu. "Norður af eystri enda Staðarklappar er Vatnstangi, kúptur hryggur út í sjó, og braut á honum þegar alda var. Bolti með hring í er í Vatnstanga, í skeri, sem heitir Bindisker. Er hann á móti þeim, sem var í Barlestarskerjum í landi Húsatófta." segir í örnefnalýsingu. "Utan við Staðarklöpp er lítil klöpp, Vatnstangi, slétt að ofan og í henni miðri stendur járnbolti, ferkantaður, ca. 6" á kant og með ca. 4" gati í uppendanum. Utan með boltanum hefur verið rennt blýi. Bolti þessi er talinn vera frá kóngsverzlunartímanum, þegar skipin voru, sem kallað var, svínbundin." segir Guðsteinn Einarsson.

FRIDLÝSTAR MINJAR. "Festarstólpi úr járn, festur í klöpp við höfnina." friðlýst 25.10.1930, þinglýst 15.11.1938 - Fornleifaskrá, 13. "1903: Í Staðarlandi stendur boltinn enn óhaggaður, en mjög er hann rír orðinn ofantil og sænúinn. Hann er nú hið eina mannaverk, sem minnir á kaupstaðinn." segir Brynjúlfur Jónsson í Árbók.

**Heimildir:** SSGK, 136; Ö-Staður, 8; GB Mannlíf, 26; GE Frá Valahnúk, 20-21; BJ í Árbók 1903, 45.

**GK-028:015** *Þvottaklappir* heimild um þvottastað

"Ferskt vatn vætlar undan klettunum norðaustan Bjarnasands. Þar skoluðu húsfreyjurnar í Merki og á Löndum þvott sinn og þvoðu ullina. Voru klappirnar því nefndar Þvottaklappir." segir í örnefnalýsingu.

**Heimildir:** Ö-Staður, 7; GB Mannlíf, 25-26

**GK-028:016** *Skökk* heimild um lendingu

"Norðan í [Staðarklöpp] er Skökk, lítil vör. Mun nafnið dregið af því, að ekki er hægt að róa beint inn í hana úr Staðarsundinu, heldur verður að taka á sig mikinn sveig." segir í örnefnalýsingu. "Þar var fiskurinn stundum tekinn á land þegar vel stóð á sjó." segir Gísli Brynjólgsson í riti sínu um Staðhverfinga. "Að norðanverðu í Staðarklöpp voru tvær varir, þar sem skip lentu til að losa aflann; hétu Sökk og Litla-Vör." segir Guðsteinn Einarsson.

**Heimildir:** Ö-Staður, 8-9; GB Mannlíf, 26; GE Frá Valahnúk, 20-21.

**GK-028:017** *Staðarvör* heimild um lendingu

Fast norðan við Staðarklöpp er Staðarvör, flórlögð upp í sandinn. Á.V. og S.V.G. vita ekki með vissu hvenær hún var gerð, en telja sennilegast, að það hafi verið rétt upp úr síðustu aldamótum." segir í örnefnalýsingu. "Innan við Staðarklöpp er Staðarvör, þar sem bátarnir voru settir á land." segir Guðsteinn Einarsson.

**Heimildir:** Ö-Staður, 8; GB Mannlíf, 26; GE Frá Valahnúk, 20-21.

**GK-028:018** *Stekkjarklappar* örnefni stekkur

"Í framhaldi vestur af Flæðikróknum er nokkurt graslendi ofan við Staðarmalirnar. eru þar tveir hólar, nefndir Stekkjarklappar. fram af þeim eru klappir fram í sjó, nefndar Stekkjarnef, allbreitt. Sjór flæðir upp á það framan til. Norðvestan við Stekkjarklappa er dálítill pollur, nefndur Vatnsstæði." segir í örnefnalýsingu. "Í framhaldi vestur af Flæðikróknum er nokkurt graslendi ofan við Malirnar. Þar eru Stekkjarklappir og Stekkjarklappar. Benda nöfnin til þess að þar hafi stekkur Staðarprests verið fyrir eina tíð þótt nú sjái þess engin merki. framundan þeim skagar smáhraunhryggur fram úr Mölunum, sem heitir Stekkjarnef." GB Mannlíf.

**Heimildir:** Ö-Staður, 10; GB Mannlíf, 28

**GK-028:019** *Ræningjasker* sögustaður

"Fram af Staðarmölum er Ræningjasker, alltaf upp úr sjó. Þegar Tyrkir komu til grindavíkur 1927, lentu þeir skipi sínu við Ræningjasker." segir í örnefnalýsingu.

**Heimildir:** Ö-Staður, 10; GB Mannlíf, 28

**GK-028:020** varða mið

"Í eystri öxl [Þórðarfells] á vörðu að bera, sem er uppi í háhrauni, þannig að hálf varðan sé inn undir fellinu. Í þessari sömu stefnu eru tvær vörður á undirlendi. Þessu miði skal halda, þangað til tvær vörður, sem eru milli

Staðar og Húsatófta, bera saman. Þeim skal svo halda inn undir land, og skal þá beygja við, suður á við, í vörina."

"Þá koma Hvirflar; þar eru merki fyrir grunnleiðina inn á víkina. Þau sundmerki eru og landamerkjavörður milli Staðar og Húsatófta ..." GE Frá Valahnúk.

**Heimildir:** Ö-Staðarsund, 1; GE Frá Valahnúk, 20-21.

**GK-028:021** varða mið

"Í eystri öxl [Þórðarfells] á vörðu að bera, sem er uppi í háhrauni, þannig að hálf varðan sé inn undir fellinu. Í þessari sömu stefnu eru tvær vörður á undirlendi. Þessu miði skal halda, þangað til tvær vörður, sem eru milli Staðar og Húsatófta, bera saman. Þeim skal svo halda inn undir land, og skal þá beygja við, suður á við, í vörina."

"Þá koma Hvirflar; þar eru merki fyrir grunnleiðina inn á víkina. Þau sundmerki eru og landamerkjavörður milli Staðar og Húsatófta ..." GE Frá Valahnúk.

**Heimildir:** Ö-Staðarsund, 1; GE Frá Valahnúk, 20-21.

**GK-028:022** varða mið

"Í eystri öxl [Þórðarfells] á vörðu að bera, sem er uppi í háhrauni, þannig að hálf varðan sé inn undir fellinu. Í þessari sömu stefnu eru tvær vörður á undirlendi. Þessu miði skal halda, þangað til tvær vörður, sem eru milli Staðar og Húsatófta, bera saman. Þeim skal svo halda inn undir land, og skal þá beygja við, suður á við, í vörina."

"Þá koma Hvirflar; þar eru merki fyrir grunnleiðina inn á víkina. Þau sundmerki eru og landamerkjavörður milli Staðar og Húsatófta ..." GE Frá Valahnúk.

**Heimildir:** Ö-Staðarsund, 1; GE Frá Valahnúk, 20-21.

**GK-028:023** *Básar* þjóðsaga býli

"Þá [utan við Sölvabása] koma Flóabásar (kallast nú Hróabásar), eign Staðarkirkju. Þar skal hafa staðið bær og heitið í Básun."

ÁM hafði þetta eftir Eyjólfri Jónssyni á Þorkötlustöðum og öðrum gömlum Grindvíkingum 1703.

**Heimildir:** ÁM Chorographica, 48-50

**GK-028:024** heimild um lendingu

"Hróabásar eru við vestari [Staðar]bergsendann. Í þeim var flóruð vör og sjást hennar enn nokkur merki. Bendir það til þess að þarna hafi eitt sinn verið útræði, en um það eru engar skráðar heimildir - aðeins munnmæli. Í Sölvabásun áttu Húsatóftir sölvatekju." segir í örnefnalýsingu.

**Heimildir:** Ö-Staður, 11; GB Mannlíf, 29

**GK-028:025** tóft verbúð

"Fyrir innan Krossvíkur tekur við Háleyjaberg og þá Háleyjar. Þar voru talin góð fiskimið skammt undan landi, og rústir og tóttabrot uppi á kámpinum geta bent til þess, að þarna hafi fyrrum verið útræði. Um sjósókn frá Háleyjum eru þó engar öruggar heimildir, en hafi hún verið einhver, er líklegast, að útvegurinn hafi verið frá Húsatóttum. Húsatóttamenn áttu sölvatekju í Háleyjum, og er reyndar alls ekki loku fyrir skotið, að byrgistrústirnar séu leifar eftir þær athafnir. Þeir, sem á sölvafjöruna fóru, hafa að líkindum legið við þarna út frá og sjálfsagt þurrkað sölin, eftir því sem mögulegt var." segir í Sögu Grindavíkur I. Í örnefnalýsingu segir: "Talið er, að á Háleyjum hafi fyrrum verið útræði. Til þess benda m.a. kofarústir frammarlega á Háleyjabungu." sbr. GB Mannlíf, 30. Hið rétta um þessa rúst kemur fram í skýrslu Brynjúlfs Jónssonar frá 1903: "Þar er ágætur lendingarstaður. Skammt vestur frá Krossvíkum, en á landi er þar hraun eitt og ekkert einkennilegt. Að eins er þar ofurlítill rúst eftir sjóbúð, sem bygd var seint á 18. öld. Þá gjörði Grindvíkingur einn, er Jón hét, bæ í Vatnsfelli, þar sem nú er bær vitavardar, og hafði útræði frá Háleyjum. En það er langt frá Vatnsfelli, og gat hann ekki sótt sjó að heiman. Því bygði hann búðina. En honum reyndist ókleyft að lifa á þessu nýbýli sínu, og fór þaðan aftur eftir 2 ár. Síðan hefir Háleyjalenfing ekki verið notuð." Árbók 1903, 44. Leitað 1998 en ekkert fannst - starfsmaður í Saltverksmiðjunni sem segist mikið hafa gengið á þessu svæði kannst ekki við þessar rústir.

**Heimildir:** Saga Grindavíkur I, 24; Ö-Staður, 12; GB Mannlíf, 30; Árbók 1903, 44.

**GK-028:026** *Rafnkelsstaðaberg* örnefni býli

63°48.285N 22°40.005V

Um 1860: "Skarfasetur heitir hin yzta tá á Reykjanesi; þa er þar austur frá kallað Rafnkelsstaðaberg, þá Háleygjahæð ..." segir Magnús Grímsson í ritgerð um fornleifar á Reykjanesi. "Fyrir innan Básinn tekur við mishátt berg, 10-40 metra hátt. Það er oftast nefnt Krossvíkurberg, en Guðsteinn Einarsson kveðst einnig hafa heyrt það kallað Rafnkelsstaðaberg. ... Ekki er vitað til þess, að bæjarnafnið Rafnkelsstaðir hafi nokkur tíma

verið til í Grindavíkurbænum, og reyndar mun engin jörð á Suðurnesjum hafa heitið svo, nema Rafnkelsstaðir í Rosmhvalaneshreppi." segir í sögu Grindavíkur I. Einnig er getið um þennan stað í örnefnalýsingu: "... utar tekur við Krossvíkurberg, sem einnig er nefnt Hrafnkelsstaðaberg (Ath.: í frb. var það oft haft Hrakkelstaðaberg). Bendir nafnið til að þarna hafi einhvern tímann verið bær."

Gróðurlausir sjávarhamrar.

Brynjúlfur Jónsson getur örnefnisins í grein í Árbók 1903 og telur að þar hafi verið bær nefndur Hrafnkelsstaðir - Árbók 1903, 43-44. Engar fornleifar eru við Hrafnkelsstaðaberg.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Landnám Ingólfs II, 262; Saga Grindavíkur I, 22; Ö-Staður, 13; Ö-óbyggð Grindavíkur, 12; Árbók 1903, 43-44.

**GK-028:027** *Mölvík* þjóðsaga býli

1703: "Þá kemur Mölvík, Staðarkirkjueign. Þar skal og hafa verið bær og þar er vatnsból hjá." Um 1860: "... þá Mölvík, sem samnefndur bær á að hafa staðið við ..."

ÁM hafði þetta eftir Eyjólfri Jónssyni á Þorkötlustöðum og öðrum gömlum Grindvíkingum 1703.

**Heimildir:** ÁM Chorographica, 48-50; Landnám Ingólfs II, 262

**GK-028:028** *Sandvík* þjóðsaga býli

1703: "Þar næst Sandvík, Staðarkirkju eign, skal og hafa verið bær." segir í Chorographiu Árna Magnússonar. Um 1860: "... þá Háleygjahæð og Háleygjar, þá Sandgerði tvö við Sandvíkurnar." segir Magnús Grímsson í ritgerð um fornleifar á Reykjanesi. "Þarna er talið að hafi verið verbúð, jafnvel bær, fyrir eina tíð, enda má þetta kallast ein af fáum "byggilegum" stöðum á þessum auðnarslóðum." segir Gísli Brynjólfsson í bók sinni um Staðhverfinga. "Hvorki [Sigurður V. Guðmundsson] né [Árni Vilmundsson] kannast við að hafa heyrt talað um byggð í Sandvík." segir í örnefnalýsingu.

ÁM hafði þetta eftir Eyjólfri Jónssyni á Þorkötlustöðum og öðrum gömlum Grindvíkingum 1703.

**Heimildir:** ÁM Chorographica, 48-50; Landnám Ingólfs II, 262; GB Mannlíf, 29; Ö-Staður, 12

**GK-028:029** *Háleyjar* þjóðsaga býli

63°49.115N 22°38.053V

"Þá koma Háleyjar. Á Staðarkirkja þar hálfan viðreka en Viðeyjarklaustur hálfan, og hefur sá helmingur fylgt Húsatóftum fyrir þá almennilegu leiguna, sem annars af jörðinni gengur. Í Háleyjum skal hafa verið bær." hafði Árni Magnússon eftir Eyjólfri Jónssyni á Þorkötlustöðum og öðrum gömlum Grindvíkingum 1703.

Á sjálfri Háleyjabungu er grasgróður, en hún er þó minna en 1/3 er gróin og hvergi er bæjarstæði eða sýnilegt vatnsból. Algerlega gróðursnautt er austan og vestan við bunguna.

Engar fornleifar eru á þessum stað.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** ÁM Chorographica, 48-50

**GK-028:030** *Krossvík* þjóðsaga býli

63°48.583N 22°40.043V

"Stóra-Krossvík kemur þá. Hana eignar sér Staðarkirkja í Grindavík, en aðrir eigna hana Nesskirkju á Seltjarnarnesi og hefur nú Þorkell í Njarðvík af Nessmönnum rekann þar. Í Krossvík skal hafa verið bær." hafði Árni Magnússon eftir Eyjólfri Jónssyni á Þorkötlustöðum og öðrum gömlum Grindvíkingum 1703.

Algerlega gróðursnautt klettaströnd.

Brynjúlfur Jónsson getur örnefnisins í grein í Árbók 1903 og telur að bendi til byggðar áður en hraun runnu þar - Árbók 1903, 44.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** ÁM Chorographica, 48-50; Árbók 1903, 44.

**GK-028:031** *Herkistaðir* þjóðsaga býli

63°48.082 022°41.534V

"Þar næst [utan við Krossvík] eru Herkistaðir. Skal hafa verið bær, eign Staðarkirkju." hafði Árni Magnússon eftir Eyjólfri Jónssyni á Þorkötlustöðum og öðrum gömlum Grindvíkingum 1703.

Þverhnípti klettaströnd, gróðursnautt.

Engar fornleifar eru á þessum stað.

**Heimildir:** ÁM Chorographica, 48-50

**GK-028:032** *Skarfasetur* þjóðsaga býli

63°48.052N 022°41.919V

"Næst Herkistöðum er Skarfasetur. Skal hafa verið bær. Eigning er þar óviss. Þar er og gagnslaust öldungis, því þar er engin fjara. Á Skarfasetri halda menn hafa verið kirkju Reyknesinga og er það fremst á nesinu. Segja menn kirkjuna þaðan færða til Staðar í Grindavík og Grindvíkinga til forna hafa sótt kirkju til Hrauns. Þessa bæi meina menn til hafa verið alla áður en nesið brann. En nú er ekkert til baka nema brunahraun og sandar og er þar

engum amni byggjandi." hafði Árni Mganússon eftir Eyjólfí Jónssyni á Þorkötlustöðum og öðrum gömlum Grindvíkingum 1703.

Skarfasetur er gróðurlaus klettatöng og er á henni lítill viti.

Engar fornleifar eru á þessum stað.

**Heimildir:** ÁM Chorographica, 48-50

**GK-028:033** heimild um sundlaug

63°48.662N 022°42.376V

"... örskammt ofan við [Valahnúka] Mölina er gjá í hrauninu, sem heitir Valbjargargjá. Í henni var ylvolt vatn, og þar var gerð sundlaug um 1930. Laugin var um 30 fermetrar að stærð, og var börnum í Grindavík kennt þar sund. Sjór mun hafa gengið inn í gjána, því dýpi í lauginni fór eftir því, hvernig stóð á sjó. Nú er sundkennsla í gjánni löngu aflögð, en enn má sjá ummerki eftir hana, hlaðinn steinvegg og tröppur niður í vatnið." segir Jón Þ. Þór í Sögu Grindavíkur. 1998: Sundlaugin er syðst og vestast í túni frá vitavarábústað, um 10 m norðan við Sjólaug, um 250 m SSV við Reykjanesvita.

Í náttúrulegri sprungu.

Við austurenda sprungunnar hefur veggur verið hlaðinn upp með hraungrýti og myndar "U" á mótis við sprunguna. Gengið er niður í laugina norðantil á austurvegg. Hleðslan í norðurenda er 1,5 m há en þar er klöpp í botninn en suðurendi laugarinnar er 3m djúpur. Veggurinn í austurenda er um 0,7 m hærri en umhverfið en hefur þó tæplega verið vatnsheldur. Mjög sérstætt mannvirki.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Saga Grindavíkur I, 16-17; Saga Grindavíkur II, 242-43, 254-56

**GK-028:034** töft

63°49.106N 22°41.093V

Um 120 m VSV af Gunnhver 021, um 10 m sunnan við veginn að hverasvæðinu er töft vestan undir lágum hraunhól, grasi grónum.

Í hraundæld, grasi gróið hraun í kring. Hvarasvæði norðan og austan við.

Grjóthlaðin töft. Virðist að einhverju leyti hlaðin utan í náttúrulegan grjóthrygg og er há hundapúfa á austurlangvegg. Þelkan liggur í töftinni og hefur verið úr rofi og plötum úr sléttu járn. Tæplega mjög gamalt mannvirki og tengist sennilega búskap vitavará.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**GK-028:035** Gunnhver þjóðsaga

63°49.189N 22°41.042V

1841: "Hver er á Reykjanesi, Gunna kallaður, skammt eitt í landnorður af Grasfelli. Bullar hann og sýður í leireðju en ekkert sést tært vatn; er hverinn utan í hól; holan, sem sýður í með mörgum augum, er hér um 12-16 faðmar ummáls og niður að eðjunni fullkomnar þrjár álnir. Fremur líkist hver þessi bullandi feni en nokkrum vatnshver og öldungis ólíkur öllum þeim hverum, ég séð hefi í Borgarfirði, Biskupstungum og Laugardal." - "Um Hveravelli, sem eru norðaustur frá vitanum, er Gunnhver, sem mun vera hérna megin merkjanna. Hann er kenndur við Guðrúnu sálu Guðrúnu Ónundardóttur, sem steypiti sér þar niður á leið yfir í eilífðina." Gunnhver er vel merktur og auðfundinn. Gert hefur verið bílastæði skammt sunnan við hann og gönguleið að honum og pallur við hann.

1860: "Hverir eru hér út á Reykjanesi fæstir mjög stórir og gjósa ei hátt. [. . .] Einn hverinn er stærstur; í honum krakkar eins og katli. Sá hver er kallaður Gunnhver. . . Í þessum hver endaði afturgangan Gunna eftir að hún var búin að ganga aftur um hríð og valda skaða meðal manna. Upphaf sögunnar var það að prestur nokkur átti í útistöðum við Gunnu sem síðan dó og hóf að ásækja fólk og sérstaklega prest og konu hans. Hún dró bæði hjónin til dauða áður en menn tóku sig saman, fóru til Eiríks í Vogsósum sem gaf þeim hnoða og sagði þeim að láta Gunnu taka í. Það gerðu þeir og Gunna elti hnoðann ofan í Gunnhver og sást ekki síðar." - MG. "... gufuhver einn mikill skammt frá [Gunnhver] er kominn þar upp á þessari öld ... Rétt hjá "Gunnu" er tölverð fúlga af hreinni kísilsýru (kísill), sem lengi var kölluð postulínsnáma, af því að menn hugðu það vera postulín, en lítill arður hefir enn orðið af henni." Bjarni Sæmundsson: Suðurkjálkinn, ÁFÍ 1936, 40. Vilhjálmur Jónsson á Kirkjubóli (d. 1706) átti í útistöðum við kerlingu eina, Guðrúnu Ónundardóttur, út af potti sem hann átti að hafa tekið hjá henni, líklega upp í skuld. Heitaðist hún við hann. Vilhjálmur var viðstaddur grefrun hennar en fannst dauður, blár og beinbrotinn á víðavangi daginn efti. Var prestur fenginn til að vaka yfir líkinu en þóttist eiga fullt í fangi við að verja það fyrir ágangi kerlingar. Afturgangan magnaðist mjög og næst dó ekkja Vilhjálms en fólk sem fór um þar sem lík hans fannst annaðhvort viltist eða varð vitstola. Þegar afturgangan var orðin svo mögnuð að menn sáu hana fullum sjónum voru sendir menn til séra Eiríks í Vogsósum en þegar þeir fóru af stað aftur frá honum fékk hann þeim hnoða sem þeir skyldu láta Gunnu taka í lausa endann á. Sagði hann að hnoðað mundi þá sjálft velta þangað sem hún mætti vera að ósekju. Sendimenn fóru þá heim og gerðu eins og fyrir þá var lagt. Þegar Gunna tók í lausa endann á hnoðanu valt það af stað en hún á eftir. Sást það seinast til að hvort tveggja hnoðað og Gunna, steiptist ofan í hver þann suður á Reykjanesi sem síðan er kallaður Gunnhver. Sumir segja að hnoðað færi ofan í hverinn, en Gunna héldi í endann; var endinn svo langur að Gunna gat staðið hálfbogin uppi á hverbarminum og trítlar hún þannig einatt til og frá kringum hverinn á

blábrúninni hálfbogin. Tveir eru hveririnn og er annar stærri en annar; greinir menn á um það hver hverinn það er. JÁM III, 508-510

**Heimildir:** SSGK, 142-43; MG í Landnámi Ingólfs; Ö-Kalmanstjörn, 4; JÁM III, 508-510

**GK-028:036** heimild um traðir

"Traðirnar eru einu leifarnar sem sjáanlegar eru á yfirborði eftir gamla bæinn á Stað. Þær liggja norðan við kirkjugarðinn í átt að NV horni hans." AS Staður, 14

**Heimildir:** AS Staður, 14

**GK-028:037** heimild um sjóbúð

"Sjóbúð fylgdi Stað fram undir síðustu aldamót. Mun hún hafa verið allt frá þeim tíma, er Skálholtsstóll hélt úti skipi þaðan á fyrri öldum, a.m.k. öðru hverju. Var það eitt af skilyrðum við veitingu brauðsins, að ef formenn Skálholtsstaðar vildu láta skip ganga úr Staðarvör skyldi þeim frjálst uppsátur, búð, vergögn (garðar til að herða fiskinn á) fyrir eit teinært skip og þaðan af minna. ... Í seinni úttektum er búð þessi talin sem eitt af Staðarhúsum, en hefur minnkað. Sr. geir Bachmann talar um áttæringssjóbúð og í úttekt frá 1838 segir: 'Sjómannaþúð fylgir jörðinni með sex rúmum, 8 stoðum, 2 langböndum með gisnu árefti en veggirnir kommir út en gaflaðið fallið.' ... Eitthvað hefur verið lappað upp á hna síðar, því að þegar sr. Oddur tók við Stað í fardögum 1879 var búðin með 6 rúmum í góðu standi, en er hann fór þaðan 15 árum síðar er sjóbúðin niðurlögð og heyhlaða komin í staðinn." GB Mannlíf.

**Heimildir:** GB Mannlíf, 42-43

**GK-028:038** *Litlavör* heimild um lendingu

"Að norðanverðu í Staðarklöpp voru tvær varir, þar sem skip lentu til að losa aflann; hétu Sökk og Litla-Vör."

**Heimildir:** GE Frá Valahnúk, 20-21.

**GK-028:039** *Hús Ólafs Sighvatssonar* heimild um bústað

Í úttekt frá 1657 er ein af hjáleigum Staðar kölluð Hús Ólafs Sighvatssonar. Ekki er vitað hvar það stóð.

Húsaskipan er lýst svo í úttektinni: "Búrið með nýjum bita vænum, sterkt og stæðilegt með tveimur dyrastöfum, göngin stæðileg með tveim bitum litlum og einum sperrum (sic). Baðstofan vel stæðileg með 4 bitum og 4 sprerrum og 7 stöfum. Skálinn með fjórum bitum og sperrum og 10 stöfum. Göngin fram af skálanum með 2 dyrastöfum og sterkri greinhurð og göngin stæðileg með einum bita og 2 dyrastöfum." (Bps A II-9)

**Heimildir:** Saga Grindavíkur I, 104.

**GK-028:040** *Hús Daða Símonssonar* heimild um bústað

Í úttekt frá 1657 er ein af hjáleigum Staðar kölluð Hús Daða Símonssonar. Ekki er vitað hvar það stóð.

**Heimildir:** Saga Grindavíkur I, 104.

**GK-028:041** heimild um bústað

Í úttekt frá 1657 er getið einnar nafnlausrar hjáleigu sem ekki er vitað hvar stóð

**Heimildir:** Saga Grindavíkur I, 104.

**GK-028:042** heimild um bústað

Í úttekt frá 1657 er getið einnar nafnlausrar hjáleigu sem var í eyði og er ekki vitað hvar hún stóð

**Heimildir:** Saga Grindavíkur I, 104.

**GK-028:043** *Vestur-Hjáleiga* heimild um bústað

Í úttekt frá 1657 er getið Vestur-Hjáleigu "sem virðist hafa staðið í hlaðvarpanum á Beinróu."

**Heimildir:** Saga Grindavíkur I, 104.

**GK-028:044** *Gjábakki* heimild um bústað

Í manntali 1801 er Gjábakki talin ein af fjórum hjáleigum frá Stað.

**Heimildir:** Saga Grindavíkur II, 13.

## **GK-029 Móakot**

Hjáleiga frá Stað. Fyrst er getið um byggð í Móakoti 1822 en býlið fór í eyði 1945. 1869-70 voru tvö Móakot, efra og neðra - GB Mannlíf, 58. Móakot stóð á svipuðum stað - þó ekki sama - og Krókur á 18. öld og má líta á

Máokot sem framhald byggðar í Króki - Saga Grindavíkur II, 38.

**GK-029:001** *Móakot* heimild um býli

1840: "Móakot, vestan til í Staðartúni" segir í sóknarlýsingu. "Móakot var u.þ.b. 150-200 m í vestur frá Stað. Garður var á milli túnanna. Nú er hann horfinn og túnið sameinað." segir í örnefnalýsingu. "[núv. íbúðarhús úr steini] stendur hátt á barðinu vestast í Staðartúni ... Hið næsta er gróið tún og grasmóar niður að sjávarkambinum, sem ver þennan dýrmæta gróðurblett fyrir ágengi hafsins. Bærinn stendur uppi fyrir miðri Staðarbótinni, víkinni, sem liggur opin til hafs milli Staðarmalar og Gerðistanga." GB Mannlíf, 57-58. Hafði grasnyt. Steinhús byggt 1931.

**Heimildir:** SSGK, 134; Ö-Staður, 4; Túnakort 1918; GB Mannlíf, 57-58; Saga Grindavíkur II, 38-39.

**GK-029:002** heimild um túngarð

"Móakot var u.þ.b. 150-200 m í vestur frá Stað. Garður var á milli túnanna. Nú er hann horfinn og túnið sameinað." segir í örnefnalýsingu. Garður er ekki sýndur milli Staðar og Móakots á túnakorti frá 1918.

**Heimildir:** Ö-Staður, 4

### **GK-030 Garðar (Stóragerði)**

Hjáleiga frá Stað. Getið er um mann fæddan í Stóragerði 1745 en búskapar þar er fyrst getið 1786 og var búið þar til 1919. Litlagerði hét hjáleiga sem braut í Básendaveðrinu 1799 en 1851 er aftur byggð hjáleiga með því nafni og var þar búið til 1914.

**GK-030:001** *Stóragerði* heimild um býli

1840: "Stóragerði, í landsuður frá Stað, fram á Gerðistöngum." segir í sóknarlýsingu. "Staðargerði eða Stóragerði stóð niður á svonefndum Gerðistöngum, u.þ.b. 250 m suður frá Löndum. Venjulega var það bara nefnt Gerði."

Hafði grasnyt. "Enn sjást bæjarrústir Stóragerðis vel og bera glöggan vott um hífli þar og húsaskipan .... Heim að þessum fornu, grónu rústum liggja fagurlega hlaðnar traðir í mjúkum boga. Fram af bænum hefur verið traustlega hlaðinn kálgarður. Á bæjartóftunum sést að þetta hefur verið reisulegur bær og rúmgóður. Steinlímdir kampar baðstofunnar standa að nokkru leyti enn og bera þögult en greinilegt vitni um mannlíf fortíðarinnar á þessum bæ ..." GB Mannlíf, 68-69

**Heimildir:** SSGK, 134; Ö-Staður, 4; Túnakort 1918; GB Mannlíf, 68-71; Saga Grindavíkur II, 40-42.

**GK-030:002** heimild um útihús

Útihús austast í Stóragerðistúni

**Heimildir:** Túnakort 1918

**GK-030:003** *Litlagerði* heimild um býli

1840: "Í [Básendaflóðinu 1799] braut sjórinn líka Litlagerði; var það á töngunum fyrir vestan Stóragerði, sem við það byggðist; þar, sem Litlagerðishúsin stóðu, er nú hár og stórgrýttur malarkampur." segir í sóknarlýsingu. "Litlagerði var u.þ.b. 70-100 m í vestur frá Staðargerði, þar í túnjaðrinum." segir í örnefnalýsingu. Á túnakorti frá 1918 er sýndur kálgarður og rústir þar sem Litlagerði var með athugasemdinni "Flúið af sjógangi."

Þurrabúð

**Heimildir:** SSGK, 134; Ö-Staður, 4; Túnakort 1918; Saga Grindavíkur II, 45.

### **GK-031 Kvíadalur**

Hjáleiga og tómhús frá Stað. Getið er um menn fædda í Kvíadal 1767 og 1786 og þar var búið skv. manntali 1801 en býlið virðist hafa lagt í eyði eftir það og ekki verið byggt á ný fyrr en 1829 til 1833 en þá aftur í eyði til 1845. Sú byggð stóð aðeins í eitt ár en aftur var búið í Kvíadal 1847 og svo samfleytt til 1919 að býlið lagðist endanlega í eyði - GB Mannlíf, 66-67, Saga Grindavíkur II, 13.

**GK-031:001** *Kvíadalur* heimild um býli

1840: "Kvíadalur; þar eru að sönnu tómhús, sem 1837 voru byggð, en stendur nú í auðn aftur. Býli þetta er í suður frá Stað." segir í sóknarlýsingu

**Heimildir:** SSGK, 135; Saga Grindavíkur II, 42-43.



### 3. Niðurstöður

3.1. *Helstu tegundir menningarminja og ástand þeirra.* Alls hafa verið skráðar upplýsingar um 311 fornleifastað í Grindavíkurkaupstað. Einnig er vitað um 35 staði í þeim hluta Krýsuvíkurlands sem tilheyrir Hafnarfjarðarkaupstað.

Staðirnir skiptast þannig milli jarða:

Krýsuvík með heimahjáleigum	28 (63)
Vigdísarvellir og Bali	3
Ísólfsskáli	26
Hraun	36
Þorkötlustaðahverfi	39
Hóp	25
Járngerðarstaðahverfi	64
Húsatóftir	40
Staðarhverfi	50
Samtals	311 (346)

Miðað við hversu stórt landsvæði tilheyrir Grindavíkurkaupstað eru þetta ekki margir staðir. Það helgast af því að stærsti hluti svæðisins er gróðurlaus hraun og auðnir þar sem aðstæður til búsetu eru ekki góðar.

Fornleifar er fyrst og fremst að finna í hinum fornu túnnum jarðanna (bæjarstæði, útihús) og meðfram ströndinni næst býlunum (sjóbúðir, verbúðir, varir, fiskbyrgi og –garðar). Á milli bæja og í óbyggðum er helst að finna leifar um samgöngur til forna, ruddar leiðir, vörður o.fl. Nokkur sel eru þó í norðurhlíðum fjallgarðsins sem liggur eftir Reykjanesi og eru það einu umtalsverðu mannvirkjaleifarnar utan hinna fornu túna. Undantekningarnar frá þessari mynd eru allt staðir sem teljast sérstakir og jafnvel einstakir, og eru margir þeirra friðlýstar fornleifar.

Friðlýstar minjar í Grindavíkurkaupstað eru þessar:

#### **Krýsuvíkurland:**

Kerlingar, 3 dysjar undir Geitahlíð

Forn mannvirki í Húshólma í Ögmundarhrauni

Forn mannvirki í Óbrennishólma í Ögmundarhrauni

Verstöðin á Selatöngum

**Hraun:**

Rúst í Kapellulág

**Hóp**

Goðatóft á hlaðinu

**Húsatóftir**

Byrgi í Sundvörðuhrauni

**Staður**

Festarstólpi í Bindiskeri

Rústirnar í Húshólma eru frá upphafi byggðar á Íslandi og forn mannvirki hafa einnig fundist djúpt í jörð í bæjarhólum á Þorkötlustöðum. Víst má telja að byggð hafi verið komin mjög snemma í byggðahverfunum fjórum í hinum forna Grindavíkurreppi og að á öllum þeim stöðum sé að finna forn mannvirki undir sverði.

Við skráninguna er stuðst við tvennskonar flokkun fornleifa. Annarsvegar er flokkað eftir tegund en með því er reynt að ákvarða hvers eðlis fornleifarnar eru, t.d. hvort um er að ræða tóft, garðlag eða þjóðsögustað. Slíka flokkun er ekki hægt að gera að fullu nema með vettvangsathugunum. Við svæðisskráningu eru flestir staðir flokkaðir sem “heimild” þar sem ekki er hægt að ákvarða um hverskonar leifar er að ræða eða hvort þær eru enn sýnilegar.

Tafla 1. gefur því ekki nema takmarkaða hugmynd um tegundir fornleifa í Grindavíkurkaupstað:

Tafla 1. Tegundir fornleifa í Grindavíkurkaupstað

álagablettir	2	lindir	4
áletranir	2	mannvirki	1
bæjarhólar og		náttúrumin	1
bæjarstæði	50	sögustaður	1
dysjar	3	tóftir	8
garðlög	9	vörður	16
heimild	191	vegur	1
hellar	2	þjóðsögust.	14
kirkjugarður	1	þúst	1
		örnefni	35

Meira gagn er af flokkun fornleifa eftir hlutverkum, en þar er í flestum tilfellum byggt á heimildum frá 19. og 20. öld, en einnig má draga ályktanir um hlutverk af örnefnum og lögum mannvirkja. Heimildirnar gefa hinsvegar ekki rétta mynd af hlutföllum milli mismunandi tegunda mannvirkja, t.d. eru til miklu betri heimildir um bústaði en hjalla, sjóbúðir og fiskbyrgi og er líklegt að þeir flokkar muni aukast mjög við vettvangsathuganir.

Tafla 2. Hlutverk fornleifa í Grindavíkurkaupstað

óþekkt	59	lendingar	20
aftökustaður	1	mið	3
áfangastaður	1	nátthagi	1
áveita	1	refagildra	1
brennisteinsnáma	1	réttir	7
brunnar	7	samgöngubætur	5
bústaðir	24	sel	8
býli	59	sjóbúðir	5
bænhús	1	smalakofi	1
draugar	3	smiðja	1
eyktamörk	2	stekkir	10
fjárskýli	4	sundlaug	1
fjós	1	traðir	1
herslubyrgi	2	túngarðar	5
herslugarður	1	uppsátur	2
hesthús	1	útihús	34
heygarður	1	útilegumannabúst.	1
hjallar	2	varnargarður	1
huldufólksbústaðir	4	vatnsból	1
kirkja	2	verbúð	3
kvíar	6	verslunarstaðir	2
landamerki	7	vígi	1
legstaðir	4	þvottalaug	1
leiðir	29	þvottastaðir	5

### 3.2. Verndun og kynning minja í Grindavíkurkaupstað. Menningarsöguleg sérstaða

Grindavíkurkaupstaðar er mikil og kallar sú sérstaða á árvekni um þær menningarminjar sem þar er að finna og gefur jafnframt möguleika á nýtingu þeirra sem ekki bjóðast annarsstaðar.

Sérstaðan byggir á því að náttúrufar um sunnanvert Reykjanes einkennist af eldvirkni og skorti á jarðvegi sem gróður getur þrífist í. Af þeim sökum byggðist búseta og búskapur í Grindavík ekki á nýtingu úthaga eins og víðast annarsstaðar á Íslandi, heldur á fiskveiðum og ræktun túna og akra. Þrátt fyrir skort á moldarjarðvegi hafa aðstæður til ræktunar verið

ágætar og byggir það sennilega annarsvegar á því að sendin jarðvegur hentar vel til jarðyrkju og nægan áburð hefur verið að hafa í fjöruborðinu. Af miðaldaheimildum er ljóst að akuryrkja hefur verið umfangsmikil í Grindavík og kálgarðaræk virðist hafa verið þar með miklum blóma á 19. öld. Minjar um þessa ræktun eru yfirleitt ekki mjög sýnilegar en mikilsvert væri að kanna hvort einhverjar slíkar minjar sé að finna í Grindavík.

Vetrararbeit í fjörum gerði Grindvíkingum kleift að hafa sauðfé en þar sem sumarhagar voru engir varð að fara með féð í sel á sumrin. Haft var í seli frá bæjum í Grindavík fram yfir miðja 19. öld og sjást víða umfangsmiklar seljarústir sem vert er að vekja athygli á.

Fiskveiðar hafa þó ávallt verið meginatvinnugrein Grindvíkinga og eru í Grindavík miklar leifar eftir árabátaútgerð og forna fiskverkun. Verstöðin á Selatöngum er frábærlega vel varðveitt dæmi um lítið útver frá seinni öldum en þar fyrir utan eru víða manngerðar varir, uppsátur, sundvörður, fiskbyrgi og fiskgarðar sem mikilsvert væri að kortleggja og kynna fyrir almenningi.

Vegna aukins mikilvægis fiskveiða og fiskútflutnings eftir 1300 varð Grindavík verslunarstaður og breyttist á síðmiðöldum úr útkjálka í eina af helstu verslunar- og fiskvinnslumiðstöðvum landsins. Lítið er vitað um verslunarumsvif þar á 14. og 15. öld en í byrjun þeirrar 16. höfðu enskir kaupmenn þar bækistöð sína, en eftir Grindavíkurstríðið 1532 tóku þýskir kaupmenn við verslun þar. Bent er á leifar sem þeim gætu tengst á Gerðavöllum vestan við Járngerðarstaði og er þar mikilvægur framtíðar-rannsóknarstaður.

Þegar danskir kaupmenn fóru að versla í Grindavík á einokunartímanum færðu þeir verslunarstaðinn í Staðarsund og sjást þar enn minjar um starfsemi þeirra.

Áætlanir um kynningu á menningarminjum í Grindavíkurkaupstað gætu því byggt á þessum þremur atriðum:

- \* Forn og ný jarðrækt
- \* Útgerð
- \* Verslun

Þar fyrir utan er sjálfsagt að merkja fornar leiðir sem margar eru á svæðinu, sem og sel og

önnur mannvirki sem á þeim eru, sem lið í eflingu útivistar á svæðinu.

Skipuleg kynning menningarminja byggist á vettvangsathugunum á fornleifum (aðalskráningu) en á grundvelli hennar væri hægt að merkja staði, gera þá aðgengilega og dreifa upplýsingum um þá til ferðafólks, skólabarna og annara.

Kynning á menningarminjum getur átt við einstaka staði og rústir, t.d. kapelluna í Kapellulág en þar sem aðstæður eru fyrir hendi er vænlegast að skilgreina heil svæði þar sem hægt er að kynna menningarminjar í samhengi við hverja aðra og hið náttúrulega umhverfi. Í Grindavík – eins og víðast annarsstaðar á Íslandi þar sem búið er á annað borð – hefur stór hluti fornleifa skemmt eða eyðilagst með öllu í framkvæmdum á 20. öld. Í Grindavík á þetta einkum við Járngerðarstaðahverfi, Hóp og Þorkötlustaðahverfi. Hinsvegar lagðist Staðarhverfi í eyði skömmu eftir miðja 20. öld og þar er því mögulegt að aðstæður séu til að kynna horfið búsetulandslag, verslun og útgerð á einum stað.

Fornleifauppgröftur er ekki nauðsynleg forsenda fyrir slíkri kynningu en vissulega eru margir spennandi rannsóknarstaðir í Grindavíkurkaupstað. Má þar einkum nefna Húshólma, Gerðavelli við Járngerðarstaðahverfi og minjar um jarðyrkju, búsetu, útgerð og verslun í Staðarhverfi. Að fornleifaskráningu lokinni verður hægt að meta hvort ástæða sé til rannsókna á Selatöngum, Járngerðarstaða- og Þorkötlustaðahverfum.

#### 4. Heimildaskrá

**AS Járngerðarstaðir:** Agnes Stefánsdóttir: *Járngerðarstaðir í Grindavík og hjáleigur.*

*Fornleifaskráning* (Rannsóknarskýrslur Þjóðminjasafns Íslands 2001: 6)

**AS Staður:** Agnes Stefánsdóttir: *Staður í Grindavík. Fornleifaskráning* (Rannsóknarskýrslur Þjóðminjasafns Íslands 1999:8).

Árni Magnússon: *Chorographica Islandica* (Safn til sögu Íslands, annar flokkur I, 2), Rv. 1955.

Brynjúlfur Jónsson. "Rannsókn í Gullbringusýslu og Árnessýslu sumarið 1902." *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1903*, 31-52.

**FEB:** *Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar um ferðir þeirra á Íslandi árin 1752-1757 I-II*, Rv. 1943.

**FF:** *Frásögur um fornaldarleifar 1817-1823*, Sveinbjörn Rafnsson gaf út, Rv. 1983.

**Fornleifaskrá:** Ágúst Ó. Georgson. *Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar*, Rv. 1990.

**FSP:** Sveinn Pálsson: *Ferðabók Sveins Pálssonar. Dagbækur og ritgerðir 1791-1797*, Rv. 1945.

**GB Mannlíf:** Gísli Brynjólfsson: *Mannlíf mikilla sæva. Staðhverfingabók*, Rv. 1975.

Guðrún Gísladóttir: *Gróður, jarðvegur og mannvistarminjar í Reykjanesfólkvangi. Ástand og tillögur til úrbóta*, (án útgst.) 1993.

**GE Frá Valahnúk:** Guðsteinn Einarsson: "Frá Valahnúk til Seljabótar." *Frá Suðurnesjum*, Rv. 1960.

Haukur Jóhannesson & Sigmundur Einarsson: 'Krisuvíkureldar I. Aldur Ögmundarhrauns og miðaldalagsins.' *Jökull* 38 (1988), 71-87.

Holland, Henry: *Dagbók í Íslandsferð*, Steindór Steindórsson þýddi, Rv. 1960.

Hooker, William Jackson: *Ferð um Ísland 1809*, Arngrímur Thorlacius þýddi, (án útgst.) 2000.

**JÁM:** *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín 1-11, Kh. 1913-43; 12-13 Rv. 1990.*

**JJ:** Johnsen, J. *Jarðatal á Íslandi*. Kaupmannahöfn, 1847.

Jón Jónsson: "Um Ögmundarhraun og aldur þess." *Eldur er í norðri. Afmælisrit helgað Sigurði Þórarinssyni sjötugum 8. janúar 1982*, Rv. 1982, 193-97.

Jónas Hallgrímsson: *Ritverk Jónasar Hallgrímssonar I-IV*, Reykjavík 1989.

Kristján Eldjárn: "Kapelluhraun og Kapellulág. Fornleifarannsóknir 1950-1954." *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1955-1956*, 5-34.

- Kristján Eldjárn: "Athugasemd um Kapellulág í Grindavík." *Árbók hins íslenska fornleifafélags* 1979, 187-88.
- Lúðvík Kristjánsson: *Íslenzkir sjávarhættir* I-V, Reykjavík 1980-86.
- Ólafur Briem: *Útilegumenn og auðar tóttir*, Rv. 1959.
- Ólafur Þorvaldsson: *Harðsporar*, Reykjavík 1951.
- ÓO:** Ólafur Olavius: *Ferðabók: landshagir í norðvestur-, norður-, og norðaustursýslum Íslands 1775-1777* I-II, Steindór Steindórsson þýddi, Rv. 1964-65.
- Saga Grindavíkur I:** Jón Þ. Þór: *Saga Grindavíkur I. Frá landnámi til 1800*, Grindavík 1994.
- Saga Grindavíkur II:** Jón Þ. Þór og Guðfinna M. Hreiðarsdóttir: *Saga Grindavíkur II. 1800-1974*, Grindavík 1996.
- SSÁ:** Árnassýsla. *Sýslu- og sóknarlýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1843 og lýsing Ölfushrepps anno 1703 eftir Hálfván Jónsson*, Rv. 1979.
- SSGK:** *Sýslulýsingar og sóknarlýsingar*, (Landnám Ingólfs. Safn til sögu þess III) Rv. 1937-39.
- Suðurstrandarvegur:** Bjarni Einarsson: *Suðurstrandarvegur. Álitsgerð um fornleifar*, Reykjavík 2000.
- Sveinbjörn Rafnsson: "Um aldur Ögmundarhrauns." *Eldur er í norðri. Afmælisrit helgað Sigurði Þórarinssyni sjötugum 8. janúar 1982*, Rv. 1982, 415-24
- Túnakort, Þjóðskjalasafn Íslands.
- Þorvaldur Thoroddsen: *Ferðabók. Skýrslur um rannsóknir á Íslandi 1882-1898* I-IV, Rv. 1913-15.
- Ö-Hóp ath:** Athugasemdir við örnefnaskrá Hóps. Sigríður Jóhannsdóttir skráði. Örnefnastofnun Íslands.
- Ö-Hóp:** Örnefnaskrá Hóps. Ari Gíslason skráði. Örnefnastofnun Íslands.
- Ö-Hraun AG:** Örnefnaskrá Hrauns. Ari Gíslason skráði. Örnefnastofnun Íslands.
- Ö-Hraun LJ:** Örnefnaskrá Hrauns. Loftur Jónsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.
- Ö-Húsatóftir:** Örnefnaskrá Húsatófta. Upphaflega skráð af Ara Gíslasyni en endurunnin af Kristjáni Eiríkssyni. Örnefnastofnun Íslands.
- Ö-Ísólfskáli AG:** Örnefnaskrá Ísólfskála. Ari Gíslason skráði. Örnefnastofnun Íslands.
- Ö-Ísólfskáli svör:** Svör við spurningum um örnefnaskrá Ísólfskála. Ísólfur Guðmundsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.
- Ö-Ísólfskáli:** Örnefnaskrá Ísólfskála. Loftur Jónsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.
- Ö-Járngerðarstaðir AG:** Örnefnaskrá Járngerðarstaða. Ari Gíslason skráði. Örnefnastofnun Íslands.

**Ö-Járngerðarstaðir ath:** Athugasemdir við örnefnaskrá Járngerðarstaða. Sæmundur Tómasson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

**Ö-Vesturháls:** Örnefnaskrá Vesturháls. Ísólfur Guðmundsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

**Ö-Porkötlustaðir AG:** Örnefnaskrá Porkötlustaða. Ari Gíslason skráði. Örnefnastofnun Íslands.

**Ö-Porkötlustaðir LJ:** Örnefnaskrá Porkötlustaða. Loftur Jónsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

**Ö-Porkötlustaðir NN:** Örnefnaskrá Porkötlustaða. [Án skrásetjara]. Örnefnastofnun Íslands.